




**SHALDOR**  
skoðun 12

**2 SÉRBLÖÐ**  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



**Einn af mið-**  
**punktum sýningar**  
Studio Granda tekur þátt í  
sýningunni New Nordic.  
**fólk 2**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

30. júlí 2012  
177. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt prófmiðlokörnum Capacent Gallup júlí - mars 2012




**Aðdáendur gráta**  
Samband Kristen Stewart  
og Roberts Pattinson hangir  
á bláþræði.  
**popp 22**

**Upplifa vonleysi**  
Sólveig Jónsdóttir  
rannsakaði hörmungarnar  
í Bosnía og Hersegóvínu.  
**viðtal 10**



**Haraldur og Valdís unnu**  
Mikil dramatík var á  
Íslandsmóttinu í höggleik.  
**sport 26**

## veðrið í dag



**VÆTA V-TIL** Í dag verður dáltil  
rigning eða súld V-til en styttr  
upp síðdegis. Stöku skúr S- og  
A-til en bjartara N-lands. A eða  
SA 3-8 m/s en að 10 m/s NA-til.  
Hiti 10-20 stig.

**VEÐUR 4**

# Barnabætur og fæðingar- orlofsgreiðslur hækkaðar

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir vinnu hafna við að finna hærri barnabótum og fæðingarorlofsgreiðslum stað í nýjum fjárlögum. Barnafjölskyldur fá forgang þegar færi gefst til frekari útgjalda.

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur áform um að lengja fæðingarorlof og hækka barnabætur á fjárlögum næsta árs. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir það hafa verið til umræðu í ríkisstjórn hvernig nýta eigi hugsanlegt svigrúm í ríkisfjármálum á næsta fjárlagaári.

„Það er þrennt sem við erum með augun á: barnabæturnar, fæðingarorlofið og vaxtabætur fyrir þá sem eru í verstri stöðu að því er varðar greiðsluvanda,“ segir Jóhanna.

Hún segir samstöðu um það í ríkisstjórninni að barnafjölskyldur fái forgang þegar færi gefst. Hún

bendir jafnframt á að stefnt sé að því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum árið 2014. „Við höfum reynt að hlífa velferðarmálunum eins og kostur er í gegnum þessar þrengingar og náð mjög miklum árangri. Við sjáum fram á að það muni skýrast á næstunni hvort við getum gert eitthvað í barnabótum og fæðingarorlofi.“

Barnabætur og fæðingarorlof hafa lækkað í kjölfar kreppunnar. Til marks um það höfðu hámarks-greiðslur Fæðingarorlofssjóðs lækkað um 235 þúsund krónur frá því í lok árs 2008 þar til í upphafi árs 2010 þegar greiðslurnar námu 300 þúsund krónum.

**235** þúsund krónur er upphæðin sem hámarks-greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafa lækkað um frá lokum árs 2008.

Guðbjartur Hannesson sagði í apríl á þessu ári að hann byggist við því að kynntar yrðu breytingar á fæðingarorlofinu samhliða fjárlagafrumvarpi í haust.

Spurð hvort formleg vinna sé hafin við þessar breytingar segir Jóhanna: „Jú jú, hún hefur verið í undirbúningi og það er farið að

leggja línur í því sem ég hef nefnt. Ég geri ráð fyrir því að við sjáum þessu stað í fjárlagafrumvarpinu sem lagt verður fram í september.“

„Þá yrðu settir auknir fjármunir í barnabætur og líka í hækkan á greiðslum í fæðingarorlofi. Ég er að vona að við getum stigið skref áfram í þessu máli.“

Jóhanna segir ástæður þess að barnafjölskyldur fái forgang vera að þæri eigi í mestum vandræðum. „Mesti vandinn er hjá stórum barnafjölskyldum og það er frekar greiðsluvandi heldur en skuldavandi sem hrjáir þær.“

- bph / sjá síðu 13



**LÍF OG FJÖR Í LUNDÚNUM** Það er óhætt að segja að það sé góð stemning í Lundúnaborg þessa dagana enda standa Ólympíuleikarnir sem hæst. Þessir Ástralir gerðu sér í það minnsta dagamun í miðborginni í gær. Ragna Ingólfssdóttir badmintonkona hefur leik á leikumum í dag og þá keppir Eycló Ósk Gústafsdóttir í 200 metra fjórsundi. **Sjá síðu 24.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kanadabúi slapp ómeiddur: Fékk í sig skot á músaveiðum

**DÝRALÍF** Kanadískur maður var heppinn að komast lífs af þegar skot hljóp úr riffli hans þegar hann var að eltast við mús.

Dale Whitemell, fjörtutíu ára gamall fjölskyldufaðir, reyndi að krenja mús með skeftinu á riffli sínum þegar hann gisti í tjaldi á Wawa-svæðinu í Ontario. Hann hafði hins vegar ekki gert sér grein fyrir því að byssan var hlaðin og varð því heldur brugðið þegar skot hljóp úr byssunni og straukst við enni hans.

Að sögn lögreglunnar á Wawa-svæðinu slapp Whitemell með skrekkin. Hann var fluttur á nærliggjandi sjúkrahús en var útskrifaður stuttu síðar enda bara með skrámur á enninu. Hann á yfir höfði sér kærur fyrir gáleysislega meðferð á skotvopni.

„Hann var mjög heppinn,“ var haft eftir talsmanni lögreglunnar. Ekki er vitað um afdrif músarinnar.

Forstjóri Útlendingastofnunar segir málshraða ekki munu aukast undir eins:

## Ná markinu í fyrsta lagi í lok 2013

**ÚTLENDINGAMÁL** Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, segir markmið innanríkisráðherra um sex mánaða hámarksafgreiðslutíma mála aldrei munu nást fyrir en í fyrsta lagi í árslok 2013 – og þá að því gefnu að fjármagn fáiast til að ráða inn fleira fólk sem allra fyrst.

Ögmundur Jónsson lýsti þessu markmiði í viðtali við Fréttablaðið á föstudaginn.

„Við erum nær þessu markmiði að því leyttinu til að það er búið að lýsa því yfir að það sé vilji til að við fáum þessa peninga, en það eru engir peningar komnir sem þýðir að við erum ekki búin að auglýsa eða ráða. Það er alveg ljóst að þegar við fáum peningana þá gerist þetta ekkert undir eins. Við þurfum að þjálfra fólk upp þannig að ég sé ekki fyrir að þetta verði komið í samt lag fyrir en síðla árs 2013, jafnvel 2014,“ segir Kristín.

Allt ráðist þetta þó af því hvenær peningarnir fáiast. „Því lengur sem við þurfum að bíða eftir



KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR  
FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

þeim, því seinna verðum við búin að vinna niður halann,“ segir hún.

Með því að ráða tvo lögfræðinga núna muni málsmeðferðartíminn ekki nást niður í sex mánuði nema á mjög löngum tíma, að óbreyttum fjölda þeirra sem hingað koma – sem sé mjög ólíklegt – kannski árið 2017 eða 2018.

- sh

**NÝ BÓK  
FRÁ  
HUGLEIKI**



ÉG LÆT SEM ÉG SOFI  
EN SAMT MUN ÉG VAKA.

www.forlagid.is

**TILBOÐ!**

**Húsavíkurgjúr  
á tilboði**



Ómar, er þetta mikil lyftistöng fyrir ykkur?

„Við erum að reyna að hifa okkur upp úr lægðinni.“

Ómar Einarsson er framkvæmdastjóri véladeildar Hýsis – Merkúrs en þýst fyrirtæki hefur keypt hlut í því íslenska. Viðsnúningur er að verða í sölu krana á Íslandi.



HVALAVADA Grindhvalavaða hefur haldið sig uppi í harðalandi við Njarðvík og Keflavík. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sérfræðingur um hvalavöðu:

## Óvíst hví hvalir sækja að landi

**NÁTTÚRA** Hvalasérfræðingur segir óvíst hvað hafi rekið grindhvalavöðu upp að landi við Njarðvík og Keflavík um helgina.

Gísli Víkingsson hjá Hafrannsóknarstofnun sagði í samtali við Vísi.is að ólíklegt væri að þeir hafi verið að elta makríl, eða annað æti. Nokkrar kenningar eru um hvers vegna hvalir syndi svo nálægt landi, meðal annars misfellingur í segulsviði jarðar og sníkju-dýrasýking í innra eyra dýrana.

„Það er samt voða lítið sem menn hafa í höndunum,“ sagði Gísli. Þessar kenningar séu í raun bara vangaveltur. - þj

Áfengisneysla í Danmörku:

## Vilja hækka áfengisgjöldin

**DANMÖRK** Stjórnarflokkarnir í Danmörku ræða nú sín á milli hvort ráðlegt sé að hækka skatta og gjöld á áfengi þar í landi.

Verð á áfengi í Danmörku hefur ekki fylgt almennri verðþróun síðustu ár og unglíngadrykkja er hvergi meiri.

Þó er miðað við að hækka verðið ekki úr hófi fram, þar sem það gæti orðið til þess að hvetja Dani til að kaupa ódýrt áfengi í þýskum landamærabúðum.

Sósíalistaflokkurinn og Rót-tækir hafa ljáð máls á þessu, en þingmenn Jafnaðarmannaflokksins eru enn nokkuð efins. - þj

Efnahagsráðuneytið veitti Huang Nubo undanþágu frá lögum um eignarhald:

## Ráðherra ósáttur við undanþágur

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson lagðist gegn því á ríkisstjórnarfundum þann 12. júní síðastliðinn að tvö félög í eigu kínverska kaupsýslumannsins Huang Nubos fengju íslenskar kennitölur. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið veitti undanþágu frá lögum um eignarhald á íslenskum fyrirtækjum.

Ráðuneytið sá ekki ástæðu til þess að synja umsókn um undanþáguna þar sem mörg fordæmi væru fyrir slíku. Erfitt var að færa rök fyrir því að búseta á Íslandi þyrfti að vera skilyrði



HUANG NUBO

fyrir stofnun fyrirtækis hér á landi. Minnisblað sem lagt var fyrir fundinn 12. júní er kynning á ákvörðun sem þegar hafði verið tekin í efnahagsráðuneytinu um tilhögun íslensks félags í eigu Huangs. Fréttastofa Stöðvar 2 hefur minnisblaðið undir höndum og greinir frá þessu.

Ögmundur fullyrðir að á umræddum ríkisstjórnarfundum hafi verið tekin ákvörðun um að veita kínverska kaupsýslumanninum ívilnun vegna uppbyggingar á Grímsstöðum á Fjöllum. Ögmundur vill að ríkisstjórnin endurskoði ákvörðun sína í málinu.

Lilja Mósesdóttir þingmaður hefur krafist þess að þjóðin fái allar upplýsingar úr fundargerðum ríkisstjórnarinnar um að veita Huang Nubo ívilnun. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki tekið neina ákvörðun í málinu. - bph

## Rúturnar færðar lengra frá Leifsstöð

Stæði fyrir rúturnar sem aka fólki til og frá Keflavíkurflugvelli hefur verið fært lengra frá Leifsstöð. Á laugardaginn hrasaði eldri kona á gangi að rúrustæðinu í roki. Skipulaginu var breytt vegna plássleysis auk þess sem það þótti hættulegt.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er langur gangur frá útgangi Leifsstöðvar og út á nýja rúrustæðið, sérstaklega þegar maður er með ferðatöskur á kerru,“ segir Þorbjörg Jónsdóttir ferðalangur um nýtt rúrustæði fyrir utan Leifsstöð.

Stæðið fyrir rúturnar var áður beint fyrir utan innganginn á flugstöðinni. Nú þurfa farþegar hins vegar að ganga með farangur sinn yfir skammtímabílastæðið sem er fyrir framan Leifsstöð, yfir götu og þaðan inn á stæðið fyrir rúturnar.

Þorbjörg tók rútu frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur um síðustu helgi. Hún er ósátt við nýja stæðið.

„Það vildi svo til að það var suðaustanátt, rigning og rok. Það komu allir rennandi blautir og hraktir í rútna. Þarna var einnig eldri kona sem hrasaði þegar vindurinn tók í kerruna hennar,“ segir Þorbjörg.

Agnar Danielsson framkvæmdastjóri Kynnisferða segir bæði kosti og galla við nýja skipulagið.

„Það góða er að við höfum búið við mikið plássleysi við flugstöðina síðustu ár. Umhverfið hefur í raun verið hættulegt af þeim sökum þar sem erfitt var fyrir bílstjóra að sjá fólk í kringum bílana. Gallinn er staðsetningin.“

Þórir Garðarsson sölu- og markaðsstjóri Iceland Excursion er á sama máli.

„Auðvitað er ljóst að aðstaðan við flugvöllinn var sprungin. Það var svo mikil umferð þarna að rúturnar voru komnar í röð sem náði nánast út á akveginn,“ segir Garðar.



**HEIMFERÐ** Núna þurfa þeir sem ætla með rútu frá Leifsstöð að ganga daggóðan spöl með farangur til að komast að rútnum. Fyrir breytingar biðu rúturnar fyrir framan flugstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það komu allir rennandi blautir og hraktir í rútna. Þarna var einnig eldri kona sem hrasaði þegar vindurinn tók í kerruna hennar“

ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR  
FARPEGI

Bæði Garðar og Agnar gera ráð fyrir að breytingarnar séu tímabundnar.

„Við lítum svo að að þetta sé bráðabrigðaaðgerð og að í vetur

verði bílastæðið fært á gamla staðinn aftur,“ segir Garðar.

Svo er hins vegar ekki, ef marka má upplýsingar frá talsmanni Isavia.

„Þetta er bara til framtíðar, því aðstaðan sem er upp við húsið var aldrei hönnuð fyrir alla þá umferð sem er orðin þarna,“ segir Friðþór Eydal, talsmaður Isavia.

„Þetta fer aldrei í sama far, því það er hreinlega ekki pláss,“ segir Friðþór.

Hann útilokar þó ekki að einhverjar ráðstafanir verði gerðar til að auka skjól á gönguleiðinni í vetur. katri@frettabladid.is

Sunnlenskir þingmenn ósáttir:

## Vilja fund með Íbúðalánasjóði

**SUBURLAND** Hópur þingmanna af Suðurlandi hefur óskað eftir fundi með stjórnendum Íbúðalánasjóds til að krefjast þess að sjóðurinn leigi út tómar íbúðir á svæðinu. Stjórnarþingmaður segir það lög- bundið hlutverk sjóðsins að mæta aukinni eftirspurn.

ÍLS á 53 íbúðir á Árborgarsvæðinu sem standa auðar. ÍLS hefur ekki viljað leigja þær þrátt fyrir eftirspurn því íbúðirnar eru ekki í leiguhæfu ástandi og óþeppilegt væri ef sjóðurinn færi í samkeppni við leigufélög á svæðinu. - jmi

Lögregla handtók þrjá:

## Stunginn með hnífi í Reykjavík

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri var stunginn með hnífi við Höfðatún í Reykjavík á laugardagskvöldið. Þrír menn voru handteknir í næsta nágrenni við staðinn þar sem maðurinn fannst.

Fórnlambið er ekki talið vera alvarlega slasað en var flutt á slyshadeild til aðhlyningar og nánari athugunar.

Fjölmennt lið lögreglu var sent á staðinn um átta í fyrrakvöld. Atvikið átti sér stað á gatnamótum Höfðatúns og Skúlagötu. Málsatvik eru óljós en mennirnir þrír sem handteknir hafa verið verða yfirheyrðir á næstunni. - bph

Fjögur þúsund í Grundarfirði:

## Mikil ölvun á bæjarhátíð

**GRUNDAFJÖRÐUR** Hátíðin Á góðri stund í Grundarfirði fór vel fram að mestu leyti, að sögn lögreglunnar á Snæfellsnesi. Þó var mjög mikil ölvun á svæðinu þar sem yfir fjögur þúsund manns komu saman, hlustuðu á tónlist og dönsuðu.

Nokkur fíkniefnamál komu upp, eitt umferðaróhapp varð og fjórir voru teknir grunaðir um ölvun við akstur. Átök brutust út aðfaranótt laugardagsins með þeim afleiðingum að þrír voru teknir úr umferð og gistu fangageymslu.

Lítilsháttar slyss varð þegar ölvaður maður féll af bryggju og lenti á grjóthleðslu og í sjónum. Hann var fluttur til Reykjavíkur en mun ekki vera alvarlega slasaður. - bbi

### HAPPDRÆTTI

#### Fær 17 milljónir

Einn var með allar tölurnar réttar í lottóútdrætti laugardagsins og fær tæpar 17 milljónir króna í sinn hlut. Miðinn var seldur í Hyrninni í Borgar-nesi.

Hátt í 2.500 manns sóttu Bræðsluna á Borgarfirði eystri um helgina:

## Ólýsanlegt eins og vanalega

**SKEMMTUN** Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystri fór vel fram um helgina og ekki komu upp nein fíkniefnamál. Hátt í 2.500 manns sóttu Bræðslutónleikana á laugardagskvöldið þar sem þekktir tónlistarmenn á borð við Mugison, Valgeir Guðjónsson og Fjallabráður stigu á stökk. Hátíðin fór fram án meiriháttar áfalla, að sögn lögreglu.

Magni Ásgeirsson hefur skipulagt tónleikana í átta ár og segir hátíðina í ár mögulega hafa verið þá bestu hingað til. „Það getur verið að við höfum náð að toppa okkur,“ segir Magni. „Eins og vanalega þá var þetta bara ólýsanlegt. Listamennirnir voru stórkostlegir.“

Magni segir Bræðsluna ávallt hafa farið vel fram og lögregluna aldrei hafa þurft að skipta sér af hátíðarhöldunum. „Eftir hverja tónleikahátíð er all- af byrjað á því að tala um hvort það hafi verið mikið að gera hjá löggunni.“

„Það virkar ekkert þannig hérna,“ heldur Magni áfram. „Hér er bara ein tóm gleði og hamingja. Í átta ára sögu hátíðarinnar hefur aldrei komið upp eitt einasta lögreglumál. Hér keyrir löggan um og gefur fólki bland í poka.“ - bph



**STEMNING** Magni Ásgeirsson, Mugison og Valgeir Guðjónsson tóku lagið með Fjallabráðum á laugardagskvöld. MYND/ALDÍS FJÓLA B. ÁSGEIRSDÓTTIR

Það sem eyru þín þrá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



46" LED 3D  
SMART TV (WiFi)  
Sería: 6.  
Clear Motion Rate: 400 Hz.  
Upplausn: 1920 x 1080p  
Full HD.  
Þráðlaust net.

# Sjónvarpið er komið á netið!

## Samsung snjallsjónvarp hjá Nova

Nova verð: **299.990 kr. stg.** eða **12.990 kr. á mán.** í 24 mánuði.

Fæst í verslun Nova Lág múla 9.



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



Greiðsludreifing í samstarfi við Valitor: 12.990 kr. á mánuði í 24 mánuði.  
+ 320 kr./mán. greiðsludreifingargjald. Greitt með kreditkorti.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!



## GENGIÐ 27.07.2012

| GJALDMÍÐLAR     | KAUP SALA |        |
|-----------------|-----------|--------|
| Bandaríkjadalur | 122,21    | 122,79 |
| Sterlingspund   | 192,09    | 193,03 |
| Evra            | 149,94    | 150,78 |
| Dönsk króna     | 20,153    | 20,271 |
| Norsk króna     | 20,19     | 20,308 |
| Sænsk króna     | 17,741    | 17,845 |
| Japanskt jen    | 1,5634    | 1,5726 |

SDR 184,25 185,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

210,5496

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ELDURINN SLÖKKTUR Billinn er gjörónýtur eftir balið.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

## Hjón hætt komin í Skagafirði: Bíllinn drap á sér og brann

**BRUNI** Hjónum á ferð um Siglu-fjarðarveg brá heldur betur í brún þegar bíll þeirra drap á sér og í honum kviknaði rétt norðan við Hofsós á laugardagskvöld um áttaleytið.

Fólkið náði að forða sér út úr bílnum og slapp án meiðsla. Bíllinn varð hins vegar alelda og í honum brann allt sem brunnið gat.

Slökkvilið kom á staðinn og slökkti eldinn í bílnum sem er gjörónýtur. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Sauðárkróki eru eldsupptökin ókunn um bíllinn er jeppi af árgæro 2006.

Hjónin voru sótt af kunningjafólki sínu.

- bþh

## LANDHELGISGÆSLAN

### Flaug með lögreglumenn

Þyrla landhelgisgæslunnar TF-Gná flaug með lögreglumenn frá Selfossi yfir Þjóðveg 1 í uppsveitum Árnes-sýslu og austur yfir Mýrdalssand á föstudag. Þaðan var flógið yfir Syðra Fjallabak. Afskipti voru höfð af sex öikumönnum sem óku of hratt. Engin nýleg merki fundust um utanvegastakur.

Ástand gróðurs í Surtsey mjög slæmt samkvæmt niðurstöðu rannsókna:

# Plöntur visna vegna þurrka í Surtsey

**SURTSEY** Ástand gróðurs í Surtsey er víða mjög slæmt eftir þurrka sumarsins, einkum á hraunklökkum þar sem plöntur hafa visnað. Þetta er niðurstaða rannsóknarleiðangurs lífræðinga á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) sem farinn var dagana 16.-20. júlí.

Í leiðangrinum nú var háplöntuflóra eyjarinnar tekin út, skordýrum safnað, fuglalíf kannað, gerðar mælingar á gróðri og virkni hans í föstum mælireitum, sýni tekin af jarðvegi til efnamælinga og hugað að breytingum á strönd eyjarinnar.

58 tegundir háplantna fundust og hafði tegundum fækkað um eina frá 2011, að því er fram kemur á vef NÍ.

Alls hafa fundist 70 tegundir í Surtsey frá árinu 1965 en allnokkrar þeirra hafa ekki náð varanlegri fótfestu. Flestar voru þær í eygni árið 2007 er 65 tegundir fundust. Frá þeim tíma hefur gætt fækkunar. Þurrkar sumarsins 2012 hafa sett mark sitt á gróður í Surtsey en hann leit óvenju illa út.

Af smádyrum fundust hins vegar nýjar tegundir. Fuglalíf var í svipuðu horfi og undanfarin ár, ellefu tegundir varpugla eru nú í eygni. Talning á hreiðrum máva bendir til að varp þeirra sé á uppleið eftir nokkra lægð síðustu ár.

Stöðugt sjávarrof Surtseyjar heldur áfram og merktu leiðangurmenn verulegar breytingar á strönd.



**SURTSEY** Þurrkar sumarsins hafa farið illa með gróðurinn í Surtsey.

MYND/ERLING ÓLAFSSON

# Sprengjum rigndi yfir Aleppo

Hildarleikurinn í Sýrlandi færðist af fullum þunga til Aleppo, fjölmennustu borgar landsins, um helgina. Stjórnvöld heita því að hrekja uppreisnarmenn á brott og saka nágrannalönd um samsæri með Ísraelum.

**SÝRLAND AP** Stjórnvöld í Sýrlandi hétu því í gær að reka uppreisnarmenn úr borginni Aleppo og sökuðu nokkur nágrannaríki sín um að reyna að tortíma landinu í félagi við Ísrael. Á meðan geisluðu harðir bardagar víða um borgina og stjórnarherinn lét sprengjum rigna.

Walid al-Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, sagði á blaðamannafundi í Íran í gær að Katar, Sádi-Arabía og Tyrkland styddu við Ísrael í samsæri gegn Sýrlandi. Nokkur nágrannaríkjanna hafa meðal annars greitt hermönnum uppreisnarsveitanna laun fyrir þátttöku.

„Ísrael stendur á bak við þessi ósköp og þau (Katar, Sádi-Arabía og Tyrkland) eru að berjast við hlið Ísraels,“ sagði al-Moallem.

Hann sór jafnframt að uppreisnarmennirnir yrðu sigraðir.

„Þeir reyndu að ná Damaskus á sitt vald og mistókst þrátt fyrir að hafa kallað til alla sína vopnuðu hryðjuverkamenn. Þeir voru sigraðir þar og í dag munum við leggja þá að velli í Aleppo.“

Uppreisnarmenn voru hraktir frá Damaskus eftir vikulangt umsátur, en í síðustu viku hófu þeir sókn inn í Aleppo, sem er fjölmennasta borg Sýrlands með þrjár milljónir íbúa og ein helsta miðstöð viðskipta í landinu.

Áður en hersveitir Bashar Assads forseta hófu sókn inn í Aleppo um helgina var frá þriðjungi til helming borgarinnar undir stjórn uppreisnarmanna sem voru um 1.200 talsins.

Mikið liggur við í baráttunni um borgina vegna þess að með sigri væru uppreisnarmenn komnir með hernaðarlega mikilvægt höfuðvígi í norðurhluta landsins.



Ástand innan Aleppo var skelfilegt í gær þar sem tugir létust í átökunum, sem voru einna mest í suðvesturhluta borgarinnar, hverfunum Salahaddine og Bustan al-Qasr. Þá var farið að verða vart við mikinn skort á mat og öðrum nauðþurftum og þúsundir manna streymdu frá borginni á flóttu undan átökunum.

Samkvæmt tölum frá mannréttindasamtökunum Syrian Observatory for Human Rights hafa rúmlega 20.000 látið lífið í átökunum í Sýrlandi síðan þau hófust í mars í fyrra. Þá hafa um 150.000 manns flúið yfir til nágrannalöndanna samkvæmt tölum Sameinuðu Þjóðanna.

thorgils@frettabladid.is



**ÁTÖK** Harðir bardagar geisluðu í borginni Aleppo í gær þar sem sýrlenski stjórnarherinn freistar þess að hrekja uppreisnarmenn úr borginni. Utanríkisráðherra Sýrlands sótti Íran heim í gær og sakaði nokkur nágrannalönd um að vinna með Ísrael að því að tortíma Sýrlandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Má bjóða þér léttan kaffisopa?

Lett G-mjólk 1,5%


## VEÐURSPÁ

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**STYTTIR UPP** Væta V-til í dag og stöku skúr á morgun en styttr upp og birtir til á miðvikudaginn. Kólnar N- og A-til á miðvikudag. Hiti 10-20 stig í dag og á morgun. Á miðvikudag verður hiti 6-12 stig N-lands en 10-18 stig S-til.

Á MORGUN Víða 3-8 m/s.

MIÐVIKUDAGUR Víða 3-8 m/s.



### HEIMURINN

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Alicante        | 30° |
| Basel           | 29° |
| Berlín          | 20° |
| Billund         | 19° |
| Frankfurt       | 21° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg       | 19° |
| Kaupmannahöfn   | 19° |
| Las Palmas      | 25° |
| London          | 17° |
| Mallorca        | 31° |
| New York        | 27° |
| Orlando         | 33° |
| Ósló            | 20° |
| París           | 21° |
| San Francisco   | 23° |
| Stokkholmur     | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegis.

# Götu markaður

30. júlí - 4. ágúst

Nú eru síðustu forvöð að gera frábær kaup á útsölnni í Smáralind.

Láttu ekki gullið tækifæri framhjá þér fara!

Sjáumst í útsölustuði, Smáralind

**ENN  
MEIRI  
AFSLÁTTUR**

 Smáralind



Hefur þú lesið tekjublað Frjálsrar verslunar?

|     |       |
|-----|-------|
| JÁ  | 11,1% |
| NEI | 88,9% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Fylgist þú með íslensku keppendum á Ólympíuleikunum í Lundúnum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



OECD-könnun gerð á starfsháttum og viðhorfum kennara í 34 löndum:

# Mikið unnið úr TALIS-rannsókn hér á landi

**MENNTAMÁL** Íslensk menntamála-yfirvöld leggja mikið upp úr því að bæta skólastarf og sést það vel á þátttöku í TALIS-rannsókn Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Þetta segir Julie Bélanger, forvarsmaður verkefnisins, en markmið rannsóknarinnar, sem nú er að hefjast í annað skiptið, er að varpa ljósi á aðstæður kennara, starfs-umhverfi og viðhorf, til notkunar í stefnumótun. Á dögnum fór fram hér á landi vinnufundur fulltrúa frá OECD og löndunum 34 sem taka þátt að þessu sinni.

Rannsóknin fer fram með þeim hætti að allir kennarar á unglinga- og framhaldsskólastigi svara spurningalistum um starf sitt.

„TALIS er afar mikilvæg rannsókn því að þetta er fyrsta alþjóðlega verkefnið þar sem aflað er gagna til samanburðar á vinnu-aðstæðum kennara og starfsemi í kennslustofum,“ segir Bélanger og bætir því við að með þessu sé kennurum gefin rödd til að tjá sig.

„Gögnin sem fást með TALIS gera löndum kleift að bera sig saman við önnur lönd sem fást við hliðstæðar áskoranir og læra af

þeirra reynslu.“ Bélanger segir Ísland í nokkrum sérflokki þar sem óvilda hafi verið unnið eins mikið og markvisst með niðurstöður rannsóknarinnar árið 2009 og hér.

„Íslensk yfirvöld nýttu sér niðurstöðurnar í meiri mæli til stefnumótunar en flest önnur þátttökulönd. Sú staðreynd að Ísland tekur þátt í rannsókninni á ný sýnir jafnframt hve mikið er lagt upp úr bættem starfsháttum.“

Könnunin verður gerð næsta vor og niðurstaðna er að vænta næsta sumar.



**KENNAKÖNNUN** Julie Bélanger hjá OECD segir íslensk yfirvöld hafa brugðist vel við niðurstöðum TALIS-könnunar árið 2009. Ný rannsókn hefst í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leit gerð í Pancaraju-fjalli:

## Fundu lík tveggja fjallgöngumanna

**PERÚ** Lík tveggja bandarískra fjallgöngumanna fundust í fyrradag á Palcaraju-fjalli í Andesfjöllum í Perú, en mennirnir létust eftir fall á göngu upp fjallið.

Leit hafði staðið yfir að mönnum frá því þeir týndust og létu ekki vita af sér eftir að þeir hófu göngu hinn 11. júlí síðastliðinn.

Palcaraju er rúmlega 6 þúsund metrar á hæð, en lík mannanna fundust í rúmlega fimm þúsund metra hæð.

Líkin fundust eftir leit úr þyrlu, en ekki hefur tekist að sækja þau þar sem aðstæður þykja varasamar. Mennirnir voru um þrítugt og voru báðir reyndir fjallgöngumenn.

Faraldur í Úganda:

## Þrettán látnir eftir ebóluveiru

**ÚGANDA** Að minnsta kosti 13 eru látnir í Úganda eftir að hafa smitast af ebóluveirunni. Heilbrigðisyfirvöld í landinu staðfestu þetta í dag. Smitin er öll tengd sömu fjölskyldunni en talið er að þau hafi veikt í jarðarför.

Yfirvöld í landinu berjast nú við að hefta útbreiðslu veirunnar en nú þegar leikur grunur á að önnur smit hafi átt sér stað.

Ebóluveiran er afar skæð og bráðsmitandi og er ein banvænasta veira sem þekktist nú á dögum. Allt að 90 prósent þeirra sem smitast af veirunni láta lífið. Engin lækning er til.

Frá því að veiran kom fram á sjónarsviðið árið 1976 hafa rúmlega 1.200 manns látist af hennar völdum. Þá hefur ebólaveiran sprottið þrisvar sinnum fram í Úganda á síðustu tólf árum.

# Ógnuðu varpi og fá ekki endurnýjað leyfi

Umhverfisstofnun hafnaði umsókn Sæferða um undanþágu til að sigla nærri arnarhreidrum á Breiðafirði. Fyrirtækið sigldi án leyfis frá miðjum maímánuði og oftast en leyfi sagði til um árið 2011. Málið er nú til rannsóknar hjá lögreglu.

**DÝRALÍF** Umhverfisstofnun hafnaði umsókn Sæferða, einu helsta ferðaþjónustufyrirtæki við Breiðafjörð, um undanþágu til þess að sigla að arnarhreidrum á Breiðafirði á dögnum. Sæferðir hafa siglt með ferðamenn um varpstaði ýmissa fuglategunda, þar á meðal nærri hreiðrum hins alfríðaða íslenska hafarnar.

Arnarvarp hefur verið með slakara móti í ár en varp meirihluta þeirra 45 para sem urpu í vor misfórst. Varp gekk ágætlega við Faxaflóa en fremur illa við Breiðafjörð og á Vestfjörðum.

Í grein um bágorið arnarvarp á vef Náttúrufræðistofnunar segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson sviðstjóri að helstu ástæður lélegs varps séu kuldakast maímánaðar og truflanir af mannavöldum. Nefnir hann að Sæferðir hafi sýnt slæmt fordæmi með ólöglegum siglingum að arnarhreidrum og að þeir hafi truflað fuglana á varptíma snemma vors.

Náttúrufræðistofnun benti Umhverfisstofnun á að arnarvarpið í Breiðafirði væri í hættu vegna ágangs Sæferða og að fyrirtækið hefði án leyfis hafið siglingar nærri arnarhreidrum í vor og byrjun sumars. Samkvæmt skýrslu Sæferða um siglingar ársins 2011 fór fyrirtækið einnig fleiri ferðir að hreiðrum en gert var að skilyrði í þágildandi leyfi. Vegna þessa hefur Umhverfisstofnun ekki aðeins hafnað undanþágu heldur tilkynnt



**SÆFERÐIR** Skip Sæferða hefur farið í þrjár til fjórar ferðir á dag nærri arnarvarpi á Breiðafirði.

málið til lögreglunnar sem hefur tekið það til rannsóknar.

„Þessi aðili hefur gert út á það að heimsækja arnarvarpsstaðina og við gátum ekki fallist á að veita fyrirtæki leyfi sem við höfðum grunað um að hafa gerst brotlegt gagnvart lögum og ekki sinnt okkar fyrirmælum,“ segir Ólafur Á. Jónsson, sviðsstjóri Náttúruauðlindasviðs Umhverfisstofnunar varðandi ákvörðun stofnunarinnar og vísar til þeirrar verndar sem örninn nýtur samkvæmt lögum. Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, hóf

skoðunarferðir í vor því hann taldi sig hafa leyfið, líkt og undanfarin þrettán ár, þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hafi verið sein til svara. Hóf fyrirtækið að sigla daglega nærri varpinu á varptíma og eftir það þrjár til fjórar ferðir á dag.

„Við töldum að þetta væri bara formsatriði og fórum að sigla um miðjan maí og fram í júlí. Þá kom þetta bréf frá þeim,“ segir Pétur og bætir við.

„Þeir biðu með að svara okkur í fimm vikur og þá snerist svarið ekki um hvort við fengjum leyfi heldur vorum við orðnir brotlegir. Þá ákváðu þeir að kæra okkur fyrir að fara að hreiðrinu án leyfis. Í bréfinu stóð að þetta væri lögreglurannsókn. Samkvæmt lögreglunni er málið hins vegar komið inn á borð hjá sýslumanni sem kæra.“ hallfridur@frettabladid.is



FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.



Meiri Vísir.



Um tvö hundruð hreindýr gera sig heimakomin á bæ við Berufjörð:

# Með hreindýr í túninu heima

**DÝRALÍF** Þegar Guðjón Smári Agnarsson kom sér fyrir á bænum Skála við Berufjörð árið 2003 voru oft um fimmtán hreindýr þar á vappi í grenndinni.

„Þá þótt mér þetta bara skemmtilegt en nú þegar þau eru orðin tvö hundruð þá horfir þetta öðruvísi við.“

Hann hefur lent í mestu vandræðum með að halda dýrunum í skefjum en þau eru ekki aðeins á vappi á túninu heldur eiga þau það til að koma alveg að húsinu. Það versta segir Guðjón Smári vera að hann sé með mikla skógrækt á svæðinu sem á verulega erfitt uppdráttar af þessum sökum. Segir hann sumar plönturnar

ekki komast upp þar sem þær séu gleyptar jafnóðum. Þar að auki eyðileggi þau stærri tré og skemmi girðingarstaura og hlið. En hvað er til ráða? „Ég hreinlega veit það ekki, það er mjög erfitt að eiga við svona stóra hjörð. Ég sé enga lausn í sjónmáli.“

Í nálægum byggðum eru menn strax farnir að óttast svipað ástand. Hrafn Baldursson, íbúi á Stöðvarfirði, hefur áhyggjur af skógræktinni sem er þar innan við bæinn og hefur sent bæjarráði Fjarðabyggðar bréf þar sem hann hvetur til fyrirbyggjandi aðgerða svo örlög plantna þar verði ekki þau sömu og í Berufirði. Nú þegar skjóta dýrin upp hornóttum koll-



**Í TÚNINU HEIMA** Þetta hreindýr er búíð að koma sér haganlega fyrir við bæinn hjá Guðjóni Smára.

inum við Stöðvarfjörð og vill Hrafn að brugðist verði við áður en það verður of seint.

-jse

EITT VERÐ KR.

# 59.900



143  
CM HÁR

### KGC-270/45 Kæli- og frystiskápur

143 cm hár kæli- og frystiskápur með góðum frysti og vandaðri innréttingu  
✓ HxBxD: 143x55x58 cm



AAA  
EINKUNN

**EH-5401GG Eldavél**  
50 cm breið eldavél. Tilvalin í sumar-  
bústaðum eða stúdíóhúðum.  
✓ HxBxD: 85x50x60 cm



RAKA-  
SKYNJARI

### GSP-913 Uppvottavél

Hljóllát uppvottavél með 6 þvottakerfum og hitastig 40-65°C  
✓ 3xA einkunn  
✓ Hraðkerfi  
✓ AquaStop vatnsvörn  
✓ HxB: 85x59,5 cm

Pr stk.

### TAE-630 Þurrkari

Þurrkari með raka-  
skynjara og 6 þurrkakerfum  
✓ Tekur 6 kg af tauti  
✓ Krumpuvörn  
✓ Hljóðmerki í lok þurrks



145  
LÍTRAR

### GT-151 Frystikista

✓ 145 lítra frystikista í A+ orkuflokki  
✓ HxBxD: 82,3x72,7x56 cm

### WA-1110 Þvottavél

Einföld og góð þvottavél með öllum helstu þvottakerfum  
✓ Stíllanlegur vinduhraði  
✓ Tekur allt að 5 kg af tauti  
✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni & þvottagæði

# SPARAÐU NÚNA!

%

VERÐVAKTIN

Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!



169  
CM HÁR

### exquisit

#### KS-301RV Kælikápur

Stór og rúmgóður kælikápur með 6 glerhillum og stórra grænmetisrákúffu  
✓ Rúmmál kælis 300 lítrar nettó  
✓ Orkuflokkur A+  
✓ Glerhillur  
✓ Sjálfvirk afþjöng  
✓ HxBxD: 169x55,4x56 cm  
✓ Fullt verð kr. 89.900

170  
CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 20.000

KYNNINGARVERÐ KR.  
**79.900**  
SPARAÐU 20.000

### exquisit

#### GS-280 Frystiskápur

Stór 225 lítra frystiskápur með 7 frystiskúffum á ótrúlegu verði. 1 extra stór skúffa.  
✓ Orkuflokkur A+  
✓ Hitastillir  
✓ HxBxD: 170x60x60 cm  
✓ Fullt verð kr. 99.900. Tilboð gildir t.o.m. 15. ágúst

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**39.900**  
SPARAÐU 15.000

### BOSCH

#### MUM-4655EU Hrárvél megapakki

550W hrárvél með stórum fylgihlutapakka m.a. hakka-  
vél, blandari, grænmetis-  
skeri og fylgihlutageymslu.  
✓ Getur ráðið við allt að  
2,7 kg af brauðdegi  
✓ Lok með hveitirennu  
✓ Deigkrókur, hrærari og  
beytari  
✓ 4 hraðastillingar  
✓ Fullt verð kr 54.900



**Nýtt!**

**TOPCOM 10002637 Nuddtæki**  
Kröftugt nuddtæki með stillanlegum titringi. Infrarautt ljós örvar blóðrásina. Hægt að losa höfuðið frá og festa á hendina til að veita þægilegt nudd. Fullt verð kr. 9.990

KYNNINGARVERÐ KR.  
**7.490**  
25% AFSLATTUR

**TOPCOM 10002480 Háls- & herðanuddkragi**  
Hringlaga nuddkúlur hnoða og nudda með eða án hita. 2 hraðastillingar  
Fullt verð kr. 8.990

KYNNINGARVERÐ KR.  
**6.990**  
SPARAÐU 2.000

**TOPCOM 10003048 Blóðþrýstingsmælir**  
Afar nákvæmur og vandaður blóðþrýstingsmælir fyrir únlíð. Getur geymt síðustu 40 mælingar fyrir 3 aðila í minni. Mælir óreglulegan hjartslátt. Mælir blóðþrýsting 30-280 mmHg. Fullt verð kr. 6.990

KYNNINGARVERÐ KR.  
**4.990**  
SPARAÐU 2.000

**TOPCOM 10002445 Nuddsæti**  
Mjög öflugt Shiatsu nudd með löngum hringlaga hreyfingum upp og niður og til hliðar Fjarstýring fylgir. Punktunudd og infrarautt ljós með hita. 14 daga prufutími. Fullt verð kr. 24.900  
Tilboðin á Topcom gilda t.o.m. 24. ágúst

KYNNINGARVERÐ KR.  
**19.990**  
SPARAÐU 5.000

**exquisit**

**KB-45 Kælikápur**  
Nettur kælikápur með litlu frystihólf  
✓ 41 lítra kæli og 6 lítra frystir  
✓ HxBxD: 53x44x49 cm  
✓ Verð áður kr. 29.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**19.990**  
SPARAÐU 10.000

**exquisit**

**MW-717SI Örbylgjuofn**  
17 lítra silfurhlitaður örbylgjuofn með snúningsdisk.  
✓ 30 mín. klukka  
✓ Afþjöng

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**12.990**  
ÓDYR OG GÓÐUR

**Rafha ehf**

Opið virka daga 10-18  
Lokað laugardaga í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108  
Reykjavík  
Sími 5880500  
www.rafha.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar fór fram gleðigangan sem Jón Gnarr borgarstjóri tók þátt í?
2. Hvaða ár tóku Íslendingar fyrst þátt í sumarólympíuleikunum?
3. Hvaða lið leika til úrslita í bikarkeppni kvenna í knattspyrnu?

## SVÖR

1. Þórhöfn í Færeyjum 2. 1908  
3. Sjáman og Vákur

## Vaktir slæmar fyrir heilsuna: Auknar líkur á hjartaáföllum

**HEILSA** Fólki sem vinnur vaktavinnu er örhlítuð hættara við að fá hjartaáföll en þeim sem vinna dagvinnu. Þetta sýnir ný rannsókn sem fjallað er um í vísindaritinu British Medical Journal.

Heilsa meira en tveggja milljóna Breta var könnuð, og var niðurstaðan sú að vaktavinnan hafi slæm áhrif á líkamsklukkuna og á lífsstíl vaktavinnufólks. Hægt er að minnka áhrifin með því að takmarka fjölda næturvakta.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að fólki sem vinnur vaktavinnu er hættara en öðrum við því að þjást af háum blóðþrýstingi og sykursýki.

- bj

Mannræningjar í Jemen:

## Rændu starfsmanni sendiráðs

**JEMEN** Öryggisverði sem starfar fyrir ítalska sendiráðið í Sanaa, höfuðborg Jemen, var rænt í gær af vopnuðum mönnum.

Lögreglan reynir nú að hafa uppi á manninum en mann-rán eru algeng í Jemen. Fyrir þessum mánuði var frönskum starfsmanni Rauða krossins sleppt úr haldi mannræningja en honum hafði verið rænt í apríl.

Svissneskri konu, sem starfaði sem kennari í Jemen, var rænt af skæruliðahópi al-Kaída í mars. Ekki er vitað um afdrif hennar.

- kh

## LÖGREGLUMÁL

### Mikið um ölvun og hávaða

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór í töluvert mörg útköll vegna hávaða og ölvunar á laugardagskvöldið. Nokkrir fengu að gista fangageymslur lögreglunnar vegna óspekta, skemmdarverka og innbrota.

8

Bolvíkingar afhjúpa skilti með Völuspá og upplýsingum um hugsanlega höfunda:

## Völuspá fyrir augum höfundar

**MENNING** Bolvíkingar afhjúpuðu á laugardag skilti með Völuspá áletraðri og upplýsingum um Þuríði Sundafylli og Völu-Stein son hennar. Þau mæðgin eru landnámsmenn Bolungarvíkur og hallast margir fræðimenn að því að annað hvort þeirra hafi samið Völuspá.

„Við erum ekkert að eigna okkur höfund Völuspár, það hafa hins vegar fjölmargir fræðimenn gert og við tökum mark á því,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri Bolungarvíkur.

Ef marka má þjóðsögur hefur Þuríður hefur ekki farið langt frá áthögum sínum og gæti því hafa verið viðstödd vígsluna.

„Nei, Þuríði ber við loft þegar litið er á skiltið,“ segir Elías en stæðileg strýta sem skagar fram úr Óshyrnu heitir einmitt Þuríður. Samkvæmt þjóð-



FRÁ BOLUNGARVÍK Þarna verður skiltið sett upp.

MYND/ELÍAS JÓNATANSSON

sögum var samband hennar og Þjóðólfs bróður hennar afar stirt, svo stirt að hann lagði þá bölvun á systur sína að hana skyldi daga uppi og gekk það eftir.

- jse



LANGADALSÁ Veidifélag Langadalsár hlakkar til samstarfsins við Svíann. Sextíu löxum hefur verið landað þar í ár.

MYND/LAX-Á.IS

## Svíi kaupir jarðir og ár í Ísafjarðardjúpi

Sænskur timburframleiðandi hefur keypt þrjár og hálfa jörð sem áður voru í eigu Lífsvals. Þar með er hann með tæplegan helmingshlut í ánum Langadalsá og Hvannadalsá. Veidifélagið mætir nýjum samherja með opnum hug.

**VIÐSKIPTI** John Harald Örneberg, sem er sænskur timburframleiðandi, hefur fest kaup á þremur og hálfri jörð við Ísafjarðardjúpi. Þeim fylgir tæpur helmingshlutur í ánum Langadalsá og Hvannadalsá.

Jarðirnar voru áður í eigu félagsins Lífsvals sem átti um tíma fjörutíu og tvær útjarðir víða um land og meðal annars eitt stærsta kúabú landsins. Landsbankinn tók svo félagið yfir síðastliðinn vetur og í vor voru jarðirnar auglýstar til sölu. Þær eru Brekka, Neðri-Bakki, Kirkjuból og síðan helmingshlutur í Tungu. Af auglýsingunni má ráða að svæðið sé um 22 ferkílómetrar.

Kaupin fóru fram í byrjun þessa mánaðar og voru þau gerð í nafni félagsins Varpland hf. en í stjórn þess situr meðal annarra Gunnar

Sólnes lögfræðingur. „Þetta er svo nýafstaðið að menn eru ekki búnir að ákveða framhaldið,“ segir hann. „En markmiðið er jú að eiga aðild að ræktun og uppbyggingu þeirra áa sem þarna eru. Við erum jú í minnihluta svo við ætlum að tala við hina aðilana og munum vonandi bara eiga gott samstarf við þá.“

Eignarhaldið á Langadalsá fylgir átta jörðum í Langadal og þar af á Varpland nú þrjár og hálfa. Veidifélag Langadalsár hefur umráð með hinum jörðunum fjórum en svo eiga afkomendur Arnórs Hannessonar hálfa jörðina í Tungu á móti Varplandi. En hvernig list veidifélaginu á nýja eigandann? „Við erum ekki með neina fordóma og við hlökkum bara til samstarfsins,“ segir Þorleifur Pálsson formaður veidifé-

félagsins. Aðspurður hvort hann telji að nýju eignarhaldi fylgi breytingar á högum þar vestra segir hann að áin sé nú þegar í fastri leigu til nokkurra ára þannig að þess sé ekki að vænta á næstunni.

Í ár hafa veiðst að minnsta kosti sextíu laxar í Langadalsá en fjörutíu og tveir í Hvannadalsá. Langidalur og Hvannadalur eru suður við Ísafjarðardjúpi og falla því innna marka Strandabyggðar.

Örneberg er stofnandi og stjórnarformaður fyrirtækisins The Forest Company sem er með trjáræktun í Brasilíu og Kólumbíu og selur við, pappírseig og kol til stórra iðnaðarfyrirtækja. Gunnar segir hann einnig vera mikinn náttúruunnanda en náttúran sunnan við Djúpi er margrómuð. jse@frettabladid.is

Fornleifafundur í Reykjadal:

## Fundu áður óþekkt kuml

**NORÐURLAND** Áður óþekkt kuml fannst í landi Narfastaða í Reykjadal. Kumlið er staðsett skammt norðan bæjarins og rétt ofan við gamla þjóðveginn í Reykjadal, að því er fram kemur á vefnum Akureyrivikublað.is.

Í kumlinu eru jarðneskar leifar manns, hunda og hests. Akureyri vikublað hefur eftir Adolphi Friðrikssyni fornleifafræðingi að kumlið sé líklega frá 9. eða 10. öld. Kumlið hefur líklega verið rænt fyrir árið 1400 því búið var að róta í öllum beinum.

- kh



FRÁ FLATEY Flateyjarbók hin nýja er komin út með símanúmerum 600 Flateyinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tíu ára afmæli símaskrár:

## Ný Flateyjarbók er komin út

**FLATEY** Sérstök afmælisútgáfa af símaskrá Flateyjar á Breiðafirði er komin út. Þetta er í tíunda sinn sem fjáröflunarnefnd Flateyjar-kirkju gefur símaskrána út.

Þótt aðeins örfáir ábúendur séu í Flatey telur skráin meira en 600 Flateyinga, Inneyinga, velunnara Flateyjar og aðra er tengjast húsum í Flatey, Skáleyjum, Hvalláturum, Sviðnur og Svefneyjum, að því er segir á Skessuhorni.is.

Símaskráin hefur vaxið og dafnað í árána rás og er með réttu orðin yfirgripsmikil upplýttibók um Flatey og málefni eyjaskeggja.

„Í reynd má segja að símaskráin standi undir því nafninu „Flateyjarbók hin nýja“ sem sumir hafa gefið henni,“ segir í tilkynningu frá ritstjóra útgáfunnar.

- kh

## REYKHOLT

### Nýr kross vígður

Nýr kross var vígður í Reykholtskirkju í gær. Þegar kirkjan var byggð á árunum 1988 til 1996 var ákveðið að hafa ekki kross á turni eins og venja er. Þess í stað var ákveðið að hafa standandi kross framan við stafnþil kirkjunnar. Krossinn í Reykholtskirkju er hannaður af norska listamanninum Jarle Rosseland.

# KRYDDSMJÖR

tvær nýjar bragðtegundir!

NÝ BRAGÐTEGUND - BÉARNAISE

NÝ BRAGÐTEGUND - SÍTRÓNA OG KARRÍ



Síðustu dagar  
útsölnunnar

**GÖTU-  
MARKAÐUR**

HEFST Í DAG  
ENN LÆGRA VERÐ

Síðustu forvöð að gera  
dúndurkaup!

Bláa bomban heldur áfram inni í versluninni

**20%**  
viðbótarafsláttur  
af allri útsöluvöru

 Finndu okkur á facebook

Lífstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

FRÉTTAVIDTAL: Sólveig Jónsdóttir sérfræðingur í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum

# Upplifa mörg lög af vonleysi

Sólveig Jónsdóttir blaðamaður er sérfræðingur í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum og hafði lengi langað til Bosníu og Hersegóvínú áður en hún fór þangað í maí. Hún segir grunnt á friðinum, fólk sé minnt á átökin á hverjum degi og flestir telji að þau muni blossa upp aftur. Sólveig sagði Þórunni Elísabetu Bogadóttur frá fólkinu og ástandinu í landinu.

„Þeir eru alltaf að finna fleiri grafir,” segir Sólveig Jónsdóttir, blaðamaður á Nýju lífi, sem dvaldist í Bosníu og Hersegóvínú í maí.

Hún er stjórnfræðingur með meistaraáráði í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum frá Edinborgarháskóla og lagði sérstaka áherslu á þjóðernisátök í námi sínu. Hún lærði því mikið um Bosníustríðið. „Mig langaði að sjá þetta sjálf, því ég hef lesið svo mikið og skoðaði þetta mikið í náminu. Maður heyrir ekkert af þessu í fréttunum núna.“

Bosníustríðið geisadi frá 1992 til 1995 og kostaði yfir hundrað þúsund manns lífið. Eftir að stríðinu lauk var 32 þúsunda enn saknað.

## Vilja geta grafið eitthvað

Þegar Sólveig fór út í maí var ekki verið að vinna að uppgreftri úr fjöldagröfum, en hún segir þó alltaf einhverja vinnu í gangi sem tengist Bosníustríðinu. „Í júlí á hverju ári eru þeir jarðsettir sem borin hafa verið kennsl á yfir árið og undirbúningur fyrir það var í fullum gangi þegar ég var þarna.“ Í ár voru jarðsettar líkamsleifar 520 manna sem myrtir voru í Srebrenica fyrir sautján árum. Nú hafa verið borin kennsl á 6.800 lík.

„Sumir vilja bara fá eitthvað til að grafa, þó það sé bara eitt bein. Svo finnst kannski eitthvað meira seinna og þá þarf að opna grafirnar aftur. Þetta er ótrúlega skrítið og það er mjög áhrifaríkt að vera þarna,” segir Sólveig. Hún segist þó hafa átt í erfiðleikum með að ná utan um aðstæðurnar. „Maður er þarna í mjög sorglegum kringumstæðum oft, til dæmis í fjöldagrafreit þar sem líkamsleifar fólks eru, þegar kona segir manni frá því að hún hafi misst alla. Misst syni sína, manninn sinn og bróður sinn. Ég á bróður, pabba og mága, maður nær ekki utan um þetta, þetta er svo fátánlegt.“

Hún ferðaðist um allt landið og segir það fallegasta land sem hún hefur heimsótt. „Þegar við keyrðum frá Sarajevo til Srebrenica fengum við að heyra hvað hefði gerst á hverjum og einum stað. Öll leiðin er blóði drifin. Við sáum lítið þorp þar sem voru bara tóm hús, og svo var kirkjugarður í miðjunni þar sem allir íbúar þorpsins eru grafnir. Við sáum líka fótboltavöll í algjörrri niðurníðslu en við hliðina á honum var spánnýr völlum. Sá gamli var aftökustaður, þar sem menn voru teknir af lífi. Og það voru ekki bara hermenn sem gerðu það heldur Serbar frá nálægum bæjum.



SÓLVEIG JÓNSDÓTTIR Hún starfar sem blaðamaður á Nýju lífi en er stjórnfræðingur að mennt með meistaraáráði í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum frá Edinborgarháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það gerir þetta líka svo erfitt, þetta voru fyrrverandi nágrannar fólks.“

## Engir peningar til að laga kúlnaforin á húsunum

Sólveig segir líka fátánlegt til þess að hugsa hversu stutt er síðan atburðirnir áttu sér stað og hversu stutt frá þeir áttu sér stað. „Það er skrítið að koma á stað þar sem sjást kúlnafor á húsunum. Það er sautján ár síðan, en af hverju hefur ekkert verið gert eða lagað? Það eru ekki til neinir peningar. Og þetta er fyrir augunum á fólki alla daga. Þegar svona gerist, fólk innan sama landsins er að berjast, þá mætir fólk alltaf manneskju sem það veit eða hefur heyrt af að hafi gert eitthvað í stríðinu. Það er rosalega grunnt á friðinum, sem var náttúrulega bara skipulagður af alþjóðasamfélaginu.

Í kjölfar Dayton-samkomu-

lagsins var það eiginlega þannig að múslímarnir, Bosníakar, fengu megnið af Sarajevo og Serbarnir sem áður höfðu búið í borginni fóru í úthverfin. Þeir sem fluttust inn í borgina höfðu flúið frá austurhluta Bosníu, svo þetta var sveitafólk

Í ár voru jarðsettar líkamsleifar 520 manna sem myrtir voru í Srebrenica fyrir sautján árum. Nú hafa verið borin kennsl á 6.800 lík.

sem hefði ekki flutt til borgarinnar undir venjulegum kringumstæðum. Það er rosaleg kergja þarna á milli. Serbarnir kvarta yfir því að það spreitti upp moskur eins og gorkúlur en múslímarnir benda á að Serbar hafi eyðilagt 300 moskur í stríðinu og verið sé að byggja þær upp aftur.“

## Mál ekki útkljáð nema með blóði

Allir sem Sólveig ræddi við telja að átök muni blossa upp á nýjan leik í landinu. „Við fáum endalausar fréttir núna af ástandinu á Írlandi, í

Portúgal og Grikklandi. En í Bosníu er upp undir 40 prósentu atvinnuleysi og rosaleg spilling. Allir sem ég talaði við halda að þetta muni gerast aftur. Eins og ein kona lýsti því þá eru þarna mál sem verða ekki útkljáð nema með blóði, og það

er einhvern veginn ekkert hægt að gera. Það eru engin inngríp.“ Sólveig segir ástandið í landinu mjög flókið, en lítið sé að gerast. „Það eru mörg lög af vonleysi, sem allir eru að upplifa. Ef fólk er ekki með vinnu, sér ekki fram á að fá vinnu, og á ekki peninga til að flytja úr landi myndast pirringur og ólga. Þá er leitað að sameiginlegum óvini, einhverjum til að kenna um. Þetta er mjög eldfimt.“

Sólveig segir það sína upplifun að verið sé að reyna að sópa málefnum landsins undir teppið, vegna þess

hversu mikil mistök hafi verið gerð. „Það er ekki verið að veita þessu neina athygli. Þarna er eitthvað kraumandi og ég er hrædd um að ekkert verði gert fyrr en það er of seint og þetta hefur gerst aftur. Það hafa verið herferðir, aldrei aftur Srebrenica, aldrei aftur Rúanda. Hvað á að gera til að það verði aldrei aftur? Þegar Auschwitz upp-götvaðist þá átti slíkt aldrei aftur að geta gerst, en svo leið ekkert svo langur tími. Í Srebrenica voru Sameinuðu þjóðirnar á svæðinu. Þetta var klúður alþjóðasamfélagsins.“

Fólkið í landinu hefur misst alla trú á virkni alþjóðasamfélagsins, segir Sólveig. Fréttir af handtökum og málaferlum gegn þeim sem báru ábyrgð á stríðinu hafa þó áhrif. „Það myndast ólga þegar menn eins og Mladic nást, og þegar framvinda verður úr réttarhöldunum. Fólk segist vona að hann verði sakfelldur, þegar fyrir okkur ætti það ekki að vera nein spurning. Fyrir mörgum Serbum er hann líka þjóðhetja. En þó hann verði dæmdur fær fólk ekki fjölskyldurnar sínar aftur.“

## OROBLU

Sunny 8 No toe  
Sokkabuxur

- Tálausar
- Þunnar
- Sólbrúnt útlit
- Fullkomnar í sandalana/bandaskó



## Hildarleikur á Balkanskaga

Stríðið í Bosníu-Hersegóvínú, sem geisadi á árunum 1992 til 1995, var hluti af átökunum sem fylgdu upp-lausn gömlu Júgóslavíu. Eftir að Króatía og Slóvenía höfðu slitið sig laus og fengið sjálfstæði sitt staðfest fylgdi Bosnía þar á eftir með sjálfstæðisfyrirlysingu á vordögum 1992.

Staðan var þó talsvert flóknari í Bosníu þar sem þar voru þrjú meginþjóðarbrot, Bosníakar (Bosníumúslímar), Króatar og Serbar, sem bárust á banaspjótum. Sveitir Bosníu-Serba hófu árásir á höfuðborgina Sarajevo í apríl og júgóslavneski herinn slóst í lið með þeim stuttu síðar. Þegar þar var komið við sögu voru einungis Serbía og Svartfjallaland undir fána Júgóslavíu þar sem Slobodan Milosevic réði ríkjum.

Strax á fyrstu vikum ófriðarins voru múslímar reknir í stórum stíl í burt frá austurhluta landsins og sveitir Bosníu-Serba undir stjórn Ratko Mladic réðu um tveimur þriðju hlutum landsins.

Næstu misseri hélt ástandið svo til óbreytt en árið

1994 mynduðu Bosníakar og Króatar bandalag gegn Serbum.

Það var ekki fyrr en vorið 1995 sem hlutirnir fóru að þróast í samkomulagsátt. Eftir að Serbar höfðu virt úrslitakosti Sameinuðu þjóðanna að vettugi hófu sveitir NATO loftárásir á skotmörk í Serbíu, sem þvinguðu Bosníu-Serba að samningsborðinu.

Í Dayton í Bandaríkjunum náðist samkomulag í nóvember, sem fól í sér stofnun sambandslýðveldis þar sem Bosníakar og Króatar fengu rúman helming land-svæðisins gegn tæpum helmingi sem fór til Bosníu-Serba. Alþjóðlegt friðargæslulið hefur séð um að halda þar friðinn síðan.

Bosníustríðið reyndist verst hildarleikur Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldar þar sem þúsundir manna, kvenna og barna létust í þjóðernishreinsunum. Þegar upp var staðið höfðu á annað hundrað manns týnt lífi og um tvær milljónir höfðu neyðst til að flytja heimkynni sín.

# ÓDÝRUSTU FLÖGURNAR Í BÓNUS



**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

Hækkun gjaldskrár vegna bílastæða veldur óþörfum usla:

## Bílastæða- barlómurinn

**H**ækkun á gjaldskrá vegna bílastæða í miðbæ Reykjavíkur tekur gildi í dag. Hækkunin nemur 50 prósentum og nær til meirihluta stæða í miðborg Reykjavíkur. Auk þess hækka gjöld í stæði við sjúkrahúsin í borginni og við Háskólann. Gjaldskrá vegna bílastæða hefur ekki hækkað í meira en áratug og líklega er erfitt að finna aðra þjónustu sem það á við um.

Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg hafa mótmælt hækkuninni harðlega. Þeir kvarta meðal annars undan því að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila í tengslum við hækkunina og telja að hækkun gjaldskrárinnar muni leiða til minni verslunar í miðbænum.

Í frétt blaðsins á laugardag er haft eftir framkvæmdastjóra samtakanna, Birni Jóni Bragasoni, að hækkunin „munu ekki hafa neitt annað í för með sér heldur en minni verslun“. Hann bendir einnig á að kaupmenn við Laugaveg séu í mikilli samkeppni við verslun á öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu.

Nú er vitað að eftir því sem gjald er lægra í gjaldstæðum er líklegt að bílum sé þar lagt lengur í senn og þar af leiðandi komist þar færri að. Þannig er það markmið með hækkun gjaldskrárinnar að auka flæði í stæðunum, þ.e. að hverjum bíl sé lagt í skemmri tíma í einu og þannig komist fleiri að. Því virðist það beinlínis andstætt hagsmunum verslunar við Laugaveg sem verslunareigendur leggja til að gert verði í stað þess að hækka gjöld í stæði, að lækka þau. Vissulega gera sumir verslunarmenn í miðbænum sér grein fyrir þessu þótt hinir hafi hærra.

Óviða munu gjöld vegna bílastæða vera lægri en hér í borginni. Ef gjaldið sem tekur gildi í dag er sett í samhengi við bensínverð til dæmis þá má leggja í um það bil þrjú korter á dýrasta stað fyrir svipaða upphæð og einn lítri af eldsneyti á bílinn kostar. Sumir geta vissulega ekið fáeina tugi kílómetra á einum lítra en flestir talsvert styttra. Það kostar þannig ekki mikið meira að knýja meðalbíl úr úthverfi niður í bæ og aftur til baka en að leggja honum þar í klukkutíma. Bílastæðagjaldið skiptir þannig ekki sköpum í þessu samhengi.


Miðbær Reykjavíkur er nú líflegri en verið hefur um langt árabil. Því má meðal annars þakka að gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir til þess að gera hann meira aðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur, til dæmis með því að fækka bílastæðum við Laugaveg og auka rýmið á gangstéttunum. Það ætti að skipta máli fyrir verslunina í bænum, ekki síst yfir sumartímann.

### SKOÐUN

Steinnunn Stefánsdóttir  
steinunn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Ísland eigi Grímsstaði

### Stjórnsmál



Guðfríður Lilja Grétarsdóttir  
alþingismaður

Enn er von til að eitthvað gott komi út úr stýrnun um hina merku jörð Grímsstaði á Fjöllum, dyragættinni að viðernum Íslands. Í fæðingu er löngu tímabær umræða um gildi lands og yfirráða yfir landi og auðævum þess. Þjóðarvakning? Inn í umræðuna tvinnast margvíslegir fletir stórveldahagsmuna, stórskiphafna og olíuhreinsunarstöðva. Öllu æir saman sem aftur hefur orðið til að vekja upp gagnrýna, lifandi umræðu. Slíkt er gott.

Á liðnu ári lagði ég fram þingsályktunartillögu með ýtarlegri greinargerð um landsölumál fyrr og nú. Þar er lagt til að endurskoða allt lagaumhverfi er varðar uppkaup á bújörðum og öðru nytjalandi, svo og óbyggðum. Markmiðið yrði m.a. „að koma í veg fyrir uppkaup erlendra aðila, sem ekki hafa hér lögheimili og fasta búsetu, á landi; að huga að almennum viðmiðum, svo sem landstærð, nýtingu landgæða og fjölda landareigna sem heimilt er að sé á hendi eins og sama aðila; að horfa til umhverfissjónarmiða og ákvæða um almennarétt í allri lagaumgjörð og taka þar m.a. mið af sérstökum aðstæðum

varðandi landbúnaðarland, óbyggðir og náttúruauðlindir (svo sem vatn og jarðhita).“ Það er brýnt að hefjast handa við þetta verkefni.

Það ríður og á að Grímsstaðamálið, sem allt hefur verið með nokkrum ólíkindum, fái farsælur lyktir. Fyrirhugaðar áætlanir um svæðið eru eins og í svæsnustu vísindaskáldsögu. Eitt er víst: Ef landið glatast, hvort heldur er í eign utan landsteina eða svokallaðri langtímaleigu, þá fæst það ekki aftur.

Hægt er að höggva á hnúttinn með því að íslenska ríkið í nafni okkar þegnanna allra festi kaup á Grímsstöðum á Fjöllum. Ríkið á þegar fjórðung í jörðinni og stór landflæmi á öræfum eru lendum þjóðarinnar allrar. Barnabörn okkar geta þá ákveðið þegar þar að kemur hvað verður um landið. Þá eiga þau í það minnsta val. Mér segir svo hugur um að þegar þar að kemur muni áform dagsins í dag virðast jafn fjarstæðukennd og að selja norðurljósin eða að virkja Gullfoss. Er kannski komið að okkar kynslóð að sýna vott af auðmýkt? Í augnablikinu kostar okkur þetta vissulega fjármuni, en framtíðin er í húfi.

## Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítill, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.



TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettþokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum Lyfju og Lyf og heilsu apótekum.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donna, Móhelli 2, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími 555 3100 donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

# Línurnar skýrast

## Stjórnsmál

Jóhanna Sigurðardóttir  
forsætisráðherra



Forkólfar Sjálfstæðisflokksins rifja nú upp frjálshyggjufræði sín og boða lækku skatta á einstaklinga og fyrirtæki á sama tíma og sligandi reikningar falla á ríkissjóð sem rekja má til bankahrunsins. Engu má hlífa við niðurskurðir segir Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, og vísar þar til nærri 50 milljarða króna kostnaðar í ríkisreikningi sem fellur á ríkissjóð í eitt skipti vegna falls SpKef og tapreksturs Bygðastofnunar og Nýsköpunarsjóðs á undanföllum árum. Það er einkar hollt fyrir sjálfstæðismenn að hafa hugfast hverjir báru mesta ábyrgð á því tjóni sem almenningur ber nú vegna SpKef.

Bjarni sneiðir hjá öllu sem dregur tennurnar úr röksemdum hans. Það er sjálfsagt að nefna það við hann að um þessar mundir mælist 0,7 % verðhjöðnun hér á landi samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Það eru góð tíðindi fyrir heimili og fyrirtæki í landinu því við það lækkar verðbólga yfir tólf mánaða skeið úr 5,4 % í 4,6%.

Svo mega Bjarni flokksformaður og aðrir úrtölumenn hafa það hugfast að atvinnuleysi er um eða undir 5 prósentum samkvæmt nýju mati Vinnuálastofnunar og Hagstofunnar. Slíkur er vöxturinn í hagkerfinu þrátt fyrir meinta skattaáþján ríkisstjórnarinnar, að atvinnuleysið er nú með því minnsta í allri Evrópu og þegar komið niður að þeim stað sem

ríkisstjórnin taldi að það yrði í lok árs 2013 samkvæmt yfirlýsingu með stöðugleikasáttmála sem gerður var við aðila vinnu- markaðarins árið 2009.

Framtöl og önnur frumgögn skattayfirvalda sýna að vaxtakostnaður heimilanna vegna húsnæðisskulda var meira en 10% lægri í fyrra en árið áður. Auk þess sýna sömu gögn að tekjur heimilanna voru að jafnaði 8 til 9 prósentum hærra í fyrra en árið áður.

Þetta kemur svo ágætlega heim og saman við þá staðreynd að vanskil lána minnka hröðum skrefum. Síðari hluta árs 2010 voru þau 22% en voru tæp 13% í lok mars á þessu ári.

### Niðurskurðarstefna í öngstræti

Það má líka halda því til haga sem fjármálaráðherra hefur þegar látið koma fram um eign ríkisins í Landsvirkjun. Varúðarsjónarmið ráða því að bókfært verð eignarhlutar ríkisins í orkufyrirtækinu er líðlega 60 milljarðar króna en skráð eigið fé Landsvirkjunar losar engu að síður 200 milljörðum króna. Þykir sjálfstæðismönnum ekki gott að þarna skuli leynast 140 milljarðar í almannaeygu þótt ekki séu þeir bókfærðir?

Ætli forysta Sjálfstæðisflokksins afneiti því sem „öþægilegri staðreynd“ að allar spár sýna að landsframleiðslan aukist nálægt 3% hér á landi á þessu ári? Breski Íhaldsflokkurinn, sem beitir niðurskurðar- og aðhaldsstefnu þeirri sem sjálfstæðismenn boða, á í erfiðleikum eftir að tíðindi bástur um 0,7 % samdrátt landsframleiðslunnar. Sérfræðingar óttast að þetta verði til þess að lánshæfismat Breta lækki og Cameron forsætisráðherra viðurkennir í fjöl-

miðlum að niðurskurðarstefnan, sem sætir vaxandi gagnrýni, hafi ekki borið tilætlaðan árangur.

### Átökin um skiptingu gæðanna

Gegn hatrammri baráttu Landsambands íslenskra útvegsmanna og Sjálfstæðisflokksins tókst snemmsumars að leiða í lög hækkun veiðigjalda fyrir afnot af ríkulegum auðlindum í eigu þjóðarinnar. Í heildina verður gjaldið 13 til 15 milljarðar króna á næsta ári. Það er ágætt fyrir kjós-

Ætli forysta Sjálfstæðisflokksins afneiti því sem „öþægilegri staðreynd“ að allar spár sýna að landsframleiðslan aukist nálægt 3% hér á landi á þessu ári?

endur að vita að margir ráðamenn Sjálfstæðisflokksins hafa strengt þess heit að láta það verða sitt fyrsta verk að afnema þetta gjald komist þeir til valda. Nú vill svo til að útgerðin hagnaðist vel á falli krónunnar sem kostaði almenning í landinu 20 til 30 prósentu kaupmáttarrýrnun í kjölfar hrunsins. Svo vill líka til að þær vaxtabætur, sem greiddar verða heimilunum í landinu í vikunni, nema svipaðri upphæð og það veiðigjald sem lagt hefur verið á sjávarútveginn. Um 18 þúsund fjölskyldur fá sem nemur 30 þúsund krónum á mánuði í vaxtabætur og 6 þúsund til viðbótar fá allt að 50 þúsund

krónum á mánuði. Þörfin fyrir vaxtabæturnar minnkar eftir því sem við vinnum okkur hraðar út úr kreppunni.

### Svigrúm til að liðsinna barnafjölskyldum

Við vitum vel að enn kreppir skórin sum staðar og eftir því sem útgjaldabörfin dregst saman, til dæmis vegna minnkandi atvinnuleysis, skapast meira svigrúm til þess að aðstoða þá sem enn eiga um sárt að binda fjárhagslega. Við hvert prósentustig sem atvinnuleysi dregst saman um minnka útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs um 3 milljarða króna. Þannig hefur ríkisstjórnin uppi áform um að auka stuðning við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta. Reynslnar hefur kennt okkur að það er markviss aðgerð sem nær til ungra skuldugra fjölskyldna með börn á framfæri. Sömuleiðis er ætlunin að hækka fæðingarorlofsgreiðslur og lengja fæðingarorlofið í áföngum.

Formaður Sjálfstæðisflokksins lætur hafa eftir sér að við höfum ekkert val um að skera niður. En fólkíð í landinu hefur val um það hvort það kys yfir sig grímulausa frjálshyggjuna aftur sem sér fátt annað til ráða en miskunnarlausan niðurskurð velferðarinnar og ívilnun fyrir þá sem best eru settir í samfélaginu með riflegri skattalækku.

En landsmenn hafa nú kynnst annarri stefnu en fram kemur í margtuggðu stafi frjálshyggjumannanna um niðurskurð hjá hinu opinbera og einkavæðingu. Það er lífskjarasókn sem byggist á blönduðum aðgerðum. Þar er áhersla lögð á jöfnuð og varðstöðu um velferðarkerfið.

## AF NETINU

### Spinn, spinn á miðju sumri

[...] Ríkisstjórnin sem skilar af sér næsta vor hefur ekki búið við vinsældir – en hins vegar skilað miklum árangri sem nú er að verða alveg heiðskír. Fyrir fram er full ástæða til að ætla að sá árangur nýtist jafnaðarmönnum til að bjóða kjósendum nýjan samning um samstarf. Þar skiptir auðvitað máli hvaða áherslur verða uppi við hjá kjósendum og öðrum framböðum. Mér sýnist núna að stóra spurningin ætli að verða um markmið og leiðir um efnahag og lífskjör, jöfnuð, velferð og skatta. Þar þarf Samfylkingin engu að kvíða. Vonandi snúast kosningarnar líka um atvinnustefnu og græna hagkerfið, um tækifæri og hættur í umhverfismálum, um menntir og menningu – ekki heldur þar þurfa jafnaðarmenn að skammast sín.

[blog.pressan.is/mordur](http://blog.pressan.is/mordur)

Mörður Árnason

### Fiskað í gruggugu vatni

Það eru harðar kosningar í vændum næsta vor. Maður verður að vona að enginn flokkur ætli að fara að gera út á andúð á flóttamönnum og útlendingum eins og hér er boðað. Að lýsa þessu sem „pólitisku átakamáli“ er mjög kaldrifjað – virðist ekki gert í öðrum tilgangi en að fiska eftir atkvæðum í gruggugu vatni. En þarna er gefinn ákveðinn tónn – sá sami og í ógeðfældum leiðara Morgunblaðsins um daginn – það er óskandi að þeir verði ekki fleiri sem spinna þennan þráð. Og svo má spyrja hvað orðið „rétthugsun“ merkir í þessu sambandi – er það kannski samheiti við mannúð?

[eyjan.pressan.is/silfuregils](http://eyjan.pressan.is/silfuregils)

Egill Helgason

# ÚTSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR **30%** AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL **30%** AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR **20-40%** AFSLÁTTUR

VEIÐIDEILD **20-50%** AF ÖLLUM VEIÐVÖRUM

BAKPOKAR-SVEFNPOKAR **30%** AFSLÁTTUR

TJÖLD **20%**

**EVEREST**

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · [www.everest.is](http://www.everest.is)

**PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**

# Kosningalögum verður breytt

## Stjórnsýsla

Ögmundur Jónasson  
innanríkisráðherra



Öryrkjabandalag Íslands lét reyna á það í kæru til Hæstaréttar hvort ógilda bæri nýfastaðnar forsetakosningar þar sem fatlaðir kjósendur hefðu ekki getað haft aðstoðarfólk að eigin vali sér til aðstoðar í kjörklefanum. Nú hefur Hæstiréttur hafnað kröfunni og þar með staðfest tülkun innanríkisráðuneytisins á kosningalögum.

Það breytir því ekki að ég tel baráttu Öryrkjabandalags Íslands reista á réttmætum forsendum eins og fram kom í yfirlýsingu sem ég sendi frá hér með 28. júní síðastliðinn áður en forsetakosningin fór fram. Þar kemur fram hvernig á því stendur að lögum hafði ekki verið breytt og beðist á því afsökunar. Jafnframt hét ég því aðfráttarlaust að ég myndi beita mér fyrir breytingu á lögum þegar í haust. Það loford er hér með áréttað. Mun ég leita samráðs við Öryrkjabandalag Íslands við smíði frumvarpsins.

Í tilefni af þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta efni birti ég hér að neðan yfirlýsingu sem ég sendi frá mér í júní:

„Fyrir kosningar til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 kom fram krafa af hálfu Blindrafélagsins um að einstaklingar sem þyrftu aðstoðar við í kjörklefanum gætu fengið aðstoðarmann að eigin vali sér til hjálpar í stað þess að fá aðstoð í einrúmi frá fulltrúa kjörstjórnar sem bundinn væri þagnarheiti eins og kveðið er á um í lögum. Var þessi krafa m.a. gerð með skírskotun til

þess hve þessar kosningar væru frábrugðnar hefðbundnum kosningum. Á þessum tíma var ég ábyrgur fyrir framkvæmd kosningarinnar sem ráðherra dómsmála á sama hátt og ég er nú gagnvart framkvæmd forsetakosninganna sem innanríkisráðherra.

Niðurstaða mín varð sú fyrir kosningarnar til stjórnlagaþings að ráðuneytið, með skírskotun til 29. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sendi frá sér tilkynningu tíu dögum fyrir kjördag til kjörstjóra vegna atkvæð-

Ljóst er að það er ekki á færi ráðherra að víkja þeim lagaákvæðum til hliðar. Slíkt gæti valdið ógildi kosninganna.

greiðslu utan kjörfundar um að blindir kjósendur mættu koma með aðstoðarmann að sínu vali til þess að fylla út kjörseðilinn. Jafnframt sendi ráðuneytið frá sér aðra tilkynningu daginn fyrir kjördag um að blindum, sjónskertum og þeim sem ekki gætu fyllt út kjörseðil með eigin hendi væri heimilt að hafa með sér aðstoðarmann að eigin vali sér til aðstoðar í kjördeild. Aðstoðarmannurinn mundi undirrita sérstakt heiti hjá kjörstjóra og því væri ekki þörf á að fulltrúi kjörstjórnar væri einnig viðstaddur í kjörklefanum. Rökkin fyrir þessum tilkynningum ráðuneytisins voru þau að um gjörólíka kosningu væri að ræða miðað við hefðbundnar kosningar hér á landi t.d. hvað varðar fyrirkomu-

lag, mikinn fjölda frambjóðenda og flókens kjörseðils.

Þessi niðurstaða þótti ásættanleg af hálfu flestra hlutaðeigandi og leit ég svo á að þessi tilhögun gæti haldist áfram. Þetta skýrir andvaraleysi mitt gagnvart nauðsyn lagabreytinga strax til að nálgast þau markmið sem Blindrafélagið og fleiri vildu ná og ég fyrir mitt leyti er sammála.

Eins og kunnugt er ógilti Hæstiréttur kosningarnar til stjórnlagaþings með ákvörðun sinni 25. janúar 2011 en þar kom skýrt fram að það væri ekki á færi stjórnvalda að víkja frá skýrum fyrirmælum laga um framkvæmd kosninga. Í lögum um framboð og kjör forseta Íslands er kveðið á um að ákvæði laga um kosningar til Alþingis gildi við forsetakosningar. Í síðarnefndu lögum er kveðið á um hvernig veita megji fötluðum aðstoð í forsetakosningum. Ljóst er að það er ekki á færi ráðherra að víkja þeim lagaákvæðum til hliðar. Slíkt gæti valdið ógildi kosninganna.

Af þessum sökum er því miður ekki unnt að verða við kröfum um að fatlað fólk sem þarf aðstoðar við í kjörklefa fái þá aðstoð á annan hátt en skilgreint er í lögum. Í haust mun ég þegar í þingbyrjun leggja fram frumvarp þessu til breytingar og hafa til hliðsjónar breytingar sem Danir og Svíar hafa gert á sínum kosningalögum til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en þeir einir Norðurlandþjóðanna hafa fullgilt samninginn.

Af þessu tilefni vil ég biðja fatlaða sem telja nú á sér brotið afsökunar á því að lögum hafi ekki þegar verið breytt en framangreint er skýring á því hvers vegna málum er háttað eins og raun ber vitni.“

# Ofbeitt og rányrkja

## Verndun lands

Herdis Þorvaldsdóttir  
leikkona og f.v. formaður Lífs og Lands



Gróðurþekju landsins var eytt með ofbeitt og rányrkju svo að moldin varð laus undan vindinum eins og Halldór Laxness segir í frægu erindi sem hann nefndi „Hernaðurinn gegn landinu“ og hann flutti í útvarpinu fyrir u.þ.b. 40 árum.

Enn þann dag í dag erum við stöðugt að láta sauðfé og hesta ráfa stjórnlaut um landið og naga niður allt sem þeir girnast hvort sem er á ofnýttum landsvæðum til mikils skaða eða á annarra manna löndum, því þeir geta ekki varið lönd sín, til mikils ama. Á meðan löngu úrelt lausaganga búfjár er stunduð á landinu er auðvitað ekki hægt að stýra beitinni. Hvers eignum við hin að gjalda, sem eignum líka landið og þurfum með ærnum kostnaði að girða okkur af frá sauðkindinni hvar sem við viljum rækta blóm eða tré, og verðum að láta okkur nægja niðurnöguð blómlaus beitelönd sem vistland þegar við viljum njóta náttúrunnar í ferðum um landið?

Er það ekki virðingarleysi við landið og okkur skattborgarana að láta okkur borga sauðfjárbændum 4,2 milljarða á ári fyrir að framleiða allt of margar skepnur sem stöðugt skaða landið? Svo borgum við Landgræðslunni milljarða fyrir að gera við skemmdirnar vegna ofbeitarinnar sl. 1000 ár, án þess að sannanlegur árangur gróðuraukningar hafi náðst, segir landgræðslustjóri í viðtali. Hann bendir svo á að líklega sé sú litla gróðuraukning

sem sjáist meira hnattrænni hlýnun að þakka frekar en máttlausri viðspyrnu okkar. Jarðvegurinn, moldin, er dýrasta auðlind okkar. Hún er fokin á haf út í tonna tali og gerir enn á stórum svæðum svo líflaus klungur og nakin grjóturð er ein eftir þar sem áður var gróid land sem skýldi jarðveginum.

Þetta ástand mun halda svona áfram eins og hingað til ef við stöðvum ekki gróðureyðinguna og ræktum upp landið, en það tekst aðeins með því að stöðva lausabeitina svo landið fái frið til að græða sárin.

Jóhann Þórðarson, sérfræðingur hjá Landgræðslunni, var meðal fyrirlesara á málþingi sem efnt var til nýlega undir yfirskriftinni „Ástand lands, moldrok eða grænar hliðar“. Hann segir að „langan tíma þurfi til að bæta skaða sem hlýst af upplæstri, við erum að tala um árþúsund í því samhengi“. Aðal-fyrirlesari var Jeffrey Henrick sem er sérfræðingur í ástandi úthaga. Hann talaði um þá áhættu sem fylgir því að stunda ekki sjálfbæra landnýtingu. Afleiðingarnar geti verið grafalvarlegar, við verðum að axla ábyrgð í þessum málum. Allt of lengi höfum við stundað rányrkju og ofbeitt á landinu svo nú erum við þekkt fyrir það að vera með verst farna land af búsetu í Evrópu og með stærstu manngerðu eyðimerkurnar. Það þarf að leita til Norður-Afríku til samjafnaðar. Þvílík skömm. Er ekki kominn tími til að vakna af aldardoðanum og forn-eskjuháttum og horfast í augu við nútímann þar sem krafan er sjálfbær og vistvæn nýting lands? Við verðum að sýna umheiminum að við getum búið í þessu fallega landi okkar, án þess að ryra stöðugt gæði þess fyrir afkomendum okkar.

## AF NETINU

### Villandi tölur um tekjur á Íslandi

Nú er sá tími árs er tímaritið Frjáls verslun og dagblöð birta tölur um tekjur Íslendinga, upp úr skattskrá. Margir hafa áhuga á þessu enda sjálfsagt í lýðræðis-þjóðfélagi að fyrir liggja upplýsingar um slíkt sem og um skattgreiðslur.

Hitt er verra að þær tölur sem birtar eru og kynntar sem upplýsingar um „tekjur“ Íslendinga í ólíkum starfsgreinum eru vægast sagt villandi.

Það sem birt er eru vísbendingar (út frá útsvarsálagningu) um „launatekjur fyrir skatta“, sem er bara hluti af „tekjum“ fólks. Það sem helst vantar eru fjármagnstekjur.

Ef þær væru meðtaldar myndu tölurnar fara nærri því að sýna „heilartekjur fyrir skatt“.

Skiptir það máli? Jú það skiptir verulegu máli, einkum fyrir upplýsingarnar um tekjur hátekjufólks, sem er með langmestar fjármagnstekjur.

Þær tölur sem birtar eru vanmeta því stórlega hærri tekjurnar í samfélaginu, einkum hjá hærri stjórnendum í einkageira. Frávikid er svo mikið að tölur Frjálsar verslunar og dagblaða um tekjur hærri stjórnenda og stóreignafólks eru nær marklausar.

[blog.pressan.is/stefano](http://blog.pressan.is/stefano)

Stefán Ólafsson

# Framtíðarbyggð í Vatnsmýri

## Skipulagsmál

Gísli Marteinn Baldursson  
borgarfulltrúi



umhverfisráðherra. Það er því ekki seinna vænna að ríkisvaldið, sem á og rekur Reykjavíkflugvöll, fari að huga að nýrri staðsetningu. Ljóst er að sveitarfélögin umhverfis Reykjavík eru misáhugasöm um að bjóða land undir flugvöld. Hjá Reykjavíkurborg hefur hins vegar alltaf komið skýrt fram að finni flugvallaserfræðingar ríkisins stað innan Reykjavíkur sem ekki stangast á við uppbyggingaráform borgarinnar, muni málið leysast greiðlega. Andstæðingar byggðar í Vatnsmýrinni hafa íðulega talað um að málefni flugvallarins séu í óvissu, en óvissan liggur aðeins hjá ríkinu. Skipulagsvaldið er hjá Reykjavík, eins og innanríkisráðherra hefur ítrekað í ræðu og riti, og borgin hefur tekið af skarið um skipulag Vatnsmýrarinnar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vill að Vatnsmýrin verði notuð undir flugvöll til fram-búðar, frekar en að þar verði blönduð byggð. Honum er auðvitað frjálst að hafa þessa skoðun, en hann viðurkennir jafnframt að það sé Reykjavík sem fari með skipulagsvald á svæðinu og hún „taki því ákvörðun um það sjálf“ hvernig landið sé nýtt. Allt þetta kom fram í frétt á Stöð 2 í síðustu viku. Það er jákvætt að ráðherrann sýni mál-efnum Reykjavíkur áhuga og tjái sig um skipulagsmál í borginni. Innanríkisráðherra ber skylda til að standa vörð um sjálfsákvörðunar-rétt sveitarfélaga sem kveðið er á um í stjórnarskránni, sveitarstjórnarlögum og alþjóðlegum skuldbindingum.

Í gildi er aðalskipulag Reykjavíkur sem samþykkt var fyrir áratug. Þar kemur skýrt fram að í Vatnsmýrinni skuli rísa blönduð byggð íbúða, þjónustu- og atvinnu-húsnæðis. Fyrri flugbrautin á að víkja árið 2016, en þá verða komin 14 ár síðan aðalskipulagið var samþykkt. Á þeim tíma sagði þáverandi borgarstjóri: „Við munum ekki hrófla við flugvellinum fyrr en eftir 2016. Eftir það förum við í að undirbúa svæðið fyrir frekari uppbyggingu. Við gerum það í sam-ráði við samgönguyfirvöld en við framseljum ekki skipulagsvaldið til þeirra. Við gerum ráð fyrir að samgönguyfirvöld hafi þá mótað sér stefnu varðandi framtíð innan-landsflugs fyrir þetta svæði. Til þess hafa þau nokkuð góðan tíma.“

Það verður að segjast eins og er að ríkisvaldið hefur ekki nýtt sér-lega vel þann tíma sem liðinn er frá því Reykjavík kynnti áform sín og skipulagið fékk staðfestingu

Framtíð Vatnsmýrarinnar er umdeild í öllum flokkum. En það er rétt að árétt að ástæða þess að stærstur hluti borgarstjórnar vill byggja í Vatnsmýri er ekki sú að við hötumst við flugvöllinn. Þvert á móti vilja allir borgarfulltrúar tryggja góðar samgöngur allra landsmanna við Reykjavík. En verk-efni borgarstjórnar er að skipu-leggja byggð fyrir Reykvíkinga framtíðarinnar og blönduð byggð fyrir 15-20 þúsund manns í Vatnsmýri býður upp á kosti sem engir aðrir staðir innan borgarmarkanna gera.

Þaðan eru vegalengdir stuttar í háskólana tvo austan og vestan-megin, að Landspítalanum, stærsta vinnustað landsins, og fjölda ann-arra fyrirtækja sem hafa valið sér höfuðstöðvar vestarlega í borginni. Með byggð í Vatnsmýri geta borgar-yfirvöld náð markmiðum sínum um styttri ferðatíma, fjölbreytilegri ferðamatá, minni mengun, meiri sjálfbærni og þetta og skemmti-lega borg sem laðar til sín hæfi-leikafólk og býður upp á lífsgeði á heimsmælikvarða. Innanríkisráð-herra mætti gjarnan svara því hvar annars staðar það byggingarland er sem býður upp á þessa kosti.

**LÁTTU FAGMENN META GULLIÐ**

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki. Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10-18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

**JÓN & ÓSKAR**

Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind

ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR

# LJÓSadAGAR


Komdu og gerðu góð kaup  
á Ljósadögum Pfaff.

Pú færð ókeypis ráðgjöf  
ljósaönnuðar, toppgæði  
og glæsilega hönnun á  
frábæru verði hjá okkur.



LOFTLJÓS HALOGEN 50W  
VERÐ ÁÐUR 11.900,- NÚ 8.000,-

**SPARAÐU 33%**



AMORE LOFTLJÓS  
VERÐ ÁÐUR 25.900,- NÚ 20.000,-

**SPARAÐU 25%**




GÓFLAMPI MEÐ LESARMI  
VERÐ ÁÐUR 29.800,- NÚ 18.000,-

**SPARAÐU 40%**



LOFTLJÓS  
VERÐ ÁÐUR 45.900,- NÚ 25.000,-

**SPARAÐU 45%**



AXELLE VEGGLJÓS  
VERÐ ÁÐUR 13.900,- NÚ 7.800,-

**SPARAÐU 45%**



ÚTLJÓS UPP/NIDUR LÝSING  
VERÐ ÁÐUR 13.900,- NÚ 7.800,-

**SPARAÐU 45%**

kíktu inn á [www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

**PFAFF**



**64 SIGURÐUR PÁLSSON** skáld er 64 ára í dag.  
„Skriptir eru að langmestu leyti fólgnar í lestri.“

AFMÆLI



**AUÐUR SVEINS-DÓTTIR LAXNESS** er 94 ára.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON** alþingismaður er 52 ára.



**ÁRNI SIGFÚSSON**, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, er 56 ára.



**ARNÓR GUÐ-JOHNSEN**, fyrrverandi knattspyrnumaður, er 51 árs.



**KRISTIAN GUTTESSEN** ljóðin í hans sjöundu ljóðabók, *Vegurinn um Dimmuheiði*, urðu til á fimm ára tímabili og segir hann mesta vinnu hafa farið í að skera niður það mikla magn ljóða sem safnaðist upp.

KRISTIAN GUTTESSEN: GEFUR ÚT SÍNA SJÖUNDU LJÓÐABÓK

## HUGARFARSLEG VEGFERÐ

Kristian Guitesen sendi frá sér sína sjöundu ljóðabók á dögum, *Vegurinn um Dimmuheiði*. Drunginn svífur yfir vötnum á kápunni – titillinn í rauðu gotnesku lettri þrykkur á svartan bakgrunn – sem skáldið segir að endurspegli vissulega inntak ljóðanna.

„Jú, það er myrkt yfir, ætli það sé ekki einfaldast að lýsa þessu sem hugarfarslegri vegferð,“ segir Kristian. „Þetta eru persónuleg ljóð, að miklu leyti er ég að yrkja um sjálfan mig og líf mitt.“

Bókin var lengi í vinnslu, elstu ljóðin urðu til snemma árs 2007 en þau nýjustu á þessu ári. „Ég settist ekki niður gagngert til að semja ljóðabók, ljóðin urðu til á löngum tíma og voru langtum fleiri; ef ég væri tónlistarmaður hefði ég verið með meira en nóg efni í tvöfalda plötu. Í raun var mesta vinnan fólgin

í því að skera niður og setja saman ljóð sem þösuðu saman í einni bók.“

Kristian skrifar einnig hefðbundinn prósa. „Ég hef stundað nám í heim-speki og ritlist við Háskóla Íslands og skrifað talsvert af prósa í tengslum við það, en einungis birt í tímaritum. Suma textana skar ég niður og setti í bókina.“

Kristian segir ljóðlistina ekki hafa legið beint við sér; hann minnst þess að hafa lesið Skólaljóðin í barnaskóla án þess að finna til mikillar tengingar.

„Mér fannst eins og það væri aldamúr milli mín og klassísku skáldanna. En svo komst ég í nútímaskáldin og þá opnaðist fyrir mér nýr heimur, sem mér fannst ferskur og sökkta mér í. Móðurbróðir minn er Bjarni Bernharður og ég byrjaði að lesa hann mjög snemma og hann hefur verið mikill áhrifavaldur, auk fleiri skálda.“

Kristian er einnig virkur í þýðingum og var meðal annars tilnefndur til

**Minning**

Máninn minnir mig á betlara sem kom og söng bakvið blokkina einu sinni í mánuði Eins og allt sé horfið Eins og karlinn í tunglinu sé íklæddur svörtum leðurjakka sem ég stal frá þér

Íslensku þýðingarverðlaunanna fyrir þýðingu sína á norsku skáldsögunni Brekkunni eftir Carl Frode Tiller. Nú um mundir er hann upptekinn við að snara Sygdommen til Døden – eða Sótt hinna dauðu – eftir danska heimspekinginn Søren Kierkegaard yfir á íslensku. „Hún er ekki löng en textinn ansi þungur,“ segir hann. „Ég vonast hins vegar til að þýðingin komi út á næsta ári á tveggja alda afmæli Kierkegaards.“ bergsteinn@frettabladid.is

†  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR**  
Dúnna,  
Lækjarsmára 4, Kópavogi,  
lést fimmtudaginn 26. júlí.

Halldór Ólafsson  
Inga Ólafsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
Ómar Örn Ólafsson  
Gunnar Ólafsson  
Ólafur Jóhann Ólafsson  
barnabörn og langömmubarn.

Gyða Þórisdóttir  
Guðmundur Jónsson  
Guðmundur Ingi Ásmundsson  
Sigurbjörg Alda Guðmundsdóttir  
Brynhildur Ásgeirsdóttir  
Sigríður Einarsdóttir

†  
Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,  
**HALLVARÐUR SIGURÐUR GUÐLAUGSSON**  
húsasmíðameistari,  
frá Búðum, Hlíðuvík,  
til heimilis að Furugrund 12,  
lést þann 18. júlí. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 11.00.

Guðmundur Hallvarðsson  
Lilja Dögg Guðmundsdóttir  
Hallvarður Jón Guðmundsson  
Elfa Rún Guðmundsdóttir

Anna Margrét Jónsdóttir  
Elvar Már Ólafsson

†  
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**ANNA GUÐJÓNSDÓTTIR**  
frá Núpi í Fljótshlíð,  
Bólstaðarhlíð 41,  
verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 1. ágúst kl. 15.00.

Guðrún Pétursdóttir  
Guðjón Örn Pétursson  
Hólmfríður Pétursdóttir  
Guðbjörg Pétursdóttir  
Karítas Pétursdóttir  
Dóra Pétursdóttir

Kristján Aðalsteinsson  
Ágústa Sumarliðadóttir  
Ólafur M. Óskarsson  
Ólafur Ragnarsson  
Símon Sigurpálsson  
Jón Á. Kristjánsson  
Hrund Logadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

†  
Elsku besti vinur minn, ástkær faðir, tengdafaðir, afi, langafi, langalangafi og bróðir,  
**BRAGI VESTMAR BJÖRNSSON**  
skipstjóri,  
frá Sjónarhóli, Hafnarfirði,  
til heimilis að Ásbúð 96, Garðabæ,  
lést á heimili sínu 23. júlí síðastliðinn. Bálför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlyningu LSH sími: 543-1159.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Anna Luckas  
Guðbjörg Birna Bragadóttir  
Harpa Bragadóttir  
Þóra Bragadóttir  
Geir Bragason  
Erna Dóra Bragadóttir  
Guðmundur Ýmir Bragason  
Karl Udo Luckas  
Claudia M. Luckas  
Frank D. Luckas

Rolf Aage Larsen  
Hafsteinn Ólafsson  
Arnfinn Johnsen  
Guðrún Hallgrímsdóttir  
Rósa Linda Thorarensen  
Þórður Bachmann  
Gígja Magnúsdóttir

ÞETTA GERÐIST: 30. JÚLÍ 2003

## Síðasta Bjallan með gamla laginu

Síðasti bíllinn af gerðinni Volkswagen Type 1, sem er betur þekktur undir heitinu Bjallan, rann af færbandinu þennan dag fyrir fimm árum.

Framleiðsla bílsins hófst árið 1938. Menn fóru fljótlega að kalla hann Bjölluna sín á milli en framleiðandinn sjálfur tók heitið ekki upp fyrr en í tengslum við kynningarefni á bifreiðinni í ágúst árið 1967.

Bjallan naut mikilli vinsælda á sjöunda áratug síðustu aldar. Vegna harðnandi samkeppni færðist framleiðsla bifreiðanna

frá Þýskalandi til Brasilíu og Mexíkó, en sjálfstæðir innflytjendur í Evrópu fluttu þær inn frá Brasilíu og Mexíkó þar til framleiðsla var hætt.

Síðasta Bjallan var framleidd í Puebla í Mexíkó 30. júlí árið 2003 og síðustu þrjú þúsund bílarnir seldir sem 2004 árgerð. Stjórnvöld í Mexíkó bundu enda á framleiðslu, þar sem þeim þóttu bílarnir ekki uppfylla þá útblástursstaða sem þar voru settir. Síðast en ekki síst höfðu vinsældir bílanna dvínað, þar sem neytendur sóttu í auknum mæli í nýttískulegri bifreiðar.



†  
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**HALLDÓRA GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR (HÆDY)**  
Köldukinn 16, Hafnarfirði,  
sem lést 23. júlí á Landspítalanum, verður jarðsöngin frá Hafnarjarðarkirkju mánudaginn 30. júlí kl. 13.00.

Jón Marteinnsson  
Ólöf Marteinsdóttir  
Þorlákur Marteinnsson  
barnabörn og langömmubörn.

Maria Hjartardóttir  
Vilhjálmur Ragnarsson  
Unnur Bjarnþórsdóttir

†  
Ástkær sonur minn, fóstursonur og bróðir,  
**GUÐMUNDUR BRYNBJÖLFUR HERSIR SERGI**  
Hátúni 10,  
lést á heimili sínu laugardaginn 21. júlí. Jarðsöngið verður frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Geðhjálp.

Unnur María Hersir  
Jóhann Stefánsson  
Helga Jóhannsdóttir  
Hjörtur Jóhannsson  
Ása Jóhannsdóttir og fjölskyldur



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HEIMARÆKTAÐAR KRYDDJURTIR

Ræktun kryddjurta er skemmtileg og um leið bragðgóð leið til að lifga upp á eldhúsgluggann sem og matreiðsluna. Úrval kryddjurta sem hægt er að rækta er mjög fjölbreytt og er basilíka þar á meðal.

**SIL-AIR**

**SIL-AIR 50/24**

50 l/min - 1.77 CFM  
8 bar - 116 psi

Afkastar 50L/min og 8.bar/116 psi. 24 lítra kútur. Vegur aðeins 27.kg. B:40cm x D:40cm x H:60cm.

Einungis 40 dBA, eða svipað og heyrir í venjulegum ísskáp.

**Meðfærileg, létt og afar hljóðlát loftpressa.**

**JARN&GLER** Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

**HUGGULEGT**  
Þóreyju finnst best að byrja daginn í fallega hvíta sófanum með útsýnið fyrir framan sig.  
MYND/ERNIR



## SÆKIR INNBLÁSTUR HVERT SEM HÚN FER

**ALLTAF AÐ LÆRA** Þórey Magnúsdóttir, myndlistakona, opnaði sýningu á Sóloni á dögnum. Á heimili hennar er að finna fallega muni og listaverk sem hún hefur sankað að sér í gegnum tíðina.

Listakonan Þórey Magnúsdóttir, sem gengur einnig undir nafninu Æja, býr í fallegu húsi í Reykjavík. Þar á hún sér fallegt og friðsælt horn þar sem hún byrjar daginn. „Hér sé ég himininn og finnst gott að byrja daginn minn í rólegheitum í þessu horni. Ég get fylgst með mismunandi árstíðum út um gluggann á meðan ég sit með kaffibollann og les blaðið,“ segir Þórey.

Inni á heimili Þóreyjar er að finna mikið af gömlum og nýjum hlutum sem

hún blandar saman. Hún hefur sankað að sér miklu af fallegum munum sem munu eldast með henni í þessu stórglæsilega húsi. Verandi listakona þá á Þórey mikið af fallegum listaverkum eftir fjöldann allan af listamönnum sem fá að njóta sín á heimili hennar.

Hún var nýverið með sýningu á Akureyri og hefur sett upp nýja á kaffihúsinu Sóloni í Bankastræti. Hún heitir „Á milli tveggja heima“ og fjallar um tenginguna við náttúruna og dýrin ásamt líkamsbeitingu mannfólksins.

FRAMHALD Á SÍÐU 2



**MARÍA MEY**  
Þórey hefur safnað stytum af Maríu mey frá því hún var unglíngur.  
MYND/ERNIR

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**SKORRI**  
**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

# SUMAR ÚTSALA

12 mánaða  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

\*3,5% lántökugjald

**20-50%  
AFSLÁTTUR**

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.


**SAGA/FREYJA OG ÞÓR**  
Hágæða heilsudýnur



**SAGA/FREYJA**  
Queen rúm, nú aðeins 129.900  
**ÞÓR** Queen rúm, nú aðeins 149.900

**IQ-CARE**

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA  
HEILSURÚMA



**PROFLEX**

2x80x200

339.900 með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnum



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**HÚSVERKIN SKEMMTILEGRI**  
Tónlist og tjútt við húsverkin

■ **SETTU HRAÐAMET**  
Það er aðeins lítill minnihlutahópur sem hefur gaman af því að þrifa. Til eru ráð fyrir okkur hin til þess að gera húsverkin þó nokkuð bærilegri. Það má til dæmis hafa góða tónlist í gangi á meðan ryksugað er, hækka hana í botn og jafnvel dilla sér í takt við hana. Svo er hægt að fara í keppni við sjálfan sig í klósettþrífum eða í uppvaskinu og reyna svo að bæta hraðametið í hverri viku. Þá má horfa á upphaldspáttinn uppi í sófa á meðan gengið er frá þvottinum. Ef þessum ráðum er fylgt eftir, þá verða húsverkin miklu skemmtilegri.



## MIKIL VIÐURKENNING

**ARKITEKTÚR** Studio Granda Arkitektar gerðu sýningarskála Íslands á samnorrænni sýningu sem nýlega opnaði á Louisiana-safninu í Kaupmannahöfn.

Fyrir stuttu opnaði sýning í Louisiana-safninu í Kaupmannahöfn sem ber yfirskriftina „New Nordic – Arkitektúr og sérkenni“. Þar er leitast við að veita gestum innsýn í sérkenni norræns arkitektúrs. Fimm arkitektastofum frá Norðurlöndunum var boðin þátttaka í sýningunni og þær beðnar um að byggja einn sýningarskála hver sem bæri staðarhátum, sérkennum og reynsluheim þeirra vitni. Arkitektastofunni Studio Granda var boðin þátttaka fyrir Íslands hönd. „Það er mikil viðurkenning fyrir okkur og við teljum okkur heppin að hafa fengið tækifæri til að hanna íslenska skálann sem er einn af fimm miðpunktum sýningarinnar,“ segir Steve Christer, arkitekt og eigandi Studio Granda.

Skálinn er samsettur úr tveimur bárujárnsskeljum sem umlykja rautt hraunberg og innganga í skálann er um sextíu sentímetra vítt op. Gólf er stráð muldu hraunbergi sem snarkar og brestur í þegar gengið er um skálann. „Við reyndum að ná þeirri tilfinningu að það

sé hægt að vera einn með sjálfum sér en um leið hluti af einhverju sem er miklu stærra en maður sjálfur sem persóna. Við vildum koma því á framfæri að möguleiki á þessari einveru er svo mikilvægur,“ segir Margrét Harðardóttir arkitekt og eigandi Studio Granda.

Mikið hefur verið lagt í sýninguna og eru gagnrýnendur í Danmörku á einu máli um að hér sé á ferðinni stórkostleg og fræðandi sýning. Sýningin gefur greinargóða mynd af samnorrænum stefnum í arkitektúr landanna en greinir jafnframt frá sérkennum hvers lands og hvernig umhverfi og þjóðhættir móta stíl.

Við inngang sýningarinnar hafa þrjátíu stofur og einstaklingar verið fengirn til þess að gefa innsýn í menningu hvernar þátttökupjóðar. Aðilarnir voru beðnir um að túlka sérkenni sinnar þjóðar hver á sinn hátt og er um að ræða vídeó, innsetningar, nytjahluti, bækur og fleira sem mætir gestum við inngöngu á sýninguna. Sýningin stendur til 21. október 2012.

■ [lilja.bjork@365.is](mailto:lilja.bjork@365.is)

### BÁRUJÁRN OG HRAUNBERG

Íslenski skálinn á sýningunni í Louisiana-safninu er gerður úr bárujárnsskeljum sem umlykja rautt hraunberg og innganga í skálann er um sextíu sentímetra vítt op.

## ÚTSÖLULOK



Núna færð þú 25% viðbótar-afslátt af öllum útsöluvörum

Flott föt fyrir flottar konur  
st. 40 – 58

Verslunin Belladonna á Facebook

**belladonna**

Skeifunni 8 · 108 Reykjavík · Sími: 517-6460  
[www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)

# ÚTSALAN hefst í dag



25-60% afsláttur af öllum vörum

**Lín DESIGN**

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)



■ FRAMHALD AF FORSIÐU

Þórey er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum þar sem hún fæst við ýmis verkefni. Þórey segir að listamenn séu alltaf að vinna því þeir séu sífellt að sækja sér innblástur og það sé alltaf hægt að læra meira. Hún er menntuð myndlistakona og er enn að sækja námskeið í myndlist. Í haust heldur hún á myndlistar-námskeið til Barcelona. ■ [gunnhildur@365.is](mailto:gunnhildur@365.is)



■ ÖNDANLEIKI Skúlpútur eftir Þóreyju.

MYND/ERNIR

### BJÖRT STOFA

Hér þykir Þóreyju best að byrja daginn.

MYND/ERNIR



### FJÖLSKYLDUVEGGUR

Dætur Þóreyjar, Ingi-björg og Kristín Heiða Magnúsdætur.

MYND/ERNIR

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
BÖRN EIGA RÉTT Á  
VERND GEGN OFBELDÍ?

## Hæð á góðum stað við Laugardalinn

Heimili fasteignasala kynnir: Hraunteigur – vel skipulögð sérhæð ásamt bílskúr. Frábær staðsetning við Laugardalinn. Töluvert endurnýjuð eign.

Eignin skiptist í 131,8 fm íbúð á hæðinni, 4,2 fm geymslu í kjallara og 19,7 fm bílskúr. Heildarstærð eignarinnar er 155,7 fm.

Komið er inn í anddyri með flisum. Þá tekur við hjart hol með parketi á gólfi. Barnaherbergi með parketi. Rúmgott barnaherbergi með parketi og skápum. Rúmgott hjónaherbergi með parketi og skápum. Eldhús með parketi á gólfi, vönduð eikarinnrétting, Siemens-tæki, borðkrókur. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar með sturtu yfir, innrétting.

Stór borðstofa með parketi, gengið út á svalir í suður. Björt rúmgóð stofa með parketi, opið er á milli stofanna.

Í kjallaranum er sérgeymsla með hillum og sameiginlegt þvotta-




Húsið stendur við Hraunteig og er vel skipulagt.

hús. Innfelldur bílskúr með sér-bílastæði fyrir framan fylgir.

Íbúðin var mikið endurnýjuð árið 2003, meðal annars eldhúsið, baðherbergið og gólfefni. Að sögn seljanda hefur rafmagn og dren einnig verið endurnýjað.

Mjög góð staðsetning í grónu hverfi þar sem stutt er í skóla, Laugardalinn og alla þjónustu.

Nánar upplýsingar eru veittar hjá Heimili, fasteignasölu sími 530-6500.



Borðstofan er rúmgóð.



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

### Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða [audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi

[audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Auður Kristinsdóttir


### Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

Einar Páll Kjærsted  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)



#### Háholt 4A - 270 Mosfellsbær



\*Nýtt á skrá\* Vorum að fá í sölu fjórar fallegar 91,8 og 94,9 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúðir með sér inngangi á 2. og 3ju. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Háholt 4A í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðirnar afhendist fullbúnar með innréttingum en án gólfefna í stofu og herbergjum, flisar eru á baðherbergi, þvottahúsi og í forstofu. Bjartar og vel skipulagðar íbúð. Stórar og fallegar innréttingar. Íbúðir staðsettar í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla. V. 22-23 m.

91,8 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð með á 1. hæð. Íbúðin afhendist tilbúin til innréttinga. Flisar eru á baðherbergi, þvottahúsi og í forstofu. V. 18,5 m.

#### Klapparhlíð 20 - 270 Mosfellsbær



Mjög falleg 113,5 m<sup>2</sup> endalíbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli ásamt 27,9 m<sup>2</sup> bílskúr við Klapparhlíð 20 í Mosfellsbæ. Fallegt útsýni. Frábær staður, stutt í skóla, leikskóla og glæsilega sundlaug. V. 31,9 m.



Álfrólsvegur - 200 Kópavogur  
Mjög fallegt endarahúsið með aukalíbúð í kjallara og bílskúr við Álfrólsvæg í Kópavogi. Eignin er skráð 195,4 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 130,7 m<sup>2</sup>, bílskúr 37,9 m<sup>2</sup> og íbúð í kjallara 26,8 m<sup>2</sup>. En hluti af íbúðinni er óskráður og ekki á teikningu ca. 35-40 m<sup>2</sup>. V. 41,9 m.



Reynihvammur 41 - 200 Kópavogur  
Falleg 4ra herbergja jarðhæð með sérinngangi í tvíbýlishúsi við Reynihvamm 41 í Kópavogi. Gróinn og fallegur staður í Kópavogi. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 22,0 m.



Hraunbær - 110 Reykjavík  
Björt og rúmgóð 64,8 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt geymslu við Hraunbæ 102F í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 15,5 m.



Sævangur 23 - 220 Hafnafjörður  
459,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum, á fallegum stað við Sævang 23 í Hafnarfirði. Húsið skiptist í dag í rúmgóða íbúð á miðhæð með risi. Bílskúr sem er 39,5 m<sup>2</sup>. Á neðri hæð hafa verið innréttaðar 3 2ja-3ja herber. íbúðir sem eru í útleigu. V. 69,9 m.

#### Lækjartún - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 235,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr við Lækjartún í Mosfellsbæ. Eignin er skráð hjá Þjóðskrá 235,2 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 202,0 m<sup>2</sup> og bílskúr 33,2 m<sup>2</sup>, en óskráð íbúðarrými í kjallara er ca 45 m<sup>2</sup> í viðbót. Stór og fallegur garður með sundlaug og timburvernd með heitum potti. V. 48,0 m.

#### Grund - Sumarhús við Varmá í Mosfellsbæ



Sumarhúsið Grund, sem er 65,0 m<sup>2</sup> sumarhúsið ásamt 36,6 m<sup>2</sup> gróðurhúsi á 6.600 m<sup>2</sup> skógvaxinni eignarlóð við Varmá í Mosfellsbæ. Sérstök eign á fallegum stað - skv. deiliskipulagshugmynd var ætlunin að skipta lóðinni í þrjú hluta, tvær lóðir undir einbýlishús og eina undir sumarhúsið. V. 34,0 m.

#### Krókatjörn - í Miðdalslandi



Fallegt sumarhús á 10.000 m<sup>2</sup> eignarlóð við Krókatjörn í Mosfellsbæ. Þetta er fallegt 51,8 m<sup>2</sup> sumarhús með milli-lofti, góð timburvernd með skjólgirðingu, mikill gróður umhverfis húsið og eignarlóðin nær niður að Krókatjörn. V. 22,5 m.



Traðarholt - Kjós  
Fallegt 210 m<sup>2</sup> einbýlishús á 6.900 m<sup>2</sup> eignarlóð við Traðarholt 1 í Kjós. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, stóra stofu, gestasnyrtingu, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi, þvottahús og baðherbergi. V. 33,9 m.



Rauðamýri 1 - 270 Mosfellsbær  
Björt og falleg 143,1 m<sup>2</sup> endalíbúð á jarðhæð með sérinngangi við Rauðamýri 1 í Mosfellsbæ. Íbúðinni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 31,9 m.



**SÉRBYLI**



**Hverafold**

275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 24,2 fm. innbyggðum bílskúr í rólegu og barnvænu hverfi. Aðalhæðin skiptist m.a. í bjarta stofu og borðstofu með mikilli lofthæð og útsýni. Eldhús með sérhannaðri innréttingu. 4 góð svefnherbergi og baðherbergi sem er nýlega endurnýjað. Auk þess 3ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Garður til suðurs í góðri rækt. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.



**Ólafsgesili**

Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á stórrí og viðhaldslitilli hornlóð á frábærum útsýnisstað í Grafarholti. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í öllum loftum. Stórar samliggjandi stofur. Hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi innaf. Húsið er klætt með íslensku líbariti. Falleg lýsing á lóð og húsinu að utan. Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Ellen Tyler. Fallegt útsýni úr stofum yfir gólfvöllinn og borgina. Verð 93,0 millj.



**Markarflöt – Garðabæ**

Fallegt og vel skipulagt 199,7 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað á sl. 5 árum. Aukin lofthæð er í öllu húsinu. Samliggjandi stofur með gólfisíðum gluggum. Þrjú herbergi og eitt herbergi innaf bílskúr. Parket nýlega slípað og lakkað. Gólfhiti. Skjólgóð steypt verönd fyrir framan húsið til suðurs. Hús að utan nýmálað. Verð 58,9 millj.



**Pingasel**

Glæsilegt 363,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er búið að skipta um öll gólfefni, innréttingar, innihurðir, bæði baðherbergi o.fl. Stórt opið rými sem í eru samliggjandi stofur með útsýni að Esjunni. Stórt eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa inn af holi. Mjög stórt hjónaherbergi með miklum fataskápum og innréttingum. 3 barnaherbergi. Innaf tvöföldum bílskúr eru góðar geymslur og rými sem nýtt hefur verið undir líkamsrækt. Stór lóð með skjólgóðum veröndum. Verð 67,0 millj.



**Byggðarendi.**

Fallegt 270,6 fm. einbýlishús með aukalíbúð við Byggðarenda. Húsið er mikið endurnýjað. Aðalíbúðin skiptist m.a. í eldhús með eyju og vandaðri sérsmíðaðri innréttingu, stofu og borðstofu með útgengi í garð, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, tvö barnaherbergi og flisalagt baðherbergi. Hiti í gólfum að hluta. Innfelld lýsing á efri hæð. Sér íbúð á neðri hæð. Glæsilegur og sólrikur garður til suðvesturs. Stór verönd úr harðvöð og heitur pottur. Verð 85,0 millj.



Mercedes E 320 CDI avangarde dökkgrár Ek.176þkm V. 4.9M strg 3.8 M S. 662 1663 eða 772 0133.

## 250-499 þús.

Suzuki Vítara árg. '00, ek. 150 þús. Verð 450 þús. Nýskoðuður, enginn skipti. 821-5977

## 1-2 milljónir



Toyota Auris, Diesel, sjálfskiptur, árg. 12/2007, ek: 91þ.km. eyðsla 5 lítrar, Verð: 1.990. þús. Upplýsingar í síma 699-5880. Möguleiki að yfirtaka lán uppá 1.600, þús., lítil útborgun!

## Bílar óskast

**Vantar jeppa 0-150þ.**  
Vantar dísel jeppa má þarfnast lagfæringa. Skoða allt allar teg. allar árg. á verðinu 0-150 þ. S:857 9326

## Jeppar



Til sölu Toyota Hilux 2006 ekinn 130 þús. Er til í að skoða skipti upp að 700 þús. Verð 2.770 þús. Uppl. í 895-9066

## Sendibílar



**KEYRSLA.IS**  
Sími 820-3880  
Ódýr sendibílaþjónusta [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is)  
S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólhýsi



Til sölu er lítið notað HOBBY 495 UFE hjólhýsi árg. 2006. Athugasemdalas skoðun til 2014. Ásett verð 2.4 milljónir. Uppl. í síma 821 2171

## Felliþýsi



Rockwood Freedom fellih.'99 - 8ft. Vaskur, gasmiðstöð. Gas-eldavél. Nýlegt fortjald. Ísskápur-rafmagn. Útvarp m/ cd. Ásett verð 650þ. Uppl. í síma 898 6410



Coleman Taos 8 feta „99 ný 100 watta sólarcella, ný 550 L tendarmömmubox, Toppluga, Fortjald, rafmagnsdæla. Einn eigandi, Glæsilegur vagn, Uppl. í s.896-4014.



VIKING FELLIÞÝSI 8 feta 98" nýskoðuð, ný dekk, nýfirfirinn lyftibúnaður Fortjald „svefnþjöld, markísa, ofl. Verð570 þús Uppl. í s: 895-9066

## Vinnuvélar



Tveir 44" breyttir Patrol jeppar með öllum hugsanlegum aukabúnaði, lítið eknir, góð þjónustusaga. Tilvaldir í ferðaþjónustu. Upplýsingar um bílana veitir Guðni í síma 868-1963 en tilboð sendast á [formadur@fbsr.is](mailto:formadur@fbsr.is).

Allir varahlutir og þjónusta fyrir  
**JCB**  
vinnuvélar  
Sími 527-2600  
[www.Velavit.is](http://www.Velavit.is)

## Lyftarar



**Körfulaleiga**  
Ódýr og góð þjónusta. Ný vinnuhæð 35 metrar.  
S. 893 3573.

## Hjólbarðar



**VÖRUBÍLADEKK**  
NÝ OG SÓLUÐ  
**pitstop**  
SÍMI 568 2020 | PITSTOP.IS



**Notuð dekk - notuð dekk**  
Þú finnur úrval af notuðum fólksbíla- og jeppadekkjum á góðu verði á [www.pitstop.is](http://www.pitstop.is)

## Varahlutir



## VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hj. S. 534 1045.

## Japanskar vélar

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. [www.japanskarvelar.is](http://www.japanskarvelar.is) / [www.carparts.is](mailto:www.carparts.is) japvel@carparts.is

Til sölu flak af Ford '47 ásamt varahlutum. Verð 35 þús. Uppl. í s. 699 7284.

## Varahlutavaktin

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opíð 09-18 og lau. 12-16.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Smápartar.is

Smápartar er partasala sem sérhæfir sig í pörtum fyrir Subaru og Skoda, eigum orðið þó nokkuð af góðum varahlutum í Imprezu, '97 til '02 einig í Legacy 97 og 99. Erum einnig með Skoda Octavia 04 og 06. Einnig kaupum við Subaru og Skoda til niðurrifs. Nánari upplýsingar í síma 5675040 eða 7785040 nú eða á [WWW.smapartar.is](http://WWW.smapartar.is)

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**  
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## AB - PÚST

Almennar pústviðgerðir og sérsmiði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Pípulagnir

Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 og 699 6069

### Faglerðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

## Pawel ræstingar!

Öll almenn þríf, flutningsþríf, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stígagangar. S. 842 6522

## A-Ö Þríf&amp;Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Vy-þríf ehf.

Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja

## Sælugarðar.is

- Garðsláttur
- Skjólveggjasmíði
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmiði


Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!

Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsmiðameistarar. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

## GARÐLIST

**ÚTSALA**  
**15-30%**  
**afsláttur**



## FISKISTOFA

## Leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2012/2013

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2012/2013, sbr. reglugerð nr. 1051, 28. desember 2009, um veiðar á sæbjúgum, með síðari breytingum.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og skulu þeim fylgja upplýsingar um veiðar umsækjenda á sæbjúgum þrjú síðustu fiskveiðiári.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2012.

Fiskistofa 30. júlí 2012

## Láttu fagmenn vinna verkið.

Hellulagnir  
Jarðvegsskipti  
Drenlagnir og  
öll önnur jarðvegsvinna.  
Vönduð vinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.  
Bjössí 696 6676  
www.hellulagnir.is

## Alhliða garðþjónusta

## Garðþjónusta Islands ehf

Túnþökusala Oddsteins  
• Lóðabókur • Holtagróður  
• Fótboltaþókur • Þökulagning  
• Golfvallagrass

Margra ára reynsla  
S: 663 6666 / 663 7666  
www.tso.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málalarar

## Bjössí málari kemur húsinu í stand!

Gerir tilboð í málingarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

## Málningarþjónusta Reykjavíkur

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Meindýraeyðing

## Drepum geitungana

Geitungasímminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



Vissir þú að...  
BÖRN EIGA RILT Á  
VERM GEGN ÖFBEIÐI?

## Húsviðhald



## Húsviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis

Múrarar, málarar, háþrýstipvottur, smíðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

PVC - U  
PLAST GLUGGAR  
& HURÐIR  
ÍSLENSK  
FRAMLEIÐSLA

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar  
Selhelli 13 Hafnarfirði  
Sími: 554 2800  
www.kjarnagluggar.is



Parket og sólpallaslípun um allt land. 20 ára reynsla og þjónusta. Gerum pallinn og gólfíð eins og nýtt. Gegnheila eikin komin aftur, aðeins 4.900 kr fm. Facebook vinir fá 10% afsl parketslípun parketmenn Munið númerið...7728100.

Smíðum eftir máli

Hurðir & Gluggar  
www.hurdiroggluggar.is  
Kaplahauni 17 • Hafnarfirði  
S: 565 4123 • eljo@internet.is

## Tröppuviðgerðir

Múrviðgerðir, máln og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Gerum tilboð. Smíðalausrn. S. 899 3011.

## Spádómar

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.  
Einkatímur.  
Tímabantanir í s. 587 4517 Erla.

Nympha-dora  
Tarot-lesur og Kristalkúla með leiðsögn að handan  
SÍMI 562 8211

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDILL

- SPÁI Í SPIL  
- OG KRISTALSKÚLU  
- HEILUNAR TÍMAR  
- FYRIRBÆNIR  
- ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525  
www.engill.is

Spásímminn 908 5666  
Stjórnumspá. Tarot. Ársspá.  
Draumráðningar, ást og peningar.  
Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta  
Sími 893 1733  
Jón Jónsson  
Löggiltur rafverktaki  
www.raflagnir.is

## Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

## Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

Háþrýsipvottur og Sandblástur  
á nánast hvað sem er  
S: 860 2130

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu

Slökkvitækja-þjónusta

oryggi.is  
Sími 570 2400  
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



## Lok á heita potta og hitaveituskeljar.

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaþarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.

Sími 777 2000 www.heitipottar.is

## Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is  
Upplýsingar í síma 661 7000.

**Kaup gull!**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáid góð ráð.  
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

## KAUPUM GULL


og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja.  
Sigga & Timo Linnettsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854  
www.siggaogtimo.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



## Harðviður til húsbbygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is  
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate  
Bathmate er nú með  
€ evottun!  
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!  
Pantana & upplýsingasími  
849 0698  
www.bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur



Sjálfstaðir dreifingaraðilar  
Forever Living Products.

Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Fritt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þynjast? Prófaðu Herbalife! Ólög 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## NUDD OG HEILSA

Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAADGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opíð frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímabantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

## Veðiðeyfi

Til sölu veiðileyfi í Syðri Brú í Soginu um helgina. Veitt er frá seinnipart laugardags til hádegis á mánudag. Upplýsingar í síma 699-5880.



Vissir þú að...  
BÖRN EIGA RILT Á  
VERM GEGN ÖFBEIÐI?



## VERÐUR AÐALSMERKI

**SAMNINGUR Í HÖFN** Íslensk-ameríski hönnuð-urinn Chuck Mack hefur undirritað samning við sænska fyrirtækið Design House Stockholm um framleiðslu á skrifborðinu Fákur.

**B**orð íslensk-ameríska hönnuðarins Chucks Mack verður aðalsmerki skrifstofuhúsgagnalínu Design House Stockholm fyrir heimili en fyrirtækið sérhæfir sig í norrænni samtímahönnun á húsgögnum, ljósum, fatnaði og borðbúnaði.

Leiðir Chucks og Design House Stockholm lágu saman á DesignMatch, sem fer fram ár hvert í tengslun við HönnunarMars. Hönnun hans vakti athygli Anders Færdig, eiganda og forstjóra Design House Stockholm, og Piu Karlsson, framkvæmdastjóra vöruþróunar fyrirtækisins. „Ég hef alltaf tekið þátt í DesignMatch en það er vettvangur sem reynist hönnuðum sem vilja koma sér á framfæri vel. Forsvarsmönnum Design House Stockholm leist vel á það sem ég var að gera og fannst það passa inn skrifstofuhúsgagnalínu fyrirtækisins. Mér líkar hugmyndafræði þeirra vel og lít á þetta sem virkilega gott tækifæri,“ segir Chuck. Í haust hefst nánari vöruþróun en borðið kemur opinberlega á markað fyrri hluta árs 2014. Chuck heldur þó réttinum til að gera sérútgáfur á hönnuninni hér heima.

Þetta er langt frá því að vera fyrsta rósín í hnappagat Chucks. Hann er hönnuður hins þekktu Giraffi-stóls og árið 2008 hlaut hann hin virtu Red Dot-verðlaun fyrir borðið Table 29. Chuck handsmíðar ætíð frumgerðir verka sinna og sömuleiðis húsgögn eftir pöntun. Samningur hans við Design House Stockholm þykir gott dæmi um ágæti DesignMatch.

„Kaupstefna Hönnunarmiðstöðvar og Norræna hússins, DesignMatch, hefur á fáum árum sannað tilveru sína. Þetta módel sem við notum virðist vera nokkuð einstakt og bæði kaupendur og hönnuðir kunna vel við fyrirkomulagið. Þessi samningur er mjög gott dæmi um það og merkilegur fyrir margra hluta sakir, ekki síst fyrir hve stórt og áhrifamið Design House Stockholm er í raun,“ segir verkefnastjóri HönnunarMars Greipur Gíslason.

■ vera@365.is

**HANDSMÍÐAR ALLAR FRUMGERÐIR** Hér má sjá handsmíðaða frumgerð borðsins



CHUCK MACK

### EINSTAKT

„Þetta módel sem við notum virðist vera nokkuð einstakt og bæði kaupendur og hönnuðir kunna vel við fyrirkomulagið.“

# HÖNNUN SEM STENST TÍMANS TÖNN

**TÍMALAUS HÖNNUN** Arne Jacobsen er einn þekktasti hönnuður allra tíma. Stólarnir hans eru enn í dag frægustu stólar heimsins.

**A**llir ættu að kannast við Arne Jacobsen, danska arkitektinn og vöruhönnuðinn sem hannað hefur þekktustu stóla heims.

Arne var gyðingur, fæddur árið 1902 í Kaupmannahöfn. Eftir menntaskóla ætlaði hann sér að verða listmálari en faðir hans hvatti hann til þess að fara í Konunglega danska listaháskólann að læra arkitektúr. Í skólanum skaraði Arne fram úr og vann til nokkurra verðlauna á meðan hann var enn nemandi.

Í seinni heimsstyrjöldinni neyddist Arne til þess að flýja Danmörku yfir til Svíþjóðar, þar sem hann var í felum í tvö ár og náði ekkert að hanna á meðan. Eftir það byrjaði Arne að blómstra.

Hann hannaði SAS-hótelið í Kaupmannahöfn, danska þjóðarbankann (Danmarks Nationalbank) og margar fleiri byggingar. Þekktastur er hann þó fyrir hönnun sína á húsgögnum en hann hannaði einn frægasta stól veraldar,

Eggið. Fleiri frægir stólar eftir hann eru Svanurinn, Sjöan og Gíraffinn. Sjöan er sá stóll sem flestar eftirlíkingar eru til af í öllum heiminum og segir það til um hvað 57 ára gömul hönnun Arne er tímalaus.



ARNE JACOBSEN

Einn virtasti arkitekt og hönnuður sem sögur fara af.



# 100% NÁTTÚRULEG - engin aukaefni!

Dolmio pastasósan er 100% náttúruleg. Hver krukka inniheldur 10 safaríka tómata og ítölsk krydd. Í Dolmio pastasósum eru engin aukaefni.



Hvenær er þinn DOLMIO dagur?

**DOLMIO**

## TÍSKUBLÓMIÐ

Hortensíur eru vinsælar í brúkaup og heima við.

### VINSÆLT

Hortensíur hafa verið mikið í tísku undanfarið, jafnt í skreytingum sem til pryði heima við. Hortensíur eru sérstaklega vinsælar í brúðkaupsskreytingar. Þær lífa utanhúss á sumrin. Hægt er að fá þær í mismunandi litum en bláar og skærgrænar hafa mest verið notaðar í skreytingar. Hortensíur voru stofublóm á íslenskum heimilum í áratugi. Á undanföllum árum hefur blómarekt í stofum minnkað verulega, en þess meira eru blómin höfð til skrauts á pallinum.



## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf  
Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða  
auglýsir lausar íbúðir.  
Reykjavík, Hafnar-  
fjörður, Selfoss,  
Porlákshöfn, Akranes.  
Gæluðyr velkomin.

Sjá [www.leigulidar.is](http://www.leigulidar.is)  
eða 517 3440

## Húsnæði í boði

101 Snorrabraut. 2 herb. íbúð. 68 m.  
Trygging. 140 þús. S. 860 0360

Meðleigjandi óskast/  
co-tenant needed

Björt og falleg 100 fm/4. herb. íbúð  
í Þingholtunum/101 Rvk. Looking  
for a reliable and orderly motivated  
co-tenant. Info: [blackpardus@yahoo.com](mailto:blackpardus@yahoo.com)  
s. 858 9444.

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu  
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu  
inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu  
samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Húsnæði óskast á verðbilinu 90-110  
þús á mánuði. Stúdíó, 2 eða 3 herb.  
Hægt að greiða einn mánuð fyrirfram.  
S. 779 1769

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**  
Til sölu sumarhúsalóðir í landi  
Möðruvalla 1 (Nordurnes) í Kjós.  
Nánari upplýsingar á [nordurnes.info](http://nordurnes.info) og  
sínum 5616521 og 8921938.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**  
Sér geymslur frá 5 til 17 m<sup>2</sup>. Aðgangur  
8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki -  
iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun.  
S: 564-6500.

## Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og  
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smíðavinna**  
Óska eftir smíðum, góð  
verkefnastaða.  
Uppl. s. 696 0558.

Óska eftir stýrimanni og vélstjóra á bát  
á rækjuveiðum. Aðeins vanur vélstjóri  
kemur til greina. Uppl. s. 898 0504.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

## Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt fritt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa fritt, 535-9922

## Heitar kynslögur

905-2002 • 535-9930

## Símadómur • live spjall

908-6000 • 535-9999

## Tilkynningar



FISKISTOFA

Leyfi til veiða á sæbjúgum  
fiskveiðiárið 2012/2013

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á  
sæbjúgum fiskveiðiárið 2012/2013, sbr. reglugerð nr.  
1051, 28. desember 2009, um veiðar á sæbjúgum, með  
síðari breytingum.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er  
að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og skulu þeim  
fylgja upplýsingar um veiðar umsækjenda á sæbjúgum  
þrjú síðustu fiskveiðiár.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2012.

Fiskistofa 30. júlí 2012

## NETFRELSI

Misstir þú af  
uppáhalds  
þættinum þínum?

Smelltu þér núna inn á [stod2.is](http://stod2.is) og horfðu á  
uppáhaldsþáttinn þinn hvar og hvenær sem  
þér hentar með Stöð 2 netfrelsi.

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir  
áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á  
eftirlætiþættina þína og fjölbreytta afþreyingu  
í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni  
- þegar þér hentar.



SNJALLSÍMI



SPJALDTÖLVA



TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | [STOD2.IS](http://STOD2.IS) | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**BYLGJAN 25**  
ARA  
989

**Heimir & Kolla**  
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur  
og frábær tónlist  
alla virka morgna  
kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og  
Gissur með fréttirnar

**FJÖLVARP**

**PIERS MORGAN**  
tonight

Alla daga kl. 19.00 og 01.00

Piers Morgan tók við af  
Larry King og er alla daga  
með þátt sinn á CNN þar  
sem hann spyr fræga og  
fina fólkið spjörnum úr og  
dregur ekkert undan.

CNN er fánleg í





ENNEAM / SIA / NMS546

## > Saman náum við árangri

Samskip óska handboltalandsliðinu og öllum íslensku ólympíuförunum góðs gengis á leikunum í London.

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip er stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

**samskip**

[www.samskip.is](http://www.samskip.is)

**krossgáta**

|    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|
| 1  | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 | 11 |    |
| 12 |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    | 15 |
| 16 |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |

**LÁRÉTT**

2. geð, 6. hljóm, 8. dvelja, 9. neitun, 11. númer, 12. ágóði, 14. gimsteinn, 16. tveir eins, 17. atvikast, 18. sníkju-dýr, 20. tveir eins, 21. fyrirhöfn.

**LÓÐRÉTT**

1. glápa, 3. mun, 4. annir, 5. sam-stæða, 7. sæfraud, 10. röst, 13. þak-brún, 15. snúra, 16. nögl, 19. átt.

**LAUSN**

reiðm, 16. kló, 19. sa.  
 LÖBTRÉTT: 1. góna, 3. ku, 4. annrki, 5. 17. ske, 18. lús, 20. íl, 21. ómak.  
 LÁRÉTT: 2. skap, 6. óm, 8. una, 9. par, 7. merskum, 10. íða, 13. ús, 15.

# Hræðilegt atvik úr bernsku

**BAKÞANKAR**  
**Jóns**  
**Sigurðar**  
**Eyjólfssonar**

Mikið hefur áunnist í öryggismálum barna frá því ég sleit barnsskónum. Þegar ég var ungur hrokkinkollur var eftirlit ekki neitt og kom því ýmislegt fyrir sem markað hefur mig fyrir lífstíð.

**PAR** ber hæst hræðilegt atvik sem gerðist um hábjartan sumardag þá er ég var sex ára að aldri. Vorum við nokkrir félagar á Bíldudal að byggja kofa í garðinum, eins og þá var móðins, þegar hættu bar að. Við vorum að negla fjalir við kofann þegar við sjáum tólf ára gamlar barnapíur að sunnan, hverja annarri sætari, koma hlaupandi í áttina til okkar og hrópa „kyssum þá!“

**HAFÐI** ég þá einu sinni smellt kossi á stúlku með hæðilegum eftirmála svo ég tók til fótanna. Var ég sprett-harður mjög en féll svo við þúfu. Áður en ég vissi var ég með hrúgu af reykvískum píum ofan á mér sem kysstu mig í framan líkt og geit-ungar sem rekast á mann á Melrakka-sléttu. Er skemmst frá því að segja að ég hef aldrei verið jafn hamingjusamur á ævinni.

**HEFUR** þessi atburður verið mér fjötur um fót á ýmsum þroskaskeiðum. Ég fór nefnilega mörgum árum síðar í bæinn og komst að því að þetta var svo sem ekkert algengt meðal borgarkvenna. Ég fór svo að venja komur mínar á diskótek en hvernig sem ég bar mig virtist kvenþjóðin alltaf jafn ólíkleg að taka á sprett. Var þetta mér mikið áfall.

**ÉG** hugleiddi að ræða þetta grafalvarlega mál við einhvern vin eða jafnvel sálfræðing en tilhugsunin um að útskýra þá böll að toppa í kvennámum áður en maður verður loðinn um punginn dró úr mér allan mátt. Nú er ég reyndar orðinn svo gamall að ég orna mér við þessa minningu án þess að græta það að hafa ekki litið himnasali öðru sinni. Þetta hræðilega atvik er eitthvað sem ég kalla hin seinni ár „lífið sjálft“.

**NÚ** er öryggi barna allt annað og betra. Nú fá sex ára pollar ekki að lyfta hamri nema undir handleiðslu þurrprumpa. Nú eru tólf ára stúlkur úr Reykjavík ekki sendar vestur á firði til að passa börn og uppgötva heiminn undur augn-liti hárra fjalla. Nú er lífið sjálft orðið fullorðins. Er nema von að þau aðhyllist Playstation?



**VINSÆLASTA MYND SUMARSINS!**



**græna ljósið**  
-betra bíó

Sýningum fjölgað í öllum bíóum til að anna eftirspurn. Sýningartímar og miðasala á [Miði.is](http://Miði.is)

BYGGÐ Á SANNRI SÖGU  
 François Cluzet Omar Sy  
**Intouchables**

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG BORGARBIÓI AKUREYRI

## myndasögur

**■ Pondus**

Eftir Frode Overli



**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



**■ Barnalán**

Eftir Kirkman/Scott



# ASUS FARTÖLVA

**HAGSTÆTT VERÐ  
FYRIR 10,1" ASUS  
FARTÖLVU VEGNA  
MAGNKAUPA!**

**SÉRSTAKT  
MAGNKAUPSVERÐ**

**59.990**

**AÐEINS KR. 5.514 Á MÁNUÐI**  
vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum  
er 3,5% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**Asus gæði og lág bilanatiðni**

Tölvulistinn hefur flutt inn fartölvur frá Asus í fjölda ára. Þær hafa reynst okkar viðskiptavinum einstaklega vel. Í rannsókn, framkvæmd af SquareTrade meðal 30.000 viðskiptavina var Asus með eina allra lægstu bilanatiðni af öllum stærstu fartölvuframleiðendum.

**Lengri ábyrgð og trygging fyrir óhöppum**

Asus kemur með 2 ára ábyrgð bæði á vinnu og varahlutum. Fyrir aðeins 14.995 má bæta við fartölvutryggingu sem lengir ábyrgðartímann í 3 ár og tryggir tölvuna einnig fyrir tjónum og þjófnaði á tímabilinu. Engin sjálfsábyrgð.

**ASUS** Asus EEE 1015BX

**10,1" fislétt fartölva sem vegur rúmlega kíló og er eins meðfærileg og fartölvur verða. Öflugri vinnsla og skjákort en almennt í sambærilegum vélum. AMD Brazos örgjörvi, AMD HD6250 skjákort og 320GB harður diskur. Allt að 7,5 klukkutíma rafhlöðuending.**

**Ein sú þægilegasta í glósumnar**

Ef þú ert að leita að tölvu til að fara með milli skólastofa til að glósa í tímum, þá er erfitt að finna meðfærilegri og léttari fartölvu. Það fer lítið fyrir henni og hún vegur ekki nema 1,26 kg.

**Hentar vel í hefðbundna vinnslu**

10" fartölvur henta almennt vel fyrir netið, myndbönd, ritvinnslu og verkefni sem krefjast ekki mjög þungrar eða grafískrar vinnslu. AMD Brazos örgjörvinn gerir hana sprækari en margar fartölvur í sama flokki. HD6250 skjákortið tryggir háskerpuafspilun á FullHD myndefni og hraðari grafíska vinnslu.

**Löng rafhlöðuending fyrir langa skóladaga**

Rafhlöðuendingin getur skipt miklu máli á löngum skóladegi eða ferðalagi. Rafhlaðan dugur í allt að 7,5 klukkustund.

**HDMI tengi**

HDMI tengi er á vélinni til að horfa á efni í sjónvarpinu, hlusta á tónlist í hljómtækjum og fá bestu möguleg gæði.

**Mikið geymslupláss í nettri tölvu**

Hægt er að geyma mikið magn af gögnum, tónlist, þáttum og kvikmyndum á 320 GB hörðum disk.

**Vertu í sambandi við umheiminn á Skype**

Innbyggð vefmyndavél í skjá, hægt er að hringja myndsimtöl á Skype eða öðrum forritum og vera þannig í sambandi við umheiminn á ferðalagi.

**STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS**



**OPIÐ  
10-18  
ALLA VIRKA DAGA**



**REYKJAVÍK**  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

**AKUREYRI**  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

**EGILSSTAÐIR**  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

**KEFLAVÍK**  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

**SELFOSS**  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

**HAFNARFJÖRÐUR**  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



**AUÐUR TILNEFND Í FRAKKLANDI** Velgengni Auðar Övu Ólafsdóttur í Frakklandi heldur áfram en bók hennar, Rígning í nóvember, hefur verið tilnefnd til FNAC-verðlaunanna sem starfsfólk bókaverslana þar í landi velur. Rígning í nóvember kom út á Íslandi 2004 en er ekki væntanleg í franskrí þýðingu fyrr en í haust. Lestrareintökum hefur hins vegar verið dreift í bókaverslanir. Afleggjarinn eftir Auði Övu hefur selst í um 200 þúsund eintökum í Frakklandi.

# KARLMANNLEGT PISS

Myndlist ★★★★★

## Hlandvættir

Guðmundur Thoroddsen

### Gallerí Þoka

Í glænýju gallerí í kjallara Hríms hönnunarhúss að Lauga-vegi 25 í Reykjavík, Gallerí Þoku, stendur núna yfir sýning Guðmundar Thoroddsen, Hlandvættir.

Þessi yfirskrift, Hlandvættir, gefur kaldhæðinn forsmekk af því sem koma skal, en hér má ímynda sér að sé á ferð útúr- snúningur á orðinu landvættir og aðeins háinu bætt við fyrir framan. Titillinn er líka mjög lýsandi fyrir sýninguna. Stórskornir karlar (hlandvættir) með myndarlegt hár og alskegg eins og hefur verið þó nokkuð í tísku síðustu misserin hér á Íslandi, eru í aðalhlutverki, sumir í pissukeppni en aðrir á vakt og standa vörð um galleríð og það sem þar fer fram (rétt eins og landvættirnir okkar gæta lands og þjóðar). Enn aðrir hlandvættir láta í sér heyra úr hátölurum en þar eru á ferð andar hlandvættanna sem „léttu og þyngja yfirbragðið eftir því sem á þeim liggur“, eins og sagt er frá í sýningarskrá.

Í miðju sýningarsalarins

standa fjórir litlir hlandvættir að pissa. Þetta eru litlar höggmyndir úr tré sem raða sér upp í kringum bikar sem unninn er úr hrossataði. Hvor sínum megin við þá uppstillingu í sínu horninu hvor eru tveir tréhausar af samskonar hlandvættum á stöplum. Annar er með mikið blátt hár og skegg, tóm augu, ofboðsleg eyru og þríhyrnt grænt nef. Sá til vinstri er eins nema hár og skegg eru rauðbrún og nefið karrýgult. Á lítið eitt flæðandi blekteikningum á veggjunum eru karlarnir enn á ferð, og aftur að kasta af sér vatni rétt eins og þeir sem standa í kringum bikarinn. Þessu til viðbótar hljóma fornlegir og nokkuð ógreinilegir söngvar og köll úr hátalara bak við tjald. Stundum eru þetta hvatningarhróp, eins og á íþróttakappleikjum, og stundum einhver óræðari hljóð. Allt þetta skapar þetta nokkuð frumstæða stemningu í salnum, eins og enduróm úr fornum síð.

Í sýningarskrá er talað um að hér sé á ferð sýning um hversdagsleg afrek karlmanna í gegnum aldirnar og vísað þar í pissukeppni, og karlmannlegan hárvöxt.

Tengingar við pissukeppni útrásarvíkinganna okkar og þeirra klappliðs sem og tengingar við kynjaumræðu síðustu

missera koma allar upp í hugann við skoðun sýningarinnar.

Tengingar við piss eru annars þó nokkrar í íslenskunni. Að pissa í skóinn sinn er skammgóður vermir, það er ekki gott að fá hland fyrir hjartað og maður getur pissað í sig af hrifningu og hræðslu. Piss getur einnig orðið karlmanninum til trafala, þegar klósettferðir fara að halda fyrir honum vöku á nóttinni, en lyf við slíku hefur verið í umræðunni nýlega.

Hlandið hefur einnig komið ítrekað við sögu myndlistarinnar. Skemmst er að minnast hlandkristis Andres Serrano, sem var ljósmynd af plastkrossi sem var búið að dýfa í skál fulla af hlandi listamannsins, og einnig vídeóverksins Circulator frá árinu 2002 eftir Hrafnkel Sigurðsson, en í verkinu pissar listamaðurinn látlaust upp í sig.

Það er sér-karlmannlegt að pissa fyrir næsta húshorn, þó það sé sannarlega ekkert stórkostlegt afrek, en á þessari sýningu er það upphafið. Góðlátlegt grín er gert að karlmennskunni um leið og hún er tónuð niður.

Þóroddur Bjarnason

**Niðurstaða:** Karlmaðurinn upphafinn og afbyggður um leið í haganlega gerðri sýningu.



**PISSAÐ Í KROSS** Hland hefur ítrekað komið við sögu myndlistarinnar eins og verk Andres Serrano og Hrafnkels Sigurðssonar sýna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónlist ★★★★★

## Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Söngkonurnar Elín Ósk Óskarsdóttir og Elsa Waage fluttu dúetta og einsöngsatriði. Peter Maté lék á píanó.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, 24. júlí

### Bjánahrollur

Ég var nýlega á tónleikum dauðarokksveitarinnar Lazyblood í Iðnó. Þeir voru skemmtilegir, en hávaðinn var gífurlegur. Sem betur fer var hægt að fá eyrnatappa á barnum. Annars hefði ég ekki þolað við.

Eyrynatappar hefðu átt að fylgja miðunum á tónleikana í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar síðastliðið þriðjudagskvöld. Þar tróð þó engin dauðarokksveit upp. Þetta voru tvær óperusöngkonur, Elín Ósk Óskarsdóttir og Elsa Waage.

Elín Ósk hefur í gegnum tíðina vakið verðskuldaða athygli fyrir mikla og kröftuga rödd. Röddin hefur nýst henni vel á óperusviðinu og komið ágætlega út í dramatískum hlutverkum. Í þínu-litlum sal Listasafns Sigurjóns (á stærð við rúmgóða stofu) hefði hún hins vegar þurft að beita röddinni öðruvísi. Leggja frekar áherslu á fínleg blæbrigði. Á mýktina, á undirölduna í tónlistinni.

Því miður var ekki svo. Elín Ósk þrumaði út úr sér hverri tónhendingunni á fætur annari. Hávaðinn var gífurlegur – og það án söngkerfis. Efstu tónarnir voru skerandi og óþægilegir áheyrnar. Auðvitað hjálpaði það ekki til að ég sat á fremsta bekk. En hljóðstyrkurinn hefur varla verið mikið minni á aftari bekkjum í svo litlum sal.

Eins og nærri má geta var útkoman ekki góð. Ekki þó bara vegna hávaðans. Það vantaði listfengi í túlkunina. Elín Ósk söng allt eins. Það var engin dýpt í tónlistarflutningnum. Ekkert sem var heillandi, enginn seiður. Músíkin var langt í burtu. Hér var ekki iðkuð list heldur íþrótt, og hún miðaðist við að hafa sem allra hæst.

Söngur Elsu Waage var mun áheyrilegri. Röddin var litríkari og þýðari. Túlkunin var oft spennandi og safarík. Röddin var líka dýpri, sem kom vissulega betur út í litlum sal. Hún var ekki svona skerandi. En burtséð frá tónsviðinu þá var rödd Elsu einfaldlega ómfegurri og í meira jafnvægi. Því miður fékk maður sjaldan að njóta söngs Elsu án Elinar þar sem dúettar voru aðallega á efnisskránni.

Þeir dúettar sem tilheyrðu óperum voru kryddaðir með leikrænum tilburðum. Söngkonurnar hefðu betur sleppt því. Leikurinn var tilgerðarlegur og ósannfærandi. Þarna vantaði skýringu á undan um hvað viðkomandi dúett snerist. Slíkar útskýringar hefðu sett leiktilburðina í skiljanlegt samhengi fyrir þá sem ekki þekktu dúettana. Því var ekki að heilsa og í staðinn fór um mann bjánahrollur hvað eftir annað.

Á píanóið spilaði Peter Maté. Hann gerði það af stakri fagmennsku. En það dugði engan veginn til að gera þessa tónleika skemmtilega. Jónas Sen

**Niðurstaða:** Grófur og óskáldlegur söngur gerði manni lífið leitt.

✓ 100% HREINN  
✓ ENGU BÆTT VIÐ  
✓ EKKERT TEKIÐ ÚT

PURE PINEAPPLE JUICE  
PURE ORANGE JUICE  
PURE APPLE JUICE

100% PURE PINEAPPLE DIRECTLY FROM THE SOURCE (1.0l)  
100% PURE ORANGES DIRECTLY FROM THE SOURCE (1.0l)  
100% PURE APPLES DIRECTLY FROM THE SOURCE (1.0l)

# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ



Keramík Helluborð ECT610AC  
Snertihnappar  
Sjálfvirkur suðubúnaður  
Barnalæsing  
Afl 6,5 kw

Verð áður 109.900,- kr  
**Verð nú: 79.900,- kr**



Span Helluborð IT614ASC  
Snertihnappar  
Tímastillir  
Sjálfvirkur suðubúnaður  
Barnalæsing  
Afl: 7,2 kw

Verð áður: 148.900,- kr  
**Verð nú: 119.900,- kr**



Bakarofn BO7510AX  
Flottur fjölkerfaofn með heitum blæstri  
65 L Nýtanlegt rými  
Snertiskjár  
Kjöthitamælir  
AquaClean létthreinsikerfi  
Hraðhitun

Verð áður: 164.900,- kr  
**Verð nú: 121.900,- kr**



FOÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA



ábyrgð sem hentar þér

ÞAÐ GERIST VARLA BETRA!

Kæli/frystir RK61821X  
Ryðfrítt stál  
Hæð 180 sm  
Orkuflokkur: A++  
Nýtanlegt rými kælis: 230 L  
Nýtanlegt rými í frysti: 92 L  
FreshZone Skúffa

Verð áður: 169.900,- kr  
**Verð nú: 134.900,- kr**

5 ÁRA ÁBYRGÐ



Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011  
Akureyri • Draupnigata 2 • Sími: 4600 800  
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

# RÖNNING

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á **mid.is**

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE GARY OLDMAN ANNE HATHAWAY TOM HARDY MARION COTILLARD JOSEPH GORDON-LEVITT MORGAN FREEMAN

**THE DARK KNIGHT RISES**

35.000 MANNS!

| SMÁRABÍÓ  | GLERAUGU SELD SÉR | 5% | HÁSKÓLABÍÓ                                   | NÁNAR Á MIÐLIS | 5% |
|---|-------------------|----|--|----------------|----|
| DARK KNIGHT RISES KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 9 - 11.30 |                   |    | ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL.5.50                   |                | L  |
| DARK KNIGHT RISES LÚXUS KL. 4.30 - 8 - 11.30 10   |                   |    | TED KL. 8                                    |                | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL.3.20 - 5.50                 |                   | L  | SPIDER-MAN 3D KL. 6 - 9                      |                | 10 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 3.20                       |                   | L  | INTOUCHABLES KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 |                | 12 |
| TED KL. 8 - 10.20                                 |                   | 12 | WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING KL. 10.25      |                | L  |
| SPIDER-MAN 3D KL. 5 - 8 - 10.50                   |                   | 10 | BORGARBIÓ                                    | NÁNAR Á MIÐLIS |    |
|   |                   |    | ÍSÖLD 3D KL. 5.50                            |                | L  |
|   |                   |    | TED KL. 8 - 10.10                            |                | 12 |
|   |                   |    | SPIDERMAN 3D KL. 10.10                       |                | 10 |
|   |                   |    | INTOUCHABLES KL. 5.50 - 8                    |                | 12 |

HLUTI AF HVERJUM SELDUM BIÓMIÐA ALLAN JÚLÍ - rennur til Barnaheilla

**mid.is** LAUGARÁS BÍÓ

Miðasala og nánari upplýsingar [www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is)

-bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10.20

35.000 MANNS!

| LAUGARÁSBIÓ               | Sýningartímar      |
|---------------------------|--------------------|
| THE DARK KNIGHT RISES     | 3.50, 7, 10.20(P)  |
| TED                       | 5.50, 10.15        |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI  | 3.50, 6, 8, 10, 10 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4                  |

**SAMBÍÓIN** **SAMBIO.IS**

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE GARY OLDMAN ANNE HATHAWAY TOM HARDY MARION COTILLARD JOSEPH GORDON-LEVITT MORGAN FREEMAN

**STÆRSTA MYND ÁRSINS**

EMPIRE ★★★★★ KVIKMYNDIR.IS ★★★★★

SEÐ OG HEYRT HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★

**THE DARK KNIGHT RISES**

| SAMBÍÓIN ALFABAKKA                                       | SAMBÍÓIN EGILSHÖLL                               |
|--|--|
| THE DARK KNIGHT RISES kl. 2-4:30 - 5:30 - 6-8-9-10-10:20 | DARK KNIGHT RISES 1-2-4-5-6-7-8-9-10:10-11:10 2D |
| DARK KNIGHT RISES VIP kl. 2-6-10                         | TED kl. 5:40-10:30 2D                            |
| MAGIC MIKE kl. 3:40-5:50-8-10:10                         | MAGIC MIKE kl. 8 2D                              |
| DREAMHOUSE kl. 8   | ÍSÖLD 4 kl. 2-4 3D                               |
| MADAGASCAR 3 kl. 1:30-3:40-5:50                          | MADAGASCAR 3 kl. 1-3 2D                          |
| MADAGASCAR 3 kl. 1:30-3:40                               | UNDRALAND IBBA kl. 1:30                          |
| UNDRALAND IBBA kl. 1:30                                  | DARK KNIGHT RISES kl. 5:30-6-9-10 2D             |
| MAGIC MIKE kl. 8-10:20                                   | MAGIC MIKE kl. 8-10:20 2D                        |
| MADAGASCAR 3 kl. 5:50                                    | MADAGASCAR 3 kl. 5:50 3D                         |
| DARK KNIGHT RISES kl. 7-10:20                            | MAGIC MIKE kl. 8-10:20 2D                        |
| LOL kl. 6  | DARK KNIGHT RISES kl. 10:30                      |
| DREAM HOUSE kl. 8-10:20                                  | DREAMHOUSE kl. 8-10 2D                           |

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

**April 2008** Tökur á fyrstu Twilight-myndinni hefjast.

**Mai 2009** Kristen hættir með Angarano og leikstjóri Twilight, Catherine Hardwicke, segir í viðtali ekki útilokað að hún sé að slá sér upp með Robert.

**Nóv 2009** Önnur Twilight-myndin, New Moon, er frumsýnd. Parið neitar enn að tjá sig um sambandið en myndir nást af þeim leiðast á flugvælinum í París.

**Júní 2010** Þriðja Twilight-myndin, Eclipse, kemur út. Kristen og Rob gefa enn ekkert út um meint samband sitt.

**Nóvember 2008** Fyrsta Twilight-myndin er frumsýnd og orðrómur um ástarsamband Kristen og Roberts tröllriður öllu, þó Kristen hafi verið í sambandi með Michael Angarano.

**Ágúst 2009** Myndir nást af Kristen og Rob á Kings of Leon tónleikum í Vancouver þar sem þau kela og eru mjög innileg.

**Júní 2010** Parið vinnur aftur verðlaun fyrir besta kossinn á MTV Movie Awards og leikur sama leikinn og ári áður.

**Júlí 2012** Viðtal við Robert birtist í Blackbook-tímaritinu þar sem hann slær á orðróm um að brúðkaup sé í vændum, að minnsta kosti á næstunni.

**Nóv 2011** Fjórða Twilight-myndin, Breaking Dawn Part 1 er frumsýnd.

**Ágúst 2011** Tökur á myndinni Snow White and the Huntsman hefjast.

**April 2011** Myndir nást af þeim í blautum kossi í bíl á leið í frumsýningarparty myndar Roberts, Water for Elephants, í New York.

**Mai 2012** Mjallhvítarmyndin er frumsýnd og sést Kristen skemmta sér í Berlín með Rupert og restinni af Mjallhvítarhópnum.

**Okt 2011** Kristen kallar Rob kærastann sinn í fyrsta skipti, í viðtali við tímaritið GQ. Þegar hún er spurð nánar út í það segir hún „látið ekki svona, þetta er svo augljóst.“

**Mai 2011** Kristen sést viðra hund Roberts á meðan hann er á ferðalagi.

**17. júlí 2012** Kristen hittir Rupert Sanders á heitu stefnumóti í Los Angeles og myndir nást af þeim í ástarlotum úti á götu og í bifreið leikkonunnar.

**22. júlí 2012** Parið mætir á 2012 Teen Choice verðlaunahátíðina. Eftir hátíðina á Kristen að hafa sagt Robert frá framhjáldinu.

**25. júlí** Kristen og Rupert gefa út yfirlýsingar og jata á sig verknaðinn. Robert er sagður hafa flutt út af heimili þarsins í Los Angeles.

**12. júlí 2012** Parið sér ekki sólinna hvort fyrir öðru á blaðamannafundi Comic Con í San Diego þar sem þau kynna næstu Twilight-mynd, Breaking Dawn - Part 2.

**19. júlí 2012** Kristen og Rob mæta á tónleika Bobby Long í L.A. þar sem ástin leynir sér ekki og þau geta hvorki haft augun né hendurnar hvort af öðru.

**24. júlí** US Weekly varpar sprengru þegar tímaritið birtir lostafullar myndir af Kristen og Rupert frá fundum þeirra viku áður.

**nóv 2012** Síðasta Twilight myndin, Breaking Dawn - Part 2 er væntanleg í kvikmyndahús.

# AÐDÁENDUR GRÁTA MEÐ ROBERT PATTINSON

Fátt kemst að í slúðurheimum þessa dagana annað en fréttir af framhjáaldi Kristen Stewart, 22ja ára og Rupert Sanders, 41 árs. Sanders leikstýrði Stewart í myndinni Snow White and the Huntsman sem kom út í maí, en myndir af kossflensi þeirra rötuðu á síður US Weekly í vikunni og hafa valdið miklu fjaðrafoki.

Robert Pattinson, kærasti Stewart og sálufélagi úr Twilight-myndunum sívinsælu, er sagður vera niðurbrotinn maður í kjölfar fréttanna og heimildarmaður náinn honum telur ólíklegt að hann muni fyrirgefa kærustunni svikin. Enn hefur Robert ekki tjáð sig um málið en bæði Kristen og Rupert hafa sent út yfirlýsingar þar sem þau segjast miður sín, biðjast afsökunar og kenna dómgreindarleysi og stundarbrjálæði um verknaðinn. Rupert Sanders á tvö börn með eiginkonu sinni til fimmtán ára, fyrirsætunni Liberty

Ross, en hún birtist í Mjallhvítarmyndinni þar sem hún lék unga móður Mjallhvítar sem leikin var af Stewart. Æstir Twilight addáendur hafa farið offari á vefnum og jafnvel gengið það langt að taka upp tilfinningaþrungin myndbönd sem innihalda tár, reiði og skilningsleysi á því hvernig þetta mesta ástarsamband sem kvikmyndahúsin hafa séð á undanförunum árum geti átt svo sorglegan endi. Spurningin sem brennur á vörum flestra er samt klárlega: Hver heldur fram hjá Robert Pattinson? [tinnaros@frettabladid.is](mailto:tinnaros@frettabladid.is)

Tónlist ★★★★★

**Ýmsir flytjendur**

Bara grín!

**Sena**

**Tilvalin í ferðalagið**

Á safnplötunni Bara grín! eru 56 grínatriði á tveimur diskum, lög og sketsar. Safnið spannar fjórutíu ár. Elsta efnið er með Útvarpi Matt-hildi, en það nýjasta með Steinda Jr. Þetta er ekta fjölskylduþlata, það er eitthvað fyrir alla, bæði börn og fullorðna, þó það hlæi kannski ekki allir að sömu atriðunum.

Flestir helstu grínfrömuðir Íslands koma við sögu hér: Halli og Laddi, Fóstbræður, Rádiusbræður, Tvíhöfði, Spaugstofumenn, Baggalútur, Sniglabandið, Haukur Hauksón, Ómar Ragnarsson, Jörundur Guðmundsson, Gísli Rúnar Jónsson, Bessi Bjarnason, Ari Eldjárn og fleiri.

Þarna eru líka mörg fræg atriði: Ég á afmæli sjálfur með Jörundi, Í sælgætislandi með Glámi og Skrámi, Úlpan með Fóstbræðrum, Íbúð til sölu með Kaffibrúsakörnlunum, Góður morðstýr með Harry og Heimi, Snjalli mongólitinn með Tvíhöfða, How Do You Like Iceland? með Baggalúti, Bransasögunar hans Steinda og svo framvegis.

Á heildina lítið er Bara grín! hin besta skemmtun. Hún er fullkomin í bilinn til að stytta ferðalöngum stundirnar og hún á örugglega líka eftir að endurvekja áhuga margra hlustenda á gömlu íslensku gríni. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Veglegur grínþakki sem sameinar kynslóðirnar.



MEÐ STUDNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS

Miðasala: 412 7711 ■ [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) / [mid.is](http://mid.is) ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

**HEIMSRUMSÝNING!** Frábær sálfræðitryllir í anda The Sixth Sense

**ROBERT DE NIRO | SIGOURNEY WEAVER**  
**RED LIGHTS**

**JACK BLACK SLÆR Í GEGN SEM**  
**BERNIE**

MÁNUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLATHOR 18:00 ■ COOL CUTS: JAR CITY 20:00 ■ COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC 22:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00

**BÍÓ PARADÍS - HEIMILI KVIKMYNDANNA**

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

## Leikur í kvikmynd

Söngkonan Lady Gaga þreytir frumraun sína í kvikmyndaleik í kvikmynd leikstjórans Robert Rodriguez, Machete Kills. Kvikmyndin er framhald hasarmyndarinnar Machete frá árinu 2010.

Rodriguez sagði frá þessu á Twitter-síðu sinni. „Var að klára að vinna með Lady Gaga við gerð Machete Kills. Hún var alveg frábær!“ Hann birti einnig kynningarveggspjald myndarinnar á síðu sinni. Stutt seinna staðfesti söngkonan fréttirnar á Twitter-síðu sinni. „Það er satt. Frumraun mín sem leikkona verður í hinni mögnuðu Machete Kills.“

Leikkonan hefur einhverja reynslu af leiklist því hún hefur brugðið sér í hin ýmsu líki í tónlistarmyndböndum sínum í gegnum tíðina.



LEIKUR Í KVIKMYND Lady Gaga leikur í sinni fyrstu kvikmynd. NORDICPHOTOS/GETTY

## Keira vill breyta til

Leikkonan Keira Knightley sagði í viðtali við Empire Magazine að hún væri orðin þreytt á frægðinni og vildi bráðlega fara að einbeita sér að minni og listrænni kvikmyndum.

„Það koma tímar þegar maður hugsar: „Í hvers konar myndum gæti ég leikið sem gera mér kleift að lifa eðlilegu líf?“ og stóru smellirnir gera það vissulega erfitt. Mér finnst gaman að leika í stórsmellum, en þeim fylgir margt sem ég á erfitt með að takast á við. Ef fyrirsæta birtist í auglýsingaherferð verður hún ekki óörugg á götum úti eftir það,“ sagði leikkonan sem hlaut heimsfrægð eftir leik sinn í kvikmyndaröðinni um sjóræningja



VILL BREYTA TIL Keira Knightley vill breyta til og leika í minni kvikmyndum. NORDICPHOTOS/GETTY

Karabíska hafsins. Knightley er um þessar mundir við tókur á kvikmyndinni Can a Song Save Your Life.



FÉKK ÓVÆNTA VEISLU Casper Smart kom Jennifer Lopez á óvart á afmælisdegi hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fékk hálsmen að gjöf

Jennifer Lopez fagnaði 43 ára afmæli sínu á miðvikudag. Casper Smart, kærasti Lopez, gaf henni demantshálsmen og bleikan bangsa í afmælisgjöf.

Smart skipulagði einnig óvænta afmælisveislu fyrir söngkonuna sem fór fram um borð á snekkju og voru Mary J. Blige og Benny Medina á meðal veislu-gesta. Afmælisbakkan er sögð hafa verið bleik bangsakaka og hafði Smart einnig séð um að panta hana. Afmælisbarnið og gestir hennar dónsuðu og skemmtu sér langt fram á nótt.

## Campbell í sjónvarpið

Fyrirsæturnar Karolina Kurkova og Coco Rocha hafa gengið til liðs við Naomi Campbell og verða þátttakendur í nýjum sjónvarpsþætti þeirrar síðastnefndu. Ljósmyndarinn Nigel Barker, sem þekktur er úr America's Next Top Model, verður þáttastjórnandinn.

Sjónvarpsþættirnir nefnast The Face og svipar til The X Factor-þáttanna. Fyrirsæturnar þrjár munu þjálfa hóp stúlka og kenna þeim tókin á tísku-bransanum. Ein stúlka stendur að lokum uppi sem sigurvegari og fær að launum samning við alþjóðlegt tískumerki.

Í SJÓNVARP Naomi Campbell stýrir sjónvarpsþætti sem nefnist The Face.



## Pottþétt par!

Þegar leiðir þeirra lágu saman í fyrsta skipti hér á Íslandi, fyrir einhverjum 60 árum síðan þá vakti það sömu hughrif hjá öllum. Coca Cola og Prince Polo voru sköpuð fyrir hvort annað. Ekkert mun koma upp á milli þeirra. Enn þann dag í dag eru þau uppáhalds snarl-tvenna Íslendinga.

Dekraðu við þig, leyfðu þér að kynnst þessu einstaka pari. Coke og Prince – hleyptu ástinni inn fyrir varirnar og leyfðu henni að blómstra.





**ÁSGEIR SIGURGEIRSSON** endaði í fjórtánda sæti í keppni í loftskammbýssu á Ólympíuleikumum á laugardaginn. Ásgeir fékk 580 stig af 600 mögulegum og jafnaði þar með sinn besta árangur á alþjóðlegu mótí. Hann var aðeins þremur stigum frá því að komast áfram í átta manna úrslitin. „Þetta var samkvæmt mínum allra björtustu vonum og ekki annað hægt en að vera ánægður með þetta,“ sagði Ásgeir. „Auðvitað hefði verið gaman að fara áfram í átta manna úrslit en ég er enn að safna reynslu.“

**BREIÐABLIK** **1-0** **IBV**  
Kópavogsvöllur, áhorf.: 748 Gunnar Jarl Jónsson (7)

**1-0 Nichlas Rohde (35.)**  
**Skot (á mark):** 10-5 (5-2)  
**Varin skot:** Ingvar Þór 1 - Abel 4

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 6 - Gísli Páll Helgason 6, Þórður Steinar Hreiðarsson 6, Renee Troost 7, Kristinn Jónsson 7 - Finnur Orri Margeirsson 6, Andri Rafn Yeoman 6, Tómas Óli Garðarsson 7 (81. Jökull 1 Elísabetarson -) - Árni Vilhjálmsson 5 (73. Rafn Andri Haraldsson -), Haukur Baldvinsson 6 (64. Ben Everson 5), **\*Nichlas Rohde 8.**

**IBV (4-3-3):** Abel Dhaira 5 - Arnór Eyvar Ólafsson 5, Matt Garner 6, Rasmus Christiansen 4, Þóririnn Ingi Valdimarsson 3, Guðmundur Þórarinnsson 6 - George Baldock 5, Ian David Jeffs 5 (60. Eyþór Helgi Birgisson 5) - Tryggvi Guðmundsson 4 (64. Andri Ólafsson 5), Tonny Mawejje 3 (83. Viðir Þorvarðarson -), Christian Steen Olsen 5.

\* MADUR LEIKSINS

**FYLKIR** **3-3** **STJARNAN**  
Fylkisvöllur, áhorf.: 1017 Erlendur Eiríksson (6)

**0-1 Ellert Hreinsson (10.), 1-1 Jóhann Þórhallsson (33.), 1-2 Mark Doninger (38.), 2-2 Davíð Þór Ásbjörnsson (63.), 2-3 Halldór Orri Björnsson (72.), 3-3 Ingimundur Niels Óskarsson (82.)**  
**Skot (á mark):** 6-14 (5-6)  
**Varin skot:** Bjarni Þórður 2 - Ingvar 2

**FYLKIR (4-4-2):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Elís Rafn Björnsson 5, Davíð Þór Ásbjörnsson 6, Finnur Ólafsson 5, Kjartan Ágúst Breiðdal 5 - Ingimundur Niels Óskarsson 7, Ásgeir Borkur Ásgeirsson 5, Oddur Ingi Guðmundsson 6, Tómas Jóhannsson 5 - Björgólfur Takefusa 6 (84. Magnús Þórir Matthíasson -) Jóhann Þórhallsson 6 (89. Rórik Andri Þorfinnsson -)

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 3 - Jóhann Laxdal 6, Tryggvi Steinn Bjarnason 4, Daniel Laxdal 5, Hörður Arnason 4 - Alexander Scholz 5, **\*Halldór Orri Björnsson 7,** Atli Jóhannsson 6, Kennie Chopart 6 (67. Gunnar Örn Jónsson 6), Ellert Hreinsson 6, Garðar Jóhannsson 5 (35. Mark Doninger 6)

\* MADUR LEIKSINS

**SELFLOSS** **0-1** **KR**  
Selflossvöllur, áhorf.: 588 Kristinn Jakobsson (7)

**0-1 Matthías Guðmundsson (58.)**  
**Skot (á mark):** 13-9 (4-4)  
**Varin skot:** Duracac 3 - Ólafur Þór 4

**SELFLOSS (4-2-3-1):** Ismet Duracac 6 - Endre Ove Brenne 6, Hafþór Prastarson 7, Bernard Petrus Bronz 6, Marko Hermo 4 - Babacar Sarr 6, Jon Andre Royrane 6 (68 Egill Jónsson 6) - Tómas Leifsson 7 (90 Magnús Ingi Einarsson), Jón Daði Böðvarsson 5, Ólafur Karl Finsen 8 (68 Moustapha Cisse 4) - Viðar Örn Kjartansson 7

**VALUR (4-5-1):** Ólafur Þór Gunnarsson 6 - Jónas Tór Næs 6, Atli Sveinn Þórarinnsson 7, Halldór Kristinn Halldórsson 7, Matarr Jobe 7 - **\*Matthías Guðmundsson 8** (78 Hörður Sveinsson), Kristinn Frey Sigurðsson 7, Guðjón Pétur Lýðsson 6, Rúnar Már Sigurjónsson 7, Þórir Guðjónsson 6 (82 Hafsteinn Briem) - Kolbeinn Kárasón 6

\* MADUR LEIKSINS

## PEPSI-DEILDIN

| STADAN Í DEILDINN | KR | FH | Stjarnan | IBV | Fylkir | Breiðablik | Valur | ÍA | Keflavík | Fram | Selfoss | Grindavík |
|-------------------|----|----|----------|-----|--------|------------|-------|----|----------|------|---------|-----------|
|                   | 12 | 7  | 3        | 2   | 24-15  | 24         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 11 | 7  | 2        | 2   | 29-12  | 23         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 13 | 5  | 7        | 1   | 28-22  | 20         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 12 | 6  | 2        | 4   | 21-12  | 20         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 13 | 5  | 5        | 3   | 19-22  | 20         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 13 | 5  | 4        | 4   | 11-14  | 19         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 13 | 6  | 0        | 7   | 17-17  | 18         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 12 | 5  | 3        | 4   | 19-23  | 18         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 12 | 4  | 3        | 5   | 19-18  | 15         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 12 | 4  | 0        | 8   | 15-19  | 12         |       |    |          |      |         |           |
|                   | 13 | 2  | 2        | 9   | 13-26  | 8          |       |    |          |      |         |           |
|                   | 12 | 1  | 3        | 8   | 15-30  | 6          |       |    |          |      |         |           |

**NÆSTU LEIKIR Í DEILDINN**

|                      |                        |
|----------------------|------------------------|
| Fram - FH            | Í kvöld kl. 19.15      |
| Keflavík - Grindavík | Í kvöld kl. 19.15      |
| KR - ÍA              | Í kvöld kl. 20.00      |
| IBV - KR             | Mið. 8. ágúst kl.18.00 |
| ÍA - Fylkir          | Mið. 8. ágúst kl.19.15 |
| FH - Selfoss         | Mið. 8. ágúst kl.19.15 |
| Grindavík - Fram     | Mið. 8. ágúst kl.19.15 |
| Valur - Breiðablik   | Mið. 8. ágúst kl.19.15 |
| Stjarnan - Keflavík  | Mið. 8. ágúst kl.20.00 |

Allt um leiki gærkvöldsins er að finna á **VÍSIR.IS**



KLÁR Í SLAGINN Í KVÖLD Ragna Ingólfssdóttir verður í kvöld fyrsta badmintonkonan til að keppa á tveimur leikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÉG ÖSKRA BARA Á MÓTI

Ragna Ingólfssdóttir hefur í dag leik á Ólympíuleikumum í Lundúnum en í kvöld mætir hún litháískum keppanda. Hún er nú að keppa á sínum öðrum leikum en með sigri í kvöld brýtur hún blað í sögu badmintons á Íslandi.

**ÓL2012** Ragna Ingólfssdóttir hefur í dag leik á Ólympíuleikumum í Lundúnum en hún mætir í kvöld Akvile Stapusaityte frá Litháen í fyrri leik sínum í F-riðli einliða-leiks kvenna í badminton.

Hún mætir svo Jie Yao frá Hollandi á morgun en einn kemst áfram úr hverjum riðli í 16-manna úrslitin. Yao er ein sextán sterkustu keppanda mótsins sem var raðað í riðlana og hefur Ragna aldrei mætt henni áður. Hún hefur hins vegar unnið Stapusaityte í öll fjögur skiptin sem þær hafa mæst.

**Leiðinleg inn á vellinum**

Hún kann þó ekkert sérstaklega við þá litháisku. „Hún er frekar leiðinleg inn á vellinum – óskrar mikið og er ekkert mjög viðkunnanleg. Ég hlakka ekki neitt sérstaklega mikið til að spila við hana en það er bara verkefni sem ég þarf að leysa. Ég óskra bara á móti,“ sagði hún í léttum dúr.

Hún græðir á því að viðureign hennar við Yao sé sú síðasta í riðlinum. „Ég get séð leikinn þeirra og punktað eitthvað hjá mér um Yao. En hún er mjög góð

– fædd í Kína en spilar fyrir Holland. Hún hefur alltaf verið ofarlega á Evrópumeistaramótum.“

**Á möguleika að komast áfram**

Ragna hefði getað fengið mun erfiðari riðil og á sannarlega möguleika á að komast áfram. Sjálf er hún í 81. sæti heimslistas, þrettán sætum fyrir ofan Stapusaityte en talsvert fyrir neðan Yao, sem er í því 20.

En Ragna er reynslunni ríkari eftir að hafa keppt í Peking fyrir fjórum árum og er í mjög góðu líkamlegu standi. Hún segir markmiðið einfalt.

„Ég ætla bara að reyna að vinna hvern einasta leik. Ég fékk þennan riðil og í sanni sagt veit ég ekki hversu mikla möguleika ég á að fara áfram. Ólympíuleikar eru svo allt öðruvísi en öll önnur mót og því ætla ég bara að nálgast þetta eins varlega og ég get – taka bara eitt stig fyrir í einu. Það er hægt að æfa mikið og undirbúa sig eins vel og kostur er en staðreyndin er sú að maður hefur ekki hugmynd um hvað biður manns þegar fyrsti leikurinn hefst.“

Ragna segir að undirbúningurinn hafi gengið vel eftir að hún kom í Ólympíuþorpið í síðustu viku. Að vísu er sá galli að keppnishöllin, Wembley Arena, er í um 90 mínútna akstursfjarlægð frá Ólympíugarðinum.

„Það var langt að fara á æfingar fyrstu dagana en á laugardaginn færði ég mig yfir á hótél sem er mun nær höllinni. Þar verð ég á meðan badmintonkeppnin stendur yfir en kem svo aftur í þorpið,“ sagði hún.

Viðureign Rögnu og Stapusaityte hefst klukkan 18.42 í dag og á Ragna þar með möguleika á að verða fyrsta íslenska badmintonkonan frá upphafi til að vinna viðureign á Ólympíuleikum, en Íslendingar kepptu fyrst í greininni á Ólympíuleikum árið 1992.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**

fjalla um ÓL 2012 eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is



EYGLÓ ÓSK Synti í fyrsta sinn á Ólympíuleikum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Eygló Ósk nærri Íslandsmeti: Tók út stressið

**ÓL2012** Eygló Ósk Gústafsdóttir synti í sinni fyrstu grein af fjórum á Ólympíuleikumum í Lundúnum í gær. Hún keppti í 100 metra baksundi og var aðeins sjö hundraðshluta frá Íslandsmeti sínu. Hún synti á 1:02,40 mínútu sem skilaði henni í 32. sæti.

„Auðvitað langaði mig að fara hraðar en þetta var samt mjög fínt,“ sagði hún eftir sundið í gær. „Ég var mjög stressuð fyrir sundið en leið svo mjög vel í lauginni. Það var fínt að taka allt stressið út í þessari grein.“

Í dag keppir hún í 200 metra fjórsundi en besta greinin hennar er 200 metra baksund, sem hún keppir í á fimmtudaginn. „Þetta er allt á réttri leið hjá mér enda búin að æfa mjög vel. Það kemur svo bara í ljós hvað gerist.“ - esá

## Íslendingar á ÓL 2012

**MÁNUDAGINN 28. JÚLÍ**  
**10.45: 200 m fjórsund kvenna**  
**Eygló Ósk Gústafsdóttir**, 2. riðill  
**18.09: Badminton kvenna**  
**Ragna Ingólfssdóttir** mætir Akvile Stapusaityte frá Litháen.

## TÖLFRÆÐIN

**Ísland-Argentína 31-25 (15-14)**

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9 (11), Ólafur Stefánsson 6/4 (9/4), Róbert Gunnarsson 4 (5), Ingimundur Ingimundarson 3 (3), Arnór Atlason 3 (4), Aron Pálmarsson 3 (9), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Alexander Petterson 1 (6),  
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 12/3 (19/4, 63%), Björgvin Páll Gústavsson 11 (29/4, 38%),  
**Hraðauppflaup:** 13 (Guðjón Valur 7, Ingimundur 3, Ásgeir Örn 2, Aron) - Argentína 4  
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 2, Arnór 2)  
**Mörk Argentínu (skot):** Diego Simonet 5 (9), Guido Riccobelli 4 (4), Federico Fernandez 4/2 (7/3), Sebastian Simonet 4 (9), Andrés Kogovsek 3 (3), Federico Pizarro 3/3 (5/5), Gonzalo Carou 1 (2), Damián Miguéles 1 (4), Juan Manuel Vazquez (1), Pablo Portela (1), Federico Vieyra (6),  
**Varin skot:** Matias Schulz 9 (30/2, 30%), Fernando Garcia 6 (16/2, 38%).

Íslenska landsliðið í handbolta vann sex marka sigur á Argentínu í fyrsta leik sínum á Ólympíuleikumum:

# Nú þurfum við að taka upp boxhanskana

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska handboltalandsliðinu unnu sinn fyrsta leik á Ólympíuleikumum í gær þegar þeir mættu Argentínunum í þriðja sinn á rúmri viku, 31-25. Ísland hafði spilað tvo æfingaleiki við Argentínu fyrir leikana og það borgaði sig, því strákunum tókst að gera nóg til að hafa betur gegn hættulegum andstæðingi.

„Skylduverkið var kannski að spila þennan fyrsta leik en eins og við sáum þá er Argentína ekki með lélegt handboltalið. Sá sem heldur því fram veit bara ekkert um handbolta,“ sagði Arnór Atlason ákveðinn en hann byrjaði í stöðu leikstjórnanda í gær í fjarveru Snorra Steins Guðjónssonar.

Snorri Steinn spilaði svo síðustu 20 mínútur leiksins og gerði það ljómandi vel, enda sigu strákarnir fram úr á lokakaflanum og unnu öruggan sex marka sigur.

Hreiðar Levý Guðmundsson

spilaði einnig síðustu 20 mínúturnar og var valinn maður leiksins. Enda varði hann tólf skot, þar af þrjú víti, og fór á kostum.

„Það er ótrúlega gaman að þetta sé komið í gang aftur. Við erum búnir að bíða eftir þessu síðan við töpuðum fyrir Frökkum í Peking fyrir fjórum árum síðan. Það var frábært að spila í þessari æðislegu höll og við filuðum okkur vel. Aðalmálið er þó að við fengum tvö stig,“ sagði Arnór.

Það gekk þó á ýmsu hjá íslenska liðinu sem á heilmikið inni fyrir næstu leiki. „Það er alltaf eitthvað sem má laga en heilt yfir erum við sáttir. Við fengum nú varla sókn þar sem við vorum sex gegn sex í fyrri hálfleik og við áttum stundum í erfiðleikum með að finna dauðafærin. En það er samt fínt að skora 31 mark.“

Landsliðsjálfarinn Guðmundur Guðmundsson skrifaði slæma byrjun Íslands í leiknum á sviðs-



HREIÐAR LEVÝ FAGNAR Lokaði íslenska markinu í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skrekk. „Menn eru búnir að bíða eftir þessu í fjögur ár og undirbúa sig í allt sumu fyrir þennan fyrsta leik. Svo komum við í þorpið og var biðin eftir þessum leik erfið, sem og óvissan vegna meisdli þeirra Arons, Snorra og Ólafs Bjarka.“

Hann var þó sáttur við leikinn, þó að ýmislegt megi bæta. „Það vildu allir gefa allt sitt í leikinn en til að byrjað með vantaði meiri grimmd í leikmenn. Menn voru hikandi og þess fyrir utan virtist ólánið elta okkur – við misstum öll fráköst út af eða til þeirra auk þess sem dómarnir dæmdu mikið á okkur.“

Næst spilar Ísland gegn Túnis í fyrramálið og á Arnór von á erfiðari leik en gegn Argentínu. „Við mættum Túnis í Frakklandi og það var ekki auðvelt. Þeir eru líkamlega mjög sterkir og við þurfum nú að taka upp boxhanskana. Það verða slagsmál og læti.“ - esá



Notaðu Citroën  
bráðvantar á söluskrá.  
Nýttu gott tækifæri.  
Skiptu gamla uppí nýjan.

Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8 í dag. Opið kl. 9-17.



# Veldu Citroën C3 Frelsið er franskt

Nýttu þér frelsi þitt til að velja og hafna á eigin forsendum. Skoðaðu franskan valkost. Komdu í Brimborg Bildshöfða 8 og prófaðu flottan og sparneytinn Citroën C3 dísil.

Citroën C3 er ekta franskur bill. Tákngevingur nútímafrelsis og hreyfanleika. Citroën C3 dísil er sparneytinn og visthæfur og CO<sub>2</sub>-losun er aðeins 93g/km. Citroën C3 fær því frítt í stæði í 90 mínútur í Reykjavík og lækkar bifreiðagjöldin. Stop/Start spartæknin sparar pening á rauðu ljósi. Citroën C3 er sparneytinn og notar aðeins 3,6 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri.

**Fallegur.** Línur og lögun Citroën C3 dísil er einstaklega glæsileg. Sjáðu hvernig aukabúnaður eins og Zenith framrúðan opnar þér nýjan heim, framandi og munúðarfulla veröld að fagurfræði innanýmisins.

**Þægilegur.** Citroën C3 dísil er einstaklega lipur bill í borgarumferð og aksturseiginleikarnir eru framúrskarandi. Í C3 finnur þú þægindi sem aðeins Citroën getur státað af.

**Vel útbúinn.** Kynntu þér ítarlegan staðalbúnað og forvitnilegan aukabúnað í Citroën hjá ráðgjöfum okkar. Hafðu þinn Citroën sérsniðinn að þínum þörfum.



Aðeins 93g CO<sub>2</sub>.  
Fáðu frítt í stæði  
í Reykjavík

**Citroën C3 Seduction**  
5 dyra, 1,6 eHDI 92 hestöfl og 5 gíra  
**Kaupverð 2.790.000 kr.**  
Mánaðargreiðsla 28.350 kr.\*  
Hlutfallstala kostnaðar 8,7%




Tökum allar tegundir notaðra  
bíla upp í nýjan Citroën

Citroën er leiðandi í framleiðslu dísilvéla. Kjóstu C3 og um leið fallega hönnun og rekstrarhagkvæmni.



**Sjáðu Citroën. Spyrðu um  
fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.**

Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8 í dag.  
Aktu Citroën til móts við nýtt samfélag.



Öruggur staður til að vera á



**NICHLAS ROHDE** Tryggði Blikum þrjú stig í gær í sínum fyrsta leik með Kópavogslíðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Blikinn Nichlas Rohde: Sigurmarkið í fyrsta leiknum

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann í gær frábæran sigur á ÍBV, 1-0, á Kópavogsvelli í 13. umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. Nichlas Rohde, nýr leikmaður Breiðabliks, gerði eina mark leiksins en með sigrinum stöðvöðu Blikar sex leikja sigurgöngu ÍBV í deildinni.

Blikar voru virkilega sprækir í leiknum í gær og sóknarmenn liðsins lögðu mikið á sig. Varnarleikurinn var til fyrirmyndar og fín bragur á lærisveinum Ólafs Kristjánssonar, þjálfara Breiðabliks. Það vantaði aftur á móti allan neista í lið Eyjamanna og þar á bæ féllu menn á prófinu um að stimpla sig fyrir alvöru í toppbaráttu deildarinnar.

„Þetta var frábær leikur fyrir mig persónulega, að skora og ná í sigur í fyrsta leik,“ sagði Nichlas Rohde, leikmaður Breiðabliks eftir sigurinn í gær.

„Ég hafði fengið þrjú góð færi sem markvörður þeirra varði vel en loksins datt þetta fyrir mig og boltinn endaði í netinu.“

Rohde er danskur og kom á láni til félagsins frá Nordsjælland en hann er fæddur árið 1992.

„Gæðin á knattspyrnunni virðast vera fín hér á landi en ég var einnig virkilega jákvæður áður en ég kom til landsins. Ég hlakka til næstu leikja og það er alltaf markmiðið að skora í hverjum leik.“

# FYRSTI GR-INGURINN Í 27 ÁR

Haraldur Franklín Magnús úr GR og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni urðu í gær Íslandsmeistarar í golfi eftir æsispennandi keppni og mikla dramatík á lokadegi Íslandsmótsins í högguleik á Strandarvelli á Hellu.

**GOLF** 27 ára bið GR-inga eftir Íslandsmeistaratitli er loksins á enda. Haraldur Franklín Magnús, 21 árs kylfingur afrekaði í gær það sem öllum karlkylfingum GR hefur mistekist frá árinu 1985 – að verða Íslandsmeistari í golfi.

Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni varð Íslandsmeistari kvenna en hún var að taka stóra titilinn í annað skiptið á ferlinum því hún vann hann líka í Grafarholtinu 2009. Það var mikil spenna í bæði karla- og kvennaflokki og dramatíkin mikil á lokaholunum ekki síst hjá konunum þar sem þrjár kylfingar skiptust á að hafa forystuna á síðustu holunum.

Haraldur Franklín Magnús og Keilismaðurinn Rúnar Arnórsson háðu einvígi um titilinn og voru báðir að spila frábært golf. Í lokin munaði aðeins einu höggi á þeim félögum, Haraldur lék á sjö höggum undir pari en Rúnar var á sex höggum undir pari.

Rúnar fékk fugl á þrettánda holunni og var í framhaldinu með eitt högg í forskot en allt snerist þetta síðan á sextánda holunni. Haraldur Franklín fékk fugl á henni og komst sjö höggum undir samanlagt en á sama tíma tapaði Rúnar höggi og var því kominn sex höggum undir par. Sá munur hélst síðan til loka og Haraldur fagnaði sigri með félögum sínum í GR sem flestir voru búnir að biða lengi eftir þessari stund. GR átti líka manninn í þriðja sæti; Þórð Rafn Gissurarson. Haraldur Franklín Magnús er tvöfaldur meistari í ár því hann varð einnig Íslandsmeistari í holukeppni fyrir sumar.

### Búinn að ímynda sér þetta í 4 ár

„Ég var búinn að ímynda mér það í svona fjögur ár að ég gæti unnið þetta,“ sagði Haraldur Franklín Magnús sigurreifur í viðtali við Sigurð Elvar Þórólfs-son á Stöð 2 Sport skömmu eftir að hann fékk Íslandsbikarinn í hendurnar.

„Ég fékk vissulega engan skolla á hringnum en ég var heldur ekki að fá mikið af fuglum,“ sagði Haraldur Franklín sem átti



ÍSLANDSMEISTARNIR Í GOLFÍ 2012 Haraldur Franklín Magnús úr GR og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni. MYND/GSÍMYNDIR.NET

möguleika á að fá fugla á bæði 13. og 14. holunni en tókst ekki. „Ég var ekkert smá svekktur að ná ekki fuglum þarna því þá var hann einu höggi á undan mér en ég náði honum síðan,“ sagði Haraldur Franklín.

„Ég er ógeðslega sáttur með þetta,“ sagði Íslandsmeistarinn sem er á leiðinni í nám til Bandaríkjanna. Hann eltir þar Íslandsmeistarann frá því í fyrra til Mississippi en það er farið að skapast hefð fyrir því að Íslandsmeistarinn í golfi gangi til liðs við golflið Mississippi State University. „Ég ætla að klára skólann fyrst en svo get ég farið að pæla eitt-hvað í atvinnumenskunni,“ sagði Haraldur.

### Tilfinningin alveg jafngóð

„Þetta er frábært og tilfinningin er alveg jafngóð og í fyrsta skiptið,“ sagði Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni við Sigurð Elvar Þórólfs-son á Stöð 2 Sport eftir að Íslandsmeistaratitilinn var í höfn í annað skiptið á ferlinum. Dramatíkin var mikil í kvennaflokki og um tíma leit út fyrir að umspil myndi ráða úrslitum.

## LOKASTAÐAN

### MEISTARAFLOKKUR KARLA

|                                  |    |
|----------------------------------|----|
| 1. Haraldur Franklín Magnús, GR  | -7 |
| 2. Rúnar Arnórsson, GK           | -6 |
| 3. Þórður Rafn Gissurarson, GR   | -4 |
| 4. Andri Þór Björnsson, GR       | +1 |
| 5. Ólafur Björn Loftsson, NK     | +2 |
| 5. Kristinn Óskarsson, GS        | +2 |
| 7. Axel Bóasson, GK              | +3 |
| 7. Birgir Leifur Halþórsson, GKG | +3 |
| 9. Andri Már Óskarsson, GHR      | +4 |
| 10. Sigmundur Einar Másson, GKG  | +5 |

### MEISTARAFLOKKUR KVENNA

|                                     |     |
|-------------------------------------|-----|
| 1. Valdís Þóra Jónsdóttir, GL       | +13 |
| 2. Anna Sólveig Snorraddóttir, GK   | +14 |
| 3. Tinna Jóhannsdóttir, GK          | +14 |
| 4. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK   | +16 |
| 5. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR | +17 |
| 6. Signý Arnórsson, GK              | +22 |
| 7. Eygló Myrta Óskarsdóttir, GO     | +23 |
| 7. Guðrún Pétursdóttir, GR          | +23 |
| 9. Ragnhildur Sigurðardóttir, GR    | +25 |
| 9. Karen Guðnadóttir, GS            | +25 |

Valdís Þóra háði þar rosalega keppni við Keiliskonurnar Önnu Sólveigu Snorraddóttur og Tinnu Jóhannsdóttur sem voru á endanum einu höggi á eftir.

Anna og Tinna voru báðar mjög nærri því að setja niður þútt á lokaholunni sem hefði tryggt þeim umspil á móti Valdís Þóru. Anna vann síðan Tinnu í umspili um annað sætið.

„Ég var aldrei búin að missa trúna á þessu því þetta var bara eitt högg sem vantaði upp á. Ég á eftir að berja hausnum í vegg yfir hvað í andskotunum ég var að gera á fimmtánda og sextánda,“ sagði Valdís Þóra sem var nálægt því að kasta frá sér sigrinum með því að fá tvo skramba í röð. Hún kom hins vegar sterk til baka og tryggði sér sigurinn með því að leika síðustu tvær holurnar á pari.

„Það datt fram og til baka í lokin. Tinna tapaði höggi á 17. holunni og svo Anna á 18. holunni. Ég náði að redda þarinu á báðum holum sem var fínt,“ sagði Valdís en hún var að keppa á sínu fyrsta móti í sumar.

„Ég var aðeins lengur úti í skóla í Bandaríkjunum en er búin að vera að æfa á fullu. Það er fínt að byrja sumarið hérna heima svona,“ sagði Valdís Þóra að lokum. ooj@frettabladid.is

## Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka 18. ágúst



### Hlaupum til góðs

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagsi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

### Skráning hafin á maraþon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningar-nætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.


Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 15 ár

Íslandsbanki

**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**



**BÓNUS**



*Pökk fyrir að velja Bónus*

**Lægra vöruverð í 23 ár**  
**BÓNUS 1989 - 2012**

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL Hér færðu veititengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



> Stöð 2 kl. 20.50  
Suits

Fjörð heldur áfram í þáttaröðinni *Suits á Stöð 2* í kvöld. Harvey og Louis þurfa að vinna saman í máli gegn fjárfestingafyrirtæki en eru ekki alveg sammála um hvernig þeir eigi að bera sig að. Á meðan þarf Mike að fást við tölvuhakkara sem hótar að upp-ljóstra leyndarmáli hans.



# dagskra



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SPÁIR Í BARNAEFNI

# Ljúfsár þrá eftir Línu Langsokk

Þegar ég var barn fannst mér allt úr smíðju Astridar Lindgren stórkostlegt. Ég las flestar bækur hennar og voru Elsku Mió minn og Bróðir minn Ljónshjarta í sérstöku uppahaldi ásamt sögunni um ræningja-dótturina Ronju. Amma mín, sem var sænsk, átti líka gott safn af VHS-spólum með gömlu þáttunum um Línu Langsokk (sem var annað uppahald) og ég horfði oft og reglulega á þá þætti þegar amma var heimsótt. Þegar ég fletti í gegnum þetta



magn af sjónvarpsstöðvum sem ég er áskrifandi að í dag kemur iðulega yfir mig sú tilfinning að barnaefnið í dag sé ekki jafn gott og það sem ég horfði á. Það er hávært, litríkt og örvandí – og ekki á góðan máta. Ég gæti þó haft rangt fyrir mér og ekki er útilokað að tilfinningar mínar stjórnist af ljúfsári fortíðarþrá. Eins gæti þetta verið hækkanði aldur; taktföst tónlist og skær ljós verða leiðinlegri með hverju árinu sem klínist á mig.

## RÚV

- 09.00 Ólympíuleikarnir - Sund
- 10.40 Ólympíuleikarnir - Strandblak
- 12.20 Ólympíuleikarnir - Handbolti (Suður-Kórea - Danmörk (kvk))
- 13.40 Ólympíuleikarnir - Blak (Serbía - Suður-Kórea (kvk))
- 15.10 Ólympíuleikarnir - Skotfimi
- 15.30 Ólympíuleikarnir - Fimleikar
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Fréttir og veður
- 18.20 Ólympíuleikarnir - Fimleikar
- 18.30 Ólympíuleikarnir - Sund
- 20.05 Ólympíuleikarnir - Dýfingar
- 21.15 Castle (17:34) (Castle)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Veðufréttir
- 22.30 Liðsaúkin (27:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit sem er send um alla Danmörk til að hjálpa lögreglu á hverjum stað að upplýsa erfið mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.30 Kvíksjá: Stuttmyndir Kvík-myndaskólans Sigríður Pétursdóttir kynnr stuttmynd eftir nemendum skólans.
- 23.31 Yfirborð Stuttmynd eftir Stefán Friðrik Friðriksson.
- 23.53 Trúlausn (Religion Release) Örstutt dansmynd eftir Ásgrím Mía Friðriksson.
- 00.00 Njósnaeildin (5:8) (Spooks VIII) (e)
- 00.55 Fréttir
- 01.05 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 08.00 Tooth Fairy
- 10.00 10 Items of Less
- 12.00 Shark Bait
- 14.00 Tooth Fairy
- 16.00 10 Items of Less
- 18.00 Shark Bait
- 20.00 My Blueberry Nights
- 22.00 Fast Food Nation
- 00.00 Prête-moi ta main
- 02.00 Black Sheep
- 04.00 Fast Food Nation
- 06.00 Harold & Kumar Escape From Guantanamo

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.45 Malcolm in the Middle (5:25)
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (110:175)
- 10.15 Chuck (16:24)
- 11.00 Smash (4:15)
- 11.45 Falcon Crest (1:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (31:40) (32:40)
- 15.00 ET Weekend
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 Friends (3:25)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Simpson-fjölskyldan (11:22)
- 19.40 Arrested Development (6:13)
- 20.05 Glee (16:22)
- 20.50 Suits (8:12) Ferskir spennuþættir á léttum nótum um hinn eitursnjalla Mike sem hefur haft lífíbrauð sitt af því að taka margvisleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Hann nær að útvega sér vinnu hjá einum af bestu og harðsírúðustu lögfræðingunum í New York, Harvey Specter, sem sér í honum möguleika sem geta nýst lögfræðistofunni vel.
- 21.35 Silent Witness (12:12)
- 22.30 Supernatural (22:22) Fjórdá þáttaröðin af yfirmáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirmáttúrulegar furðuskepnur.
- 23.10 Two and a Half Men (22:24)
- 23.35 The Big Bang Theory (13:24)
- 23.55 How I Met Your Mother (16:24)
- 00.20 Bones (4:13)
- 01.05 Girls (7:10)
- 01.30 Weeds (1:13)
- 02.00 NCIS (13:24)
- 02.45 V (5:12)
- 03.30 Chuck (16:24)
- 04.15 Suits (8:12)
- 05.00 Friends (3:25)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 15.05 Tvöfaldur skolli
- 15.45 Íslandsmótið í högggleik Útsending frá lokahringnum á Íslandsmótinu í högggleik sem fram fer á Strandavelli á Hellu. Þetta er stærsta golfmót ársins á Íslandi og allir bestu kylfingar landsins taka þátt.
- 19.45 Pepsi-deildin 2012
- 22.00 Pepsi-mörkin
- 23.10 Pepsi-deildin 2012
- 01.00 Pepsi-mörkin

## SPORT 2

- 17.45 Chelsea - Arsenal
- 19.30 PL Classic Matches: Arsenal - Leeds
- 20.00 Man. Utd. - Man. City 20.09.09
- 20.30 Blackburn - Bolton
- 22.15 Man. City - Tottenham

## EXTRA

- 19.30 The Doctors (168:175)
- 20.15 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 Dallas (7:10)
- 22.30 Rizzoli & Isles (7:15)
- 23.15 The Killing (12:13)
- 00.00 Treme (4:10)
- 01.00 60 mínútur
- 01.45 The Doctors (168:175)
- 02.25 Íslenski listinn
- 02.50 Sjáðu
- 03.15 Fréttir Stöðvar 2
- 04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 Million Dollar Listing (8:9) (e)
- 16.45 Minute To Win It (e)
- 17.30 Rachael Ray
- 18.15 The Ricky Gervais Show (7:13) (8:13) (e)
- 19.05 America's Funniest Home Videos (26:48) (e)
- 19.30 Mad Love (1:13) (e)
- 20.00 Will & Grace (7:24) (e)
- 20.25 One Tree Hill (3:13)
- 21.10 Rookie Blue (3:13) Nýstárlegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti. Þáttunum hefur m.a. verið líkt við Grey's Anatomy nema í veröld löggæslumanna. Nýliði stendur frammi fyrir síðferðislegu álitamáli og þarf að taka stóra ákvörðun út frá sinni sannfæringu sem gæti komið honum í klandur.
- 22.00 Camelot (8:10) Ensk þáttaröð sem segir hina sigildu sögu af galdrakarlinum Merlin, Arthúri konungi og riddurum hringborðsins. Stjórnur þráttaröð sem sam-einar spennu og drama, rammað inn af klassískri riddarasögu.
- 22.50 Jimmy Kimmel (e)
- 23.35 Law & Order (20:22) (e)
- 00.20 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny (8:8) (e)
- 00.45 The Bachelor (9:12) (e)
- 02.15 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (4:4) 11.10 Golfing World 12.00 RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (3:4) 15.00 The Honda Classic 2012 (3:4) 18.00 Golfing World 18.50 RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 US Open 2000 - Official Film 23.50 ESPN America

## N4

- 18.00 Að norðan

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Albert 14.00 Fréttir 14.03 Rússneski pianóskólinn 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Leyndardómar byflugnanna 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Að apa og skapa 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Sveiflan sem sigraði heiminn 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 20.00 Leynifélagið 20.30 Bankað upp á 21.30 Kvöldssagan: Þrifugasta kynslóðin 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Söngleikir okkar tíma 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

## BBC entertainment

- 08.25 The Inspector Lynley Mysteries 09.55 Deal or No Deal 10.35 EastEnders 11.05 Extreme Makeover: Home Edition 11.45 QI 12.45 Keeping Up Appearances 13.50 My Family 14.50 The Best of Top Gear 15.40 QI 16.40 Extreme Makeover: Home Edition 17.20 The Graham Norton Show 18.10 QI 19.10 The Best of Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 Peep Show 21.10 Twenty Twelve 21.40 Rev 22.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 22.55 The Best of Top Gear 23.50 Live at the Apollo

## DR 1

- 06.15 Garfield 06.25 SommerSummerum 07.30 OL 2012 08.00 OL 2012 09.45 OL 2012 10.10 OL 2012 10.50 OL 2012 11.00 OL 2012 11.40 OL 2012 12.00 OL 2012 13.00 OL 2012 13.10 OL 2012 15.30 OL 2012 16.30 TV Avisen 17.00 OL 2012 18.30 OL 2012 20.00 OL 2012 21.05 Kommissær Janine Lewis 22.15 Damages 22.50 Damages 23.30 Arvingen til Glenbogle 04.00 Noddy 04.10 Sprutte-Patruljien 04.25 Kære Sebastian 04.50 Olivia 05.00 Skæg med bogstaver 05.20 Sprutte-Patruljien 05.30 Trolberi

## NRK 1

- 07.00 OL morgen 09.00 OL i London 09.50 OL i London 10.00 NRK nyheter 10.05 OL i London 11.00 OL i London 11.45 OL i London 12.40 OL i London 13.00 NRK nyheter 13.05 OL i London 14.15 OL i London 15.00 NRK nyheter 15.10 OL i dag 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Tegnspråknytt 16.00 OL i London 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 OL-studio med Anne Rimmen 18.25 OL i London 20.00 OL i London 21.40 Kveldsnytt 21.50 London by night 22.45 OL i London

## svt1

- 07.30 OS i London 08.00 OS i London 11.00 OS i London 13.00 OS i London 15.00 OS i London 15.30 OS i London 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 OS i London 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 OS i London 18.30 OS i London 21.30 OS i London 21.45 OS i London 22.15 OS i London 03.30 OS i London 04.00 Rapport 04.05 Regionala nyheter 04.25 Gomorron Sverige

## INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 3 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldum íslenskt

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |                      |                      |                     |                         |                       |
|------------------|---------------------|----------------------|----------------------|---------------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957        | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan     | FM 100,5 Kaninn         | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 93,5 Rás 1       | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið         | FM 99,4 Útlarp Saga | FM 102,2 Útlarp Latibær | FM 105,5 Útlarp Boðun |



# Láttu draumagarðinn verða að veruleika

## Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söluheld Steypustöðvarinnar í síma

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



**STEYPUSTÖÐIN**  
Sterkari lausnir

- |                                   |                           |                                |                                     |                                       |
|-----------------------------------|---------------------------|--------------------------------|-------------------------------------|---------------------------------------|
| Hringhelli 2<br>221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8<br>800 Selfoss | Malarhöfða 10<br>110 Reykjavík | Berghólabraut 9<br>230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400<br>www.steypustodin.is |
|-----------------------------------|---------------------------|--------------------------------|-------------------------------------|---------------------------------------|

**ÚTILÍF**

**30%** **AFSLÁTTUR**  
**AF ÖLLUM TJÖLDUM**

**TJÖLDIN FÁST Í GLÆSIBÆ**

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

# Fetar í fótspor Alexanders McQueen

Aníta Hirlekar útskrifaðist með BA í fatahönnun frá virta listaháskólanum Central Saint Martins í London í síðustu viku og hefur fengið inngöngu í eftirsóknarvert meistaranám hans. Sama nám hefur verið stökkipallur fyrir þekktu hönnuði á borð við Alexander McQueen.

„Við vorum fjórar úr bekknum sem komust inn af sautján sem sóttu um,“ segir Aníta og telur að 10 til 15 grunnnámsnemar skólans hafi komist inn í meistaranámið. Fyrir utan McQueen námu John Galiano, Paul Smith, Sarah Burton og Stella McCartney við skólann.

Aníta útskrifaðist af fatahönnunarbraut með áherslu á mynstur. Útskriftarlínan er þó ekki byggð á þrykkingu mynsturs heldur þæfi hún blúndu, ull og ýmis efni saman.

Grunnnámið náði yfir fjögur ár og fór eitt þeirra í starfsnám fyrir tiskuhús Christian Dior og Diane Von Furstenberg.

Útskriftarsýningin fór fram í júní og fékk hún að taka þátt í stærri sýningu. „Allir sýndu í skólanum en daginn eftir voru ég og 42 aðrir valdir úr þessum rúmlega 140 manna hópi til að sýna á flottari tiskusýningu fyrir fjölmiðla. Það komu eiginlega allir þangað, eins og Vogue, Style.com og Catwalking.com,“ segir hún.

Flikur Anítu hafa vakið nokkra athygli. Veftímaritið Afflante birti umfjöllun og Rough Online notaði kjól í myndarætti sínum The

Graduate. „Það eru fleiri verkefni á dagskrá. Þessi stílisti hefur látið mynduð aðra kjóla og þeir birtast í myndatökum. Tímaritið ID hefur einnig verið í sambandi og fékk kjól í myndatöku en ég veit ekki hvað þeir gera,“ segir hún.

Aníta sýnir næstu útskriftarlínu í febrúar 2014. „Útskriftarnemar meistaranámsins sýna oft á London Fashion Week og ég stefni allavega á það,“ segir hún.

-hpt

ANÍTA hefur vakið nokkra athygli fyrir útskriftarlínu sína frá Central Saint Martins og fengið inngöngu í meistaranám skólans.



„Mér finnst best að grilla heimatilbúna hamburgara. Ég set meðal annars jalapeno-ost, chilli-pipar og beikonkex í hakkið til að gera þá sterka og góða. Svo hef ég kartöflur í ofni með.“

Ólafur Halldór Ólafsson, ritstjóri tónlistarsíðunnar Straum.is.

Ný uppskriftasíða  
www.heilsurettir.is



Búðu til þína  
uppáhaldsuppskrift  
með Hælsans Kök  
grænmetisréttum



LEIFUR WELDING: ÉG HEF ALDREI TITLAÐ MIG HÖNNUÐ

## Útlitið skiptir nánast jafn miklu máli og maturinn

„Ég lærði húsasmíði á sínum tíma og hef í raun aldrei titlað mig hönnuð – ég bara framkvæmi,“ segir Leifur Welding sem er í dag einn vinsælasti innanhúshönnuður landsins. Leifur hefur komið að útlitshönnun um tuttugu veitingastaða á landinu og verður ekki uppiskroppa með verkefni í bráð.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og með námi vann ég hjá fyrirtæki sem hét A. Karlsson. Ég vann í hús-gagnadeildinni sem seldi aðallega til veitingastaða og hótela. Viðskiptavinirnir spurðu mig ráða varðandi hitt og þetta og svo vatt þetta upp á sig og allt í einu var ég farinn að hanna

heilu kaffihúsin,“ rifjar Leifur upp. Hann hóf síðar nám við Háskólann á Bifröst og á sama tíma stofnaði hann hönnunarverslunina Saltfélagið ásamt öðrum. Hann seldi hlut sinn í verzluninni árið 2007 og hefur síðan þá helgað sig hönnunarstarfinu.

Inntur eftir því hvað þurfi til að veitingastaður virki segir Leifur staðina standa og falla með hugmyndinni á bak við þá. „Ég sest niður með eigendunum og saman vinnum við að grunnhugmynd, svo er hannað utan um hana. Maður hannaði í raun utan um reksturinn,“ útskýrir Leifur og bætir við að umhverfi veitinga-

### VINSÆLIR STAÐIR SEM LEIFUR HANNAR

Meðal þeirra staða sem Leifur hefur hannað eru Fiskfélagið, Sjávarkjallarinn, Grillmarkaðurinn, UNO, SushiSamba, Roadhouse, Lifandi markaður, Geysir Haukadal, Sushigryfjan, Kaffi Atlanta og hinn nýuppgerði Fjalaköttur. Hann hannaði einnig Steikhúsið við Tryggvagötu sem opnar bráðlega.

staða skipti gesti nú næstum jafn miklu máli og maturinn sjálfur. Að hans sögn hefur mikil breyting orðið á veitingarekstri hér á landi síðustu sjö árin og leggi fólk mikinn metnað í innviði staðanna. „Samkeppnin er orðin svo mikil og þess vegna verða menn að hafa staðina einstaka, bæði í mat og umhverfi.“

Þegar Leifur er að lokum spurður að því hvort hann verði aldrei uppiskroppa með hugmyndir er hann fljótur til svars: „Ég hef í það minnsta ekki orðið uppiskroppa ennþá,“ segir hann hlæjandi. „Ég lifi og hrærist í þessu og þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Ég reyni líka að ferðast mikið til að fá innblástur og til að safna upplifunum.“

sara@frettabladid.is



### VINSÆLL HÖNNUÐUR

Leifur Welding er einn vinsælasti innanhúshönnuður landsins í dag. Hann hefur hannað útlit yfir fimmtán veitingastaða.

## Fyrst kvenna í stjórn IMAGO

„Það er mjög skemmtilegt að takast á við þá ábyrgð að vera fyrsta kona stjórnarinnar. Í flestum löndum eru kvikmyndatökumenn karlkyns en með hverju árinu eykst fjöldi kvenna, það er kvikmyndatökukvenna, í þessu skemmtilega starfi,“ segir kvikmyndatökukonan Birgit Guðjónsdóttir sem braut blað í sögu Sambands evrópskra kvikmyndatökumanna í febrúar þegar hún var kjörin fyrst kvenna í stjórn félagsins frá upphafi.

Sambandið ber heitið European Federation of Cinematographers og er skammstafað IMAGO. Birgit var kjörin fyrir BVK, félag kvikmyndatökumanna í Þýskalandi. Hún er einnig meðlimur IKS, félags íslenskra kvikmyndatökustjóra.

Birgit fæddist á Íslandi og ólst hér upp til 7 ára aldurs. Þá fór hún á flakk en leitaði til Íslands á unglingsárunum. Fljótt fór hún aftur á vit ævintýrana sem leiddu til alþjóðlegra starfa við kvikmyndatöku. Nú hefur hún búið í rúman áratug í Berlín og kennir við helstu kvikmyndaskóla Þýskalands. Hún hefur kvikmyndað bæði kvikmyndir og heimilda-



KVIKMYNDATÖKUKONA Birgit hefur látið til sín taka á sviði kvikmyndatöku undanfarið ár og myndað fjölda kvikmynda og heimildamynda.

mynd og unnið að stórmyndum á borð við Goodbye Lenin og The Bourne Supremacy. Þá kvikmyndaði hún nokkra þætti Lög-regluhundsins Rex og hlaut Gullna

túlpanann á kvikmyndahátíðinni í Ístanbul í Tyrklandi í fyrra fyrir kvikmyndatöku á þarlandu kvikmyndinni Our Grand Depart.

-hpt

Við berum út sögur af frægu fólki

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séd og heyrnt

Póstdreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BESTU BROTTIN  
ÚR ÞÁTTUM FM 957



vísir  
-oft á dag



Sæktu um lykil núna á ob.is

# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

# -6 kr.

Í DAG MEÐ ÓB-LYKLINUM  
Á ÓB- OG OLÍS-STÖÐVUM



## ÍSL 31-25 ARG



Íslenska karlalandsliðið í handbolta hafði sigur í sínum fyrsta leik á Ólympíuleikunum í gær þegar það lagði lið Argentínu með 6 marka mun. ÓB býður því lykilhöfum afslátt af eldsneyti sem nemur markamismuninum. Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.

Ólympíuleikur 

- Giskaðu og þú getur unnið



Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og kynntu þér skemmtilegan leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti!



Afsláttur gull-, silfur- og bronslykils bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur vegna markatölu bætist ekki við annan afslátt.



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Öflug sólarupprás

Gleðin var við völd á Bræðslunni í Borgarfirði eystri um helgina og sóttu um 2.000 til 3.000 manns hátíðina að sögn tónlistarmannsins Magna Ásgeirssonar, sem var Bræðslustjóri ásamt bróður sínum Áskeli Heiðari. Fjallabráður komu austur á land frá heimahögum sínum á Vestfjörðum og héldu tónleika á laugardeginum. Að sögn Magna létu þeir það ekki duga heldur sungu við sólarupprás klukkan fjögur á hömrinum við sjóinn. Einn Vestfirðinganna sagði þá klökkur: „Þetta er alveg eins og heima nema þetta snýr öfugt.“



#### Glanni Glæpur kíkti á hvalina

Hundruð manna komu saman við sjávarsíðuna í Njarðvík um helgina til að fylgjast með grindhvalavöðunni sem þar öslaði upp við landsteina. Þeirra á meðal voru nokkrir valinkunnir Íslendingar sem nýttu sér veðurbliðuna og gerðu sér dagamun. Þeirra á meðal voru fréttahaukurinn Bogi Ágústsson, listakonan Edda Heiðrún Bachmann og leikarinn og spéfuglinn góðkunnir Stefán Karl Stefánsson, sem margir þekkja úr hlutverki Glanna Glæps í Latabæ.



-hpt. - þj

#### Mest lesið **vísir**

- 1 Lík fjallgöngumanna fundin
- 2 Fjórir létust af einni eldingu
- 3 Hvers vegna villast grindhvalir upp að landi?
- 4 Undarlegt að Sæferðir séu eina fyrirtækið sem er kært
- 5 Náttúrufræðistofnun kærir Sæferðir vegna bágborins...

# rekkjan

## SÆNGURFATA UTSALA!

## SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI

# SÍÐUSTU DAGAR!

## MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.

## 50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

## 40% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

### ÓTRÚLEGT TILBOÐ! GRAYSTONE

King Size (193x203 cm.)

Fullt verð 402.500 kr.


NÚ 249.900 kr.

39% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 152.600 kr.

ADEINS  
**7**  
RÚM

NÝ BÓK  
FRÁ  
HUGLEIKI



ÉG LÉT SEM ÉG SOFI  
EN SAMT MUN ÉG VAKA.

www.forlagid.is